# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

45. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 22. FEBRÚAR 2017


## Sala á allt að 50% í Arion að klárast




Ríkið hefur forkaupsrétt að Arion banka ef Kaupþing hyggst selja hlut í bankanum á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Bandarískir fjárfestingasjóðir og lífeyrissjóðir áforma að kaupa 40 til 50 prósent í Arion banka af Kaupþingi. Samkomulag við erlendu sjóðina er langt komið og ættu viðskiptin að klárast á næstu vikum. Söluandvirðið gæti verið allt að 90 milljarðar og færi nánast allt til ríkisins.**

**VIÐSKIPTI** Kaupþing vinnur nú að því að ganga frá sölu á 40 til 50 prósenta hlut félagsins í Arion banka í lokuðu útboði til bandarískra fjárfestingasjóða og íslenskra lífeyrissjóða. Kaupverðið mun þá nema á bilinu 70 til 90 milljörðum íslenskra króna en væntingar eru um að viðskiptin verði kláruð á allra næsta vikum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Söluandvirðið færi í að gera upp 84 milljarða veðskuldabréf sem Kaupþing gaf út til íslenska ríkisins í ársbyrjun 2016. Kaupþing vildi ekkert tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

Kaupsamningar við bandarísku sjóðina eru mjög langt komnir en áformað er að fjórir fjárfestingasjóðir kaupi allt að 25 prósenta hlut í bankanum. Að minnsta kosti tveir þessara sjóða – Taconic Capital og Och-Ziff Capital – eru jafnframt á meðal kröfuhafa Kaupþings. Enginn einn þeirra verður með meira en 10 prósenta hlut í Arion banka en Taconic Capital hyggst vera með stærsta einstaka eignarhlutinn á meðal sjóðanna. Sá vogunarsjóður er langsamlega umsvifamestur í kröfuhafahópi Kaupþings og átti í lok síðasta árs um 40 prósent allra krafna á hendur félaginu. Sjóðirnir bíða núna meðal annars eftir samþykki Seðlabankans vegna áforma um útgáfu afleiðusamninga til að verja sig gagnvart gengisþróun krónunnar í tengslum við fyrirhuguð kaup í bankanum.

**87 milljarðar**

**er kaupverðið ef 50% hlutur selst á genginu rúmlega 0,8 miðað við eigið fé Arion banka í árslok 2016.**

Samningar við lífeyrissjóðina eru ekki jafn langt á veg komnir en af hálfu Kaupþings er engu að síður búist við að niðurstaða fáist á næstunni um hversu mikil aðkoma þeirra verður að kaupum á hlut í Arion banka. Á þessari stundu liggur ekkert fyrir um endanlegan fjölda þeirra sjóða sem hyggjast fjárfesta í bankanum, þar sem slíkar tillögur hafa enn ekki verið lagðar fyrir stjórnir lífeyrissjóðanna, en gert hefur verið ráð fyrir að þeir muni sennilega kaupa samanlagt sambærilegan hlut og bandarísku fjárfestingasjóðirnir.

Væntanleg sala Kaupþings á tugprósenta hlut í Arion í lokuðu útboði, sem ekki var útlit fyrir í ársbyrjun, þýðir að fyrirhugað almennt hlutafjárútboð bankans fer fram seinna en áður var áætlað. Ekkert hefur breyst varðandi áform Kaupþings um að skrá bankann á markað á Íslandi og í Svíþjóð en samkvæmt þeirri tímalínu sem félagið vinnur núna eftir verður útboðið aftur á móti haldið í fyrsta lagi í maí eða júní á þessu ári. Sá hlutur sem verður þá boðin til sölu gæti verið um 30 til 40 prósent. – **hae / Markaðurinn**

## Fákaseli lokað eftir mikið tap

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hestagarðinum Fákaseli í Ölfusi var lokað í síðustu viku eftir taprekstur upp á mörg hundruð milljónir króna. Sjö lífeyrissjóðir, Icelandair Group og Landsbankinn eiga 90 prósenta hlut í ferðaþjónustufyrirtækinu í gegnum fagfjárfestasjóðinn ITF 1.

Helgi Júlíusson, framkvæmdastjóri ITF 1, staðfestir að Fákaseli hafi verið lokað vegna rekstrarerfiðleika og að búið sé að skila inn nauðasamningi til Héraðsdóms Suðurlands. Vonir séu því bundnar við að félagið fari ekki í þrot.
**– hg / sjá Markaðinn.**

**» Icelandair Group og Landsbankinn eiga 90 prósenta hlut í fyrirtækinu í gegnum ITF 1.**

### Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Dæmi um að kaupendur bjóði í eignir án þess að skoða. 6

**SKOÐUN** Eggert Briem skrifar um ellilífeyrisránið mikla. 11

**SPORT** Sveinbjörn Jun Iura með Ólympíuleika í föðurlandinu í sigtinu. 12

**LÍFIÐ** Amiina komst í gegnum kínverska ritskoðun. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LASTEIGNASÝNING & RÁÐSTEFNA**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





7.000 KR. AFSLÁTTUR Á ÞJÓÐHÁTÍÐ
MIÐAÐ VIÐ FULLT MIÐAVERÐ EFTIR AÐ FORSÖLU LÝKUR
ÞJÓÐHÁTÍÐ 2017
EF ÞÚ BORGAR MEÐ KASS!

## Veður




Ákveðin austanátt og fremur kalt í dag. Snjókoma eða él, einkum á suðaustanverðu landinu. SJÁ SÍÐU 16



**Elísabet Benedikz yfirlæknir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Átta dauðsföll vegna alvarlegra atvika sem urðu á Landspítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Af þeim fimmtán óvæntu dauðsföllum sjúklinga á Landspítalanum árið 2016 eru átta dauðsföll rakin til mistaka sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir. Fjöldi dauðsfalla af þessum sökum hefur verið svipaður síðustu ár.

Í skýrslu Landspítalans um starfsemi árið 2016 kemur fram að fimmtán svokölluð „óvænt dauðsföll“ hafi verið skráð í bækur spítalans það ár. Sjö dauðsföll eru vegna náttúrulegra orsaka að mati Elísabetar Benedikz, yfirlæknis gæða- og sýkingavarnardeildar spítalans. Til að mynda hafa einstaklingar lagst inn vegna krabbameins en látist af sökum hjartaáfalls. Er það talin vera náttúruleg orsök.

Hin átta tilvikin eru af öðrum toga að mati Elísabetar. „Þetta eru alvarleg atvik í þjónustunni, sem hefði líklega mátt koma í veg fyrir og leiddu beint eða óbeint til dauða sjúklings,“ segir Elísabet. „Helstu ástæður eru mannlegir þættir en heilbrigðisþjónusta hvílir mjög mikið á mannlegum þáttum, sem eru ófullkomnir. Hin meginástæðan eru kerfisþættir, gallar í skipulagi starfseminnar og fyrirkomulagi þjónustunnar.“

Elísabet segir löndin sem við berum okkur saman við vera á svipuðum stað hvað þetta varðar. „Við erum með sama hlutfall alvarlegra atvika og erum að kljást við alveg sömu vandamál og þau. Þannig að við skerum okkur ekki úr að þessu leyti.“ – **sa**

# Saumuðu klæði fornaldar



**Málbönd, skæri og títuprjónar voru á lofti í húsakynnum Ásatrúarfélagsins í gær en þá gafst fólki kostur á að sitja námskeið í landnámsklæðagerð. Leiðbeinandi var búningahönnuðurinn Elín Reynisdóttir en hún hafði með sér snið af þeim klæðum sem fundist hafa frá fyrri öldum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Kalla eftir framtíðarhúsi

**ALÞINGI** Sex þingmenn Pírata og tveir þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um að fela mennta- og menningarmálaráðherra að kveða á um framtíðarhúsnæði Listaháskóla Íslands. Fyrir helgi vöktu nemendur skólans athygli á rakaskemmdum og myglu sem finna má í húsnæði skólans.

Í greinargerð með tillögunni er meðal annars bent á að tónlistarkennsla fari fram í rými sem er illa hljóðeinangrað, leiklist án viðunandi leikrýmis og myndlistarkennsla er í gömlu sláturhúsi.

Einar Brynjólfsson Pírati er fyrsti flutningsmaður tillögunnar. – **jóe**



**Einar Brynjólfsson Pírati**

# Ferðalöngum reglulega meinuð för vestur

**Ferðalöngum er reglulega meinað að fljúga til Bandaríkjanna líkt og hinum velska Juhel Miah. Flugfélög fá tilmæli að utan en fá ekki að vita ástæðuna. Miah segist ekki vita ástæðu þess að honum var vísað úr flugvél Icelandair.**

**SAMGÖNGUR** Það er ekki einsdæmi að fólki sé vísað úr flugvélum hér á landi og því meinað að fljúga til Bandaríkjanna. Juhel Miah, 25 ára kennari frá Swansea í Wales, lenti í því í að vera vísað úr flugvél Icelandair sem var á leið til Bandaríkjanna í Keflavík þann sextánda febrúar síðastliðinn.

„Það kemur fyrir annað slagið að einstökum farþegum er neitað um flug vegna tilmæla frá yfirvöldum. En í þessum tilvikum er flugfélagið ekki upplýst um ástæður þess,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fá flugfélög hér á landi af og til tilmæli frá stjórnvöldum í Bandaríkjunum þar sem sagt er að stjórnvöld vilji ekki fá einstakling til landsins. Flugfélög fá ekki að vita ástæðuna. Slík tilmæli fékk Icelandair um Miah.

Þar sem flugfélög þurfa að fylgja ákveðnum skilyrðum til þess að fá að fljúga til Bandaríkjanna, sem og annarra landa, ber þeim að hlýða þessum tilmælum. Ella þyrftu þau að greiða stórar sektir.

Sjálfur veit Miah ekki ástæðu þess að honum var vísað frá borði. „Ég veit ekki hvers vegna mér var vísað úr vélinni. Kannski er það vegna þess að ég er múslimi. Ef enginn getur sagt mér ástæðuna fyrir þessu vil ég að einhver rétti upp hendi og biðjist afsökunar,“ sagði Miah í samtali við BBC í gær.

Hann sagði atvikið hafa orðið til þess að honum liði eins og hann væri smánaður. Þetta hefði samt ekki átt að hafa þau áhrif. Ég spurði margoft af hverju mér væri vísað úr fluginu en fékk engin svör. Allir litu á mig eins og ég hefði gert eitthvað af mér,“ sagði Miah.



**Í Leifsstöð. Dómsmálaráðherra segist ekki hafa fengið upplýsingar um málið og ekki sé víst að það heyri undir íslensk stjórnvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það kemur fyrir annað slagið að einstökum farþegum er neitað um flug vegna tilmæla frá yfirvöldum.**



Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair

Ólíklegt er að ástæðan sé tilskipun Donalds Trump Bandaríkjaforseta um að meina ríkisborgurum sjö ríkja í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum að koma til Bandaríkjanna. Áfrýjunardómstóll felldi þá tilskipun úr gildi. Þar að auki er Miah einungis með breskan ríkisborgararétt.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Miah hafi farið í gegnum vegabréfsskoðun athugasemdalaust. Þá hafi hann lent í handahófskenndu úrtaki og verið skoðaður nánar. Enn hafi engar athugasemdir verið gerðar. Þegar út í vél var komið hafi starfsmaður Icelandair hins vegar farið um borð og tilkynnt Miah um að hann fengi ekki að fara til Bandaríkjanna. Miah hafi brugðist hinn kurteisasti við og hlýtt tilmælum.

Í svari sínu við fyrirspurn Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur, þingmanns VG, á Alþingi í gær sagðist Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra ekki hafa fengið upplýsingar um málið. „Mér sýnist ekki endilega víst að þetta mál heyri undir íslensk stjórnvöld,“ sagði hún og vísaði til þess að maðurinn væri breskur, ákvörðunin tekin af Bandaríkjamönnum. „Fáum við frekari upplýsingar mun ekki standa á mér að upplýsa um tilvik sem þessi ef þau gerast tíðari hér á íslenskri grundu.“

**thorgnyr@frettabladid.is**

L-Mesitran

Náttúruleg sáragræðsla með hunangi

Nánari upplýsingar fást á **www.wh.is.**




Vörurnar fást í Lyf og heilsu, Lyfjaveri, Apótekaranum, Hraunbergsapóteki, Lyfsalanum Glæsibæ, Akureyrarapóteki, Apóteki Mos og Apóteki Ólafsvíkur.




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Óskum um rannsóknafé ekki sinnt

**Stjórnvöld sinna ekki óskum Hafrannsóknastofnunar um aukið rannsóknafé. Getur ekki uppfyllt lögbundið hlutverk sitt. Útgerðin borgaði 25 milljóna leiðangur sem gaf 17 milljarða loðnukvóta.**



Loðnuflotinn hafði lítið fyrir að fylla sig í mokveiði við Suðurland. Löndunarbið var í Eyjum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

**SJÁVARÚTVEGUR** Þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um hafa stjórnvöld ekki sinnt óskum Hafrannsóknarstofnunar um aukið fé til aðkallandi hafrannsókna. Ef útgerðir uppsjávarskipa hefðu ekki lagt til peninga til að endurtaka rannsóknarleiðangur Hafró og mælingu á loðnustofninum í febrúar hefðu tapast 17 milljarðar króna í útflutningsverðmætum. Sá leiðangur kostaði 25 milljónir króna.

Innan við sólarhring frá því að sjómannaverkfall var blásið af á sunnudagskvöld var stór hluti loðnuflotans á landleið með smekkaðar lestar af góðri loðnu. Mokveiði er á miðunum úti fyrir Suðurlandi, og verkefnið að ná tæplega 200.000 tonna kvóta á tæpum mánuði sem talinn er skila 17 milljörðum króna. Miðað við upprunalegar aflaheimildir eftir rannsóknaleiðangur Hafró í janúar væri búið að veiða og landa þeim kvóta sem útlit var fyrir að fengist að veiða – en 12.000 tonn féllu í hlut íslenskra skipa.

Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að ef ekki hefði verið fyrir framlag útgerðanna sem stunda uppsjávarveiðarnar þá hefði rannsóknaleiðangurinn sem tryggði 299.000 tonna aflaheimildir ekki verið farinn.

„Við stóðum í miklu harki í lok síðasta árs við að reyna að fá aukið fé til rannsókna – þar með talið í loðnurannsóknir. En það endaði með því að við fengum ekki krónu,“ segir Sigurður. Svo rammt kveður að fjárþurrð Hafró að stjórnvöldum er sent staðlað bréf við fjárlagagerðina, en því hefur ekki verið svarað sérstaklega til þessa. Svarið fæst í lokagerð fjárlaga þar sem engu er bætt við.

„Þess vegna vorum við í þessari stöðu í febrúar, en þetta á sér lengri sögu þar sem útgerðirnar hafa gert okkur kleift að gera viðbótarrannsóknir á loðnunni, enda hagsmunirnir gríðarlegir. Við þurfum að standa í betlimálum í hvert skipti sem þarf að mæla,“ segir Sigurður.

> Við þurfum að standa í betlimálum í hvert skipti sem þarf að mæla.
>
> Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar



Í bréfinu sem var sent til stjórnvalda; fyrst til sjávarútvegsráðuneytisins og ráðherra beint, og síðar til Alþingis á tíma fjárlagagerðarinnar, segir meðal annars að Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun hafi báðar þurft að bera niðurskurð á fjárframlögum frá bankahruninu. Vegna þess áttu stofnanirnar erfitt með að sinna hlutverki sínu, en þær hafa nú verið sameinaðar.

„Útbreiðsla og stofnstærð tegunda er að breytast og hefur breyst. Nægir þar að nefna makríl sem ekki var á Íslandsmiðum, aukinn kolmunna og síld og svo aftur minnkun og tilfærslu á loðnustofninum norðar en áður var. Mun dýrara er að mæla stofnstærð þessara fisktegunda en áður. Það er forsenda þess að hægt sé að stýra veiðum á sjálfbæran hátt. Slíkar rannsóknir eru líka nauðsynlegar vegna samningsstöðu Íslands um aflahlutdeild í þessum uppsjávartegundum. Til að viðhalda mælingum sem þarf að lágmarki í uppsjávartegundum þarf stofnunin um 300 milljónir til viðbótar,“ segir í bréfinu.

svavar@frettabladid.is

# Vill skrá um ferðir fólks

**ÞÝSKALAND** Thomas de Maiziere, innanríkisráðherra Þýskalands, vill að ríki innan Evrópusambandsins komi sér upp sameiginlegri skrá yfir alla sem ferðast inn eða út úr löndunum.

Þetta lagði hann til á lögregluráðstefnu í Berlín. Hann vill að þetta gerist hratt. Í síðasta lagi árið 2020 eigi þessi skrá að vera orðin að veruleika, að því er þýskir fjölmiðlar greina frá.


Thomas de Maiziere, innanríkisráðherra Þýskalands

Til þess að af þessu verði þarf að tengja saman ólík gagnanet er varða innflytjendur, vegabréfsáritanir og lögregluupplýsingar.

Af þessu yrði gríðarlegur ávinningur hvað varðar öryggismál í álfunni, hafa þýskir fjölmiðlar eftir de Maiziere. – gb

# Vantar fólk í meira en 30 stöðugildi

**SKÓLAMÁL** Ráðningarstaðan í leikskólum Reykjavíkurborgar hefur í vetur verið nokkru verri en veturinn 2015-2016, samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Þó hefur gengið vel að ráða í lausar stöður það sem af er árinu.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að óráðið er í 33 stöðugildi í 64 leikskólum, þar af í 18 stöðugildi leikskólakennara og tæplega þrjár deildarstjórastöður.

> **18**
>
> leikskólakennara vantar til að manna lausar stöður.

Níu starfsmenn vantar í sérkennslu eða stuðning, en það eru stöður fyrir sérkennara og þroskaþjálfa.

Staðan í ráðningarmálum grunnskóla er nokkuð svipuð og undanfarin ár. Ómannað er í 4,5 stöðugildi grunnskólakennara í 36 grunnskóla borgarinnar. Þá vantar þrjá stuðningsfulltrúa, 2,5 stöður skólaliða, einn yfirmann mötuneytis, tvo þroskaþjálfa og einn námsráðgjafa.

Í svarinu kemur fram að eins og jafnan að hausti hafi gengið hægt að manna frístundaheimilin en þar hafi staðan batnað á milli mánaða og nú aftur frá áramótum. Þar vantar nú 41 starfsmann og er það allt í hlutastörf. – jhh



FIAT TIPO
VERÐ FRÁ: 2.790.000 KR.
5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÞAÐ ÞARF SVO LÍTIÐ TIL AÐ FÁ HEILMIKIÐ FIAT TIPO HLAÐINN AUKABÚNAÐI – MEÐ FIMM ÁRA ÁBYRGÐ
KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM FIAT. VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR, RJÚKANDI HEITT KAFFI Á KÖNNUNNI
Bíll á mynd Fiat Tipo 1.4 Lounge 2.990.000 kr.
fiat.is
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS

# Við fjölgum hagkvæmum íbúðum





**300**
ÍBÚÐIR SELDAR

**1.300**
ÍBÚÐIR Í ÞRÓUN

**250**
ÍBÚÐIR Á ÁRI

Upphaf fasteignafélag er eitt umsvifamesta fyrirtæki í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Íslandi. Á næstu fimm árum verða þróaðar og byggðar yfir **1.300 nýjar íbúðir** sem ætlaðar eru litlum og meðalstórum fjölskyldum.

Markmið Upphafs er að byggja yfir **250 hagkvæmar íbúðir** á ári. Við viljum auka framboð á íbúðamarkaði.

Upphaf

www.upphaf.is







Fræ

Styrkir til frumkvöðla
Umsóknarfrestur er til 3. apríl

Fræ er fyrir frumkvöðla með hugmyndir og verkefni á frumstigi sem getur leitt af sér stærra þróunarverkefni.

Nánari upplýsingar eru á tths.is

Tækniþróunarsjóður



Rebecca Steinfeld og Charles Keidan fyrir utan áfrýjunardómstól í London. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Meinað að ganga í staðfesta samvist

**BRETLAND** Breska parið Rebecca Steinfeld og Charles Keidan hafa tapað máli fyrir breskum áfrýjunardómstól, sem hafnaði því að þau mættu skrá sig í borgaralega samvist.

Þau eru gagnkynhneigð en bresku lögin um borgaraleg samvist, eða staðfest samvist eins og það hét hér á landi, var hugsuð handa samkynhneigðum pörum.

Áfrýjunardómstóllinn segir að lögin geri ekki ráð fyrir því að gagnkynhneigð pör nýti sér þennan möguleika, en reyndar geti þingið breytt þessum lögum. Nú þegar liggi fyrir breska þjóðþinginu frumvarp í þá veru.

Dómstóllinn viðurkennir í úrskurði sínum, að hugsanlega geti þetta fyrirkomulag talist mannréttindabrot gagnvart þeim Steinfeld og Keidan sem og öðrum gagnkynhneigðum pörum, sem kynnu að vilja staðfesta samvist sína á þessum forsendum.

Hins vegar eigi dómstólar ekki að grípa fram fyrir hendurnar á stjórnvöldum, að minnsta kosti ekki á þessu stigi málsins.

Þau Steinfeld og Keidan eru staðráðin í að áfrýja máli sínu til Hæstaréttar. – **gb**

# Yfirbjóða fasteignir í „panikk“-ástandi

**Fasteignasali segir að spenna hafi aukist mikið á fasteignamarkaði frá því greiningardeild Arionbanka spáði 30 prósenta hækkun á húsnæðisverði. Seljendur verðleggja eignir hærra en fasteignasalar ráðleggja. Jafnvægi á milli seljenda.**

**VIÐSKIPTI** Íbúðir í öllum hverfum borgarinnar seljast nú á hærra verði en uppsettu vegna mikillar spennu á fasteignamarkaði. Dæmi eru um að fasteignakaupendur geri tilboð í húsnæði án þess að hafa séð eignina og almennt er reynt að komast til að skoða fyrir ákveðinn sýningartíma fasteignar.

Sem dæmi má nefna 85 fermetra blokkaríbúð í Kópavogi, sem fór á sölu seint í síðustu viku. Ásett verð íbúðarinnar var 39 milljónir króna en vongóður kaupandi, sem hafði gert tilboð í eignina, fékk þau skilaboð frá fasteignasala að ef viðkomandi vildi eiga möguleika á eigninni yrði að bjóða að minnsta kosti hærra en 42 milljónir. Það er að lágmarki sjö prósent hækkun á kaupverði frá uppsettu fasteignaverði.

Fyrir þremur vikum síðan birti greiningardeild Arion banka spá sína um að húsnæðisverð kæmi til með að hækka um 30 prósent á næstu þremur árum.

Ingibjörg Þórðardóttir, fasteignasali á Híbýli og fyrrverandi formaður Félags fasteignasala, segir að síðastliðnar þrjár vikur hafi sérstaklega mikil spenna verið á markaðnum. „Spenna hefur aukist með spá um hækkun fasteignaverðs næstu árin. Auðvitað er búið að vera að tala um þetta og það er augljóst að hækkun fasteignaverðs á undanförnum misserum hefur verið gríðarleg, en þegar svona spádómur kemur fram þá ýtir það undir þessa þróun.“

> Við viljum sjá miklu eðlilegra jafnræði á milli kaupenda og seljenda.
>
> Grétar Jónsson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala



> Spenna hefur aukist með spá um hækkun fasteignaverðs næstu árin.
>
> Ingibjörg Þórðardóttir, fasteignasali á Híbýli



Hún segir að í raun ríki svokallaður seljendamarkaður. „Það er lítið framboð sem gerir það að verkum að kaupendur missa ítrekað af eignum og fara þá hreinlega að yfirbjóða til að festa eignir.“ Hún segir að dæmi séu um að kaupendur reyni að gera tilboð án þess að hafa séð eignir. Það sé þó mjög varasamt og tilboðin sjaldan samþykkt því rík skoðunarskylda sé á kaupendum.

Grétar Jónsson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segir að fasteignasalar hafi miklar áhyggjur af þróuninni. Áður hafi tíðkast að bjóða aðeins undir uppsettu verð og finna svo málamiðlun með seljanda. „Þegar við erum að tala um eignir á bilinu 35 til 45 milljónir þá eru svo gríðarlega margir um hituna að það kemur upp ákveðið panikk ástand. Og þá fer fólk að bjóða. Þetta er mjög óæskilegt staða. Í venjulegu árferði getur kaupandi komið og skoðað eignina, og skoðað hana svo aftur eftir tvo daga í rólegheitunum, vegið og metið og tekið svo ákvörðun. Núna mæta kannski tugir í opið hús og það myndast mikil spenna og þá gerast hlutirnir miklu hraðar en æskilegt er.“

Hann tekur undir að seljendamarkaður ríki. „Við viljum sjá miklu eðlilegra jafnræði á milli kaupenda og seljenda.“

Seljendur gerist stundum of gráðugir og hækki verð á fasteign umfram ráðleggingar fasteignasala. „Þá vonar maður að markaðurinn hafi skynsemi til að segja hingað og ekki lengra. Ef það eru einhverjir lukkuriddarar sem vilja græða og reyna að fá svakalegt verð fyrir, þá vona ég að fólki finnist það ekki boðlegt, þegar verið er að setja eignir á markað á fáránlega háu verði.“

**snaeros@frettabladid.is**

# SAMSUNG

# Gott verð, gæði og fjölbreytni

**KU6175**




**55”**

**KR. 139.900,-**

Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 49” eða 123cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)

**Samsung** HW-K661
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. Til í svörtu og gráu.
**Verð: 89.900,-**



**Samsung** HW-J6511R
300w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. Til í svörtu og gráu.
**Verð: 99.900,-**



**Samsung** HW-J7510-R
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. Til í svörtu og gráu.
**Verð: 109.900,-**



## SAMSUNG
## SPAN HELLUBORÐ
**60 cm með tímastilli.**
SANV70K3370BS/EE
**Verð: 79.900,-**





## SAMSUNG
## OFN, VEGG-STÁL
**PYROLYTIC - 70 LÍTRA**
SANV70K3370BS/EE
Gerð: Sjálfhreinsandi, tvöfaldur blástursofn.
**Verð: 98.900,-**




WF70 **ÞVOTTAVÉL**
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
**Verð áður: 79.900,-**
**Verð nú: 69.900,-**



DV70 **ÞURRKARI**
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
**Verð áður: 114.900,-**
**Verð nú: 99.900,-**

*Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð*

ecobubble TECHNOLOGY

**HVAÐ ER ECO BUBBLE?**
Leysir upp þvottaduft undir þrýstingi og myndar kvoðu, svo duftið leysist upp á um það bil 15 mín, í stað 30-40 ella.




WW80 **ÞVOTTAVÉL**
8 KG. 1600 SN.
Eco Bubble
**Verð áður: 109.900,-**
**Verð nú: 99.900,-**



RB29 Blásturskældur
**KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR**
178 cm / 192+98 ltr.
**Verð: 89.900,-**



RB31 Blásturskældur
**KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR**
185 cm / 208+98 ltr.
**Verð nú: 109.900,-**

**SAMSUNG SETRIÐ**
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

**Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna**
Umsóknarfrestur **3. apríl**

**Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna auglýsir eftir umsóknum um starfslaun úr sjóðnum.**

Hlutverk sjóðsins er að styðja við starfsemi fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigrein.

Rétt til að sækja um laun úr sjóðnum hafa höfundar fræðirita, fræðigreina, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku.

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

**Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun







# Fær vægan fangelsisdóm fyrir manndráp

**Ísraelskur hermaður dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir að skjóta Palestínumann sem lá ósjálfbjarga á götunni. Mannréttindasamtök fordæma dóminn.**

**ÍSRAEL** Ísraelski hermaðurinn Elor Azaria hlaut í gær 18 mánaða fangelsisdóm fyrir manndráp. Hann skaut til bana Palestínumanninn Abdel al-Fattah al-Sharif í bænum Hebron á Vesturbakkanum þann 24. ágúst á síðasta ári. Leiðtogar Palestínumanna og ýmis mannréttindasamtök hafa fordæmt þennan dómsúrskurð, sagt hann alltof vægan.

„Azaria hefði átt að fá ævilangt fangelsi,“ hefur fréttastofan Al Jazeera eftir Jamal Zahalka, palestínskum þingmanni á Ísraelsþingi. „Þetta mun ekki verða öðrum byssuglöðum hermönnum til fælingar.“

Hann segir að þúsundir annarra ísraelskra hermanna hafi drepið Palestínumenn, en engin réttarhöld hafi verið haldin yfir þeim.

Margir Ísraelar hafa hins vegar sagt dóminn of þungan. Helst hefði hann átt að sleppa alfarið við fangelsisdóm.

Benjamín Netanjahú forsætisráðherra hefur sagt að náða eigi Azaria og Miri Regev, menningarráðherra í stjórn Netanjahús, hefur sagt að Azaria ætti ekki að sitja einn einasta dag í fangelsi.

Dómstóllinn taldi hins vegar að verknaðurinn hafi bæði brotið gegn siðareglum ísraelska hersins og skaðað ísraelskt samfélag. Auk þess hafi Azaria aldrei sýnt neina iðrun.



**Ísraelski hermaðurinn Elor Azaria ásamt móður sinni stuttu áður en dómur var kveðinn upp í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Myndband náðist af því þegar Azaria skaut al-Sharif. Þetta myndband fór víða á netinu og í fjölmiðlum. Þar sést greinilega að Sharif lá særður á götunni og hafði legið þar góða stund þegar Azaria tekur upp á því að skjóta hann.

Sharif hafði, ásamt öðrum Palestínumanni, ráðist með hnífum á ísraelska hermenn. Þeim tókst að særa einn hermann. Ísraelsku hermennirnir skutu þá á árásarmennina. Annar þeirra lést strax en hinn, Sharif, særðist og lá á götunni með lífsmarki þangað til Azaria skaut á hann.

Litið hefur verið á þetta dómsmál sem prófstein á ísraelskt réttarfar. Azaria var sakfelldur í síðasta mánuði fyrir manndráp. Dómarinn sagði hann hafa reynt að réttlæta verknaðinn en ekki tekist það. Fjölskylda Sharifs sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hún fordæmdi dómsúrskurðinn en sagðist ekki vera undrandi.

„Við vissum það frá upphafi að þetta væru sýndarréttarhöld,“ segir í yfirlýsingunni. „Dómurinn sem hann hlaut er vægari en palestínskt barn fær fyrir að kasta steinum.“

gudsteinn@frettabladid.is





GRILLAÐIR & GÓMSÆTIR
Fjölskyldutilboð
4 grillaðir hamborgarar, stökkar franskar og ískalt 2L Pepsi.*
3.990 kr.
Kjötsmiðjan ehf
KJÖTVINNSLA
Íslenskar gæðakjötvörur
Netgíró
pepsi
BAD BOYS
BURGERS & GRILL
Hagasmári 9 | Grjótháls 8
*Gildir ekki með tvöföldum borgara.
Máltíð dagsins
Grillaður hamborgari dagsins, stökkar franskar og ískalt 0,5 L Pepsi.*
1.499 kr.
pepsi

# Klukkan tifar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Flestir Íslendingar þekkja þá tilfinningu að koma heim til Íslands eftir lengri eða skemmri dvöl úti í hinum stóra heimi. Teyga ískalt vatn beint úr krananum og anda að sér ferskum og mishröðum andvaranum á Suðurnesjunum. Þetta eru ómetanleg lífsgæði og forréttindi. En á sama tíma eru þetta lífsgæði og forréttindi sem við höfum í raun ekki unnið fyrir heldur eru einfaldlega til komin vegna legu landsins og gæða. Ábyrgð okkar í umhverfismálum er því þeim mun meiri, en ekki minni eins og maður hefur á stundum á tilfinningunni.

Fyrir rúmri viku afhenti Hagfræðistofnun Háskóla Íslands stjórnvöldum greiningarskýrslu um möguleika Íslands til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Þar kemur fram að hreint út sagt stórtækar aðgerðir þurfi til ef við sem þjóð ætlum að standa undir alþjóðlegum skuldbindingum okkar. Það er auðvitað smánarlegt fyrir þjóð sem hefur viðlíka aðgang að endurnýjanlegri orku og Íslendingar. Þjóð sem nýtur lífsgæða fyrir sakir legu landsins á þessari jörð sem mannkynið virðist nánast staðráðið í að tortíma á altari markaða, lífsstíls og viðskiptahagsmuna.

Það er þó fagnaðarefni að Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, skuli strax vera að bregðast við eins og kemur fram í grein hennar hér í Fréttablaðinu í dag. Björt telur að með samhentu átaki getum við staðið við skuldbindingar Íslands um samdrátt í losun og vonandi mun það ganga eftir þó svo ansi margt þurfi að ganga upp og fara á besta veg ef það á að takast. Að auki leggur Björt áherslu á að í stjórnarsáttmálanum sé tiltekið sérstaklega að ríkisstjórnin muni ekki gera ívilnandi samninga við mengandi stóriðju. Annað væri það nú! Við höfum þegar gengið allt of langt í þeim efnum og þurfum í raun að ræða af fullri alvöru hvernig við getum undið ofan af þeirri vitleysu, fremur en að láta það gott heita að við ætlum að hætta að gera sömu mistök og við höfum verið að gera síðustu áratugina.

Eins og Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur benti á í viðtali við Fréttablaðið þá þurfa stjórnvöld einmitt að gera sér grein fyrir því að við verðum að láta af vondum verkum. Á meðan þess sem verði að vera í forgangi sé að slá út af borðinu öll áform um olíuvinnslu á Drekasvæðinu en ekkert hefur enn komið fram um það í málflutningi ráðherra. Stefán bendir einnig á mikilvægi þess að verðleggja ótæka hegðun út af markaðnum og lýsir eftir græna hagkerfinu, máli sem var klárað í þverpólitískri sátt frá Alþingi árið 2012. Rafbílavæðingin er einnig dæmi um mál þar sem við höfum dregið lappirnar árum saman og það er gleðiefni ef ráðherra ætlar sér að beita sér fyrir byltingu í þeim efnum en tíminn er engu að síður að renna frá okkur.

> Tími skýrslugerðar og rannsókna er nefnilega löngu liðinn og tími aðgerða er runninn upp.

Tími skýrslugerðar og rannsókna er nefnilega löngu liðinn og tími aðgerða er runninn upp. Það er vonandi að ríkisstjórnin öll, án undantekninga, geti virkjað þingheim í því að taka nú á þessum málum af alefli. Ekki veitir af því klukkan tifar.

## Halldór







## Frá degi til dags

**Efsta prósentið**

Ásta Guðrún Helgadóttir, þingmaður Pírata, baðst í gær afsökunar á ummælum sínum um að hún gæti ekki safnað sér fyrir útborgun á íbúð fyrir þrítugt. Ummælin féllu tveimur dögum áður í Silfrinu og vöktu bæði athygli og uppskáru hæðni almennings, þá sérstaklega vegna þess að Ásta er með 1.266 þúsund krónur í mánaðarlaun sem formaður þingflokks Pírata. Það setur Ástu í hóp allra hæst launuðu 27 ára kvenna á landinu.

**Tilviljunin**

Tveimur tímum áður en Ásta baðst afsökunar sendi samflokksmaður hennar frumvarp þingflokks Pírata um lækkun launa alþingismanna frá sér, en samkvæmt frumvarpinu á lækkunin að taka gildi fyrir 28. febrúar nk. Píratar vita fullvel að afgreiðsla frumvarpsins getur aldrei farið svo hratt í gegnum þingið en það er aukaatriði. Það trúir varla nokkur að tímasetning tillögunnar sé tilviljun?

**Lærdómurinn**

Lærdómur Ástu er auðvitað að það leggst illa í fólk þegar kjörnir fulltrúar bera sig aumlega undan kjörum sínum. Persónuleg fjármál eru ekki sterkur rökstuðningur. Það er klaufalegt að vera fulltrúi unga fólksins á Alþingi en virðast hafa misst tengsl við almenning. En það mætti svo sem vænka hag ríkissjóðs með vegatollum á gjána á milli þings og þjóðar.

snaeros@frettabladid.is

# Er þetta í lagi?



Oddný G. Harðardóttir
alþingismaður

Forsætisráðherra ákvað að fela upplýsingar sem vörðuðu almannahag fram yfir kosningar og stjórnarmyndunarviðræður. Skýrslurnar tvær sem geymdar voru í skúffu í fjármálaráðuneytinu eru um tvö helstu deilumál síðasta kjörtímabils.

Í skýrslunni um skattsvik margra ríkra Íslendinga er að finna staðfestingu á því að þau voru ekki einskorðuð við eina lögfræðiskrifstofu og voru t.d. fjórum sinnum meiri en í Danmörku. Í fjölmiðlum og í fréttaskýringaþáttum hafa menn farið yfir söguna eftir að upplýsingarnar komu fram í dagsljósið og hvernig ríkisstjórnir undir forystu Sjálfstæðisflokksins drógu það að setja reglur til að torvelda flutning á peningum í skattaskjól, um nauðsyn þess að koma í veg fyrir skattsvikin og hverjir það eru helst sem stunda slík svik við samfélagið.

**Athyglin beinst að Panama-skjölunum**

Umræður um þetta í aðdraganda kosninga hefðu augljóslega dregið athyglina enn frekar að Panamaskjölunum og ástæðuna fyrir því að kosið var fyrr en áætlað var.

> Umræður um þetta í aðdraganda kosninga hefðu augljóslega dregið athyglina enn frekar að Panamaskjölunum og ástæðuna fyrir því að kosið var fyrr en áætlað var.

Í skýrslunni um stóra loforðið sem varð til þess að ríkisstjórnin komst til valda eftir kosningar 2013 var í fyrsta sinn greint frá því hvernig „leiðréttingin“ svokallaða, 72,2 milljarðar kr. sem greiddir voru úr ríkissjóði, skiptist á milli eigna- og tekjuhópa á Íslandi. Helmingur þjóðarinnar sem átti mestar eignir fékk 72% alls þess fjár sem greitt var út og 10% tekjuhæstu Íslendinganna fengu um þriðjung, eða 22 milljarða kr. Skýrslan hefði augljóslega kallað fram miklar umræður í aðdraganda kosninga og dregið athyglina að framkvæmdinni, að óréttlæti hennar, þróun húsnæðisverðs og stöðu þeirra sem ekkert fengu, s.s. leigjenda og ungs fólks.

Og auðvitað hefði forsætisráðherra fundist það óþægilegt fyrir sig og Sjálfstæðisflokkinn ef athygli hefði beinst að þessum málum fyrir kosningar. Þess vegna er eðlilegt að fólk velti því fyrir sér hvort það hafi ekki einmitt verið ástæðan fyrir drættinum á birtingu skýrslnanna.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ísland og loftslagsmál – staðan núna og framtíðarsýn



Björt Ólafsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands birti nýlega skýrsluna Ísland og loftslagsmál sem fjallar um þróun í útstreymi gróðurhúsalofttegunda hérlendis frá 1990-2030. Skýrslan sýnir að staðan er alvarleg. Hóflegri spárnar sýna að við munum losa 50% meira árið 2030 en við gerðum árið 1990 – spáin sem gerir ráð fyrir aukinni stóriðju sýnir að losunin geti orðið allt að 100% meiri yfir sama tímabil. Ísland stefnir þannig í að auka losun meira til ársins 2030 en flest önnur þróuð ríki heimsins og að öllu óbreyttu munum við ekki ná að standa við skuldbindingar okkar á alþjóðavettvangi varðandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Sem betur fer sýnir skýrslan líka að við getum snúið þessari þróun við og bendir á marga vænlega kosti sem við getum nýtt okkur til að standa við skuldbindingar Íslands. Aðgerðirnar sem við þurfum að grípa til eru misdýrar. Sumar þeirra koma til með að borga sig strax fjárhagslega en aðrar kalla á talsverð fjárútlát í upphafi. Allar munu þær þó skila þjóðhagslegum ábata til lengri tíma litið.

### Höfum við sofið á verðinum?

Við höfum ekki gripið græna tækifærin síðustu áratugina eins hratt og hefði verið æskilegt. Það er að sjálfsögðu mjög jákvætt að rafmagnið og heita vatnið okkar komi því sem næst allt frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Það er bara ekki nóg lengur. Losun gróðurhúsalofttegunda á mann á Íslandi er með því hæsta sem þekkist í Evrópu. Við umbyltum stórum hluta af orkukerfi landsins þegar við skiptum kolum út fyrir jarðhita til húshitunar. Nú er komið að frekari umbyltingu á orkukerfinu og jarðefnaeldsneyti verður einfaldlega að víkja fyrir rafmagni og öðru grænu eldsneyti. Við þurfum líka að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan allra atvinnuvega og stefna á lágkolefnishagkerfi 2050.

**Við getum staðið við skuldbindingar Íslands um samdrátt í losun. Það verður hins vegar ekki gert án markvissra og samhentra aðgerða.**

### Getum við staðið við skuldbindingar Íslands?

Við getum staðið við skuldbindingar Íslands um samdrátt í losun. Það verður hins vegar ekki gert án markvissra og samhentra aðgerða. Ísland er í hópi 30 Evrópuríkja sem samtals ætla að draga úr losun um 40% til 2030, miðað við 1990. Ríkin eiga eftir að ganga frá innri reglum um skiptingu, en stóra myndin liggur fyrir. Við berum engu að síður einnig samfélagslega ábyrgð á að draga úr losun sem kemur til með að falla utan skuldbindinga okkar í alþjóðasamhenginu.

### Næstu skref í aðgerðum

Markvissar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum eru forgangsmál hjá ríkisstjórninni. Það sést best á því að í stjórnarsáttmálanum er tiltekið sérstaklega að hún mun ekki gera ívilnandi samninga við mengandi stóriðju. Ég vonast því eftir góðri samstöðu og stuðningi, bæði á Alþingi, innan atvinnulífsins og almennt innan samfélagsins. Við þurfum að stilla saman strengi og við þurfum að setja meira fjármagn og aukinn kraft í loftslagsmálin. Mörg verkefni sem miða að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri eru nú þegar í gangi og mörg til viðbótar eru innan seilingar. Þar má helst nefna þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra um aðgerðaáætlun um orkuskipti, sem lögð verður fram á Alþingi bráðlega.

Það þarf þó mun meira til en fögur fyrirheit svo við náum settum markmiðum. Heildstæð aðgerðaáætlun með tímasettum og mælanlegum markmiðum mun varða leiðina til 2030 en aukin fjármögnun er grunnforsenda og í sumum tilfellum mun þurfa nýja lagasetningu. Það þarf einnig að virkja og samhæfa stjórnsýsluna. Við þurfum að beina aðgerðum í hagkvæmustu farvegina og við verðum að efla græna nýsköpun. Fyrst og síðast þurfum við þó að vinna að þessu verkefni saman því minni losun gróðurhúsalofttegunda er risamál sem varðar okkur öll. Viðfangsefnið er ekki einfalt en ég veit að þetta er hægt.

# Ellilífeyrisránið mikla



Eggert Briem
prófessor emeritus

Á lokaspretti síðasta þings voru samþykktar nýjar reglur um grunnlífeyrisgreiðslur. Ekki virðist mikill tími hafa farið í umræður um málið enda um nokkuð flókið mál að ræða. Allavega sagði þingmaður sem ég ræddi við að hann hefði ekki haft tíma til að skoða málið gaumgæfilega.

Hins vegar lýstu margir þingmenn yfir mikilli ánægju með frumvarpið og fram kom að langflestir myndu fá hækkun á grunnlífeyri.

Ef jafnan

langflestir + x = allir

er skoðuð munu líklega flestir álykta að

lausnin sé x = fáir.

Berum saman við frétt um jarðskjálfta sem varð 1.500 manns að bana í 30 þús. manna þorpi. Hér má segja að langflestir hafi komist lífs af, en ef jafnan hér að framan er skoðuð aftur myndu nú fæstir segja að lausnin x= fáir sé rétt. Samhengið skiptir máli.

Þegar grunnlífeyrisgreiðslum var breytt frá og með síðustu áramótum féll grunnlífeyrir alveg niður hjá þeim sem hafa 530 þús. eða meira í lífeyrissjóðstekjur. Þetta olli að meðaltali um 37 þús. kr. skerðingu á mánuði hjá tæplega 1.400 grunnlífeyrisþegum eða u.þ.b. 6% tekjumissi. Áður höfðu lífeyrissjóðstekjur ekki skert grunnlífeyri. Heildarfjöldi allra grunnlífeyrisþega var tæp 28 þús. í desember 2016. Nú geta menn velt fyrir sér lausn á jöfnunni að framan í þessu tilviki.

Það er huggun gegn harmi þeirra sem misstu grunnlífeyrinn, að sú fjárhæð sem sparast dugir vel fyrir góðri launahækkun þingmanna.


# Tryggingamiðstöðin hf. Aðalfundur 2017

**Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 16. mars 2017 kl. 16.00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.**

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.
4. Tillögur til ákvörðunar um lækkun hlutafjár og heimild til kaupa á eigin bréfum.
5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu fyrirtækisins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða rafrænt á netfangið **stjorn@tm.is** í síðasta lagi 6. mars næstkomandi.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð á eyðublaði eða í samræmi við eyðublað sem aðgengilegt er á vef félagsins – **tm.is/fjarfestar**. Rafrænt umboð skal sent félaginu á netfangið **stjorn@tm.is** áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 8:30 til 16:30) til og með miðvikudeginum 15. mars 2017, en fyrir lokun skrifstofunnar þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn.

Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem stjórn félagsins lætur í té og unnt er að nálgast á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Í tilkynningunni skal veita greinargóðar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykkta félagsins. Unnt er að senda félagsstjórninni útfyllta og undirritaða framboðstilkynningu fyrir lok framboðsfrests með tölvuskeyti á netfangið **stjorn@tm.is**.

Dagskrá aðalfundarins og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Að auki mun ársreikningur (samstæðureikningur) félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðenda og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu liggja frammi á skrifstofu og á vef félagsins hluthöfum til sýnis hálfum mánuði fyrir fundinn.

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða birtar á vefsíðu félagsins upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

**Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**

tm.is TM tm@tm.is \ 515 2000

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**Leverkusen - Atlético 2-4**
Bellarabi, sjálfsmark - Saúl, Griezmann, Gameiro, Torres.

**Man. City - Monaco 5-3**
Agüero 2, Sterling, Stones, Sané - Falcao 2, Mbappé.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.55 | St. Etienne - Man Utd | Sport |
| 17.40 | Valencia - Real M. | Sport 3 |
| 19.05 | Stjarnan - Skallagr. | Sport 4 |
| 19.30 | Meistaradeildarm. | Sport |
| 19.40 | Sevilla - Leicester | Sport |
| 19.40 | Porto - Juventus | Sport |
| 21.45 | Meistaradeildarm. | Sport |

**Domino's-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Grindavík - Keflavík | Keflavík |
| 19.15 | Stjarnan - Skallagr. | Ásgarður |
| 19.15 | Snæfell - Njarðvík | Stykkish. |
| 19.15 | Haukar - Valur | Schenkerh. |

ERU SKALLARNIR SPRUNGNIR?
Skallagrímur mætir Stjörnunni í Garðabæ í kvöld og reynir á nýliðana úr Borgarnesi, sem hafa tapað þremur leikjum í röð í bæði deild og bikar, og um leið misst toppsæti Domino's-deildarinnar. Þar áður hafði liðið unnið alls ellefu leiki í röð. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 4.



UNITED Í ELDLÍNUNNI Í DAG
Manchester United mætir Saint Etienne í síðari viðureign liðanna í 32-liða úrslitum Evrópudeildar UEFA í dag kl. 17.00. Yfirleitt er spilað í Evrópudeildinni á fimmtudögum en ákveðið var að flýta leiknum þar sem Lyon, sem er í um 50 km fjarlægð, leikur gegn AZ Alkmaar á heimavelli sínum annað kvöld.



Sveinbjörn ætlar sér að gera atlögu að því að vinna sér inn þátttökurétt á Ólympíuleikunum 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Með Ólympíuleika í föðurlandinu í sigtinu

**Sveinbjörn Jun Iura hefur sett sér það markmið að keppa á Ólympíuleikunum í Japan árið 2020, föðurlandi sínu. Sveinbjörn freistaði þess að komast á leikana í Ríó og segist nú reynslunni ríkari. Hann vann brons á sterku móti um helgina.**

JÚDÓ „Það hefur verið draumur minn lengi að keppa á Ólympíuleikum. Og ég vil láta hann rætast með því að keppa á leikunum í Tókýó árið 2020, fæðingarlandi mínu,“ segir Sveinbjörn Jun Iura, margfaldur Íslandsmeistari í júdó, sem hefur sett markið hátt.

Sveinbjörn er 27 ára en byrjaði þó ekki að æfa íþróttina fyrr en átján ára. Hann hefur þó ekki langt að sækja hæfileikana en faðir hans, Yoshihiko, er margreyndur þjálfari í júdó og hefur starfað hér á landi frá 1994. Enn þann dag í dag starfar hann við þjálfun, bæði á Íslandi og um allan heim.

„Pabbi hefur kennt mér vel enda búinn að vera lengi í þessu. Hann er áttundi dan, hefur kennt í Japan og var um tíma landsliðsþjálfari Túnis. Hann ferðast oft um heiminn til að kenna tækniæfingar,“ útskýrir Sveinbjörn.

### Valdi ungur bolta

Móðir Sveinbjörns er íslensk en hann fæddist í Japan. Eftir að fjölskyldan flutti til Íslands og Sveinbjörn byrjaði að æfa íþróttir urðu handbolti og fótbolti fyrir valinu.

„Ég var í boltanum eins og allir aðrir íslenskir krakkar. Ég uppgötvaði júdó þegar ég fékk leið á hinu. Pabbi þrýsti aldrei á mig að æfa júdó. En ég kolféll fyrir íþróttinni strax á minni fyrstu æfingu, átján ára,“ segir Sveinbjörn.

Hann viðurkennir að hann sjái stundum eftir því að hafa ekki byrjað fyrr. „En ég hugsa ekki um það núorðið. Ég reyni frekar að gera það besta úr hverjum degi.“

> Pabbi þrýsti aldrei á mig að æfa júdó. En ég kolféll fyrir íþróttinni strax á minni fyrstu æfingu.
>
> Sveinbjörn Jun Iura

### Brons á sterku móti

Sveinbjörn gerði atlögu að því að komast inn á Ólympíuleikana í Ríó í fyrra. Hann náði að koma sér inn á lista hundrað efstu manna á heimslistanum í hans þyngdarflokki, -81 kg.

„Það er mjög erfitt að komast inn og sérstaklega í mínum þyngdarflokki þar sem samkeppnin er mjög mikil. En ég sá að ég gat þetta. Það vantaði bara upp á reynsluna sem ég bý að núna. Hún mun hjálpa mér mikið á komandi mótum.“

Um helgina keppti hann á sterku móti í Danmörku þar sem hann vann til bronsverðlauna. „Ég var mjög ánægður með það því að það voru keppendur á mótinu frá sterkasta háskólanum í Japan. Ég náði líka að vinna mjög sterkan Svía sem hefur náð frábærum árangri á alþjóðavettvangi.“

### Þarf sterka bakhjarla

Sveinbjörn þarf eins og aðrir að safna punktum á alþjóðlegum mótum til að komast á leikana í Tókýó. Til þess þarf hann að ferðast um allan heim til að keppa á mótum með tilheyrandi kostnaði. Þar sem það er enn langt í Ólympíuleikana er Sveinbjörn að huga að öðrum verkefnum, svo sem Smáþjóðaleikunum í San Marínó í vor. En hann stefnir einnig á æfingabúðir ytra og önnur alþjóðleg mót.

„Það er alltaf basl að láta enda ná saman. Til þess þarf sterka bakhjarla. Það er mikið undir því komið að það gangi allt saman upp,“ segir Sveinbjörn að lokum.

eirikur@frettabladid.is

### Íslenskur júdómaður á níu af síðustu ellefu Ólympíuleikum

Þormóður Árni Jónsson keppti á sínum þriðju Ólympíuleikum í röð á ÓL í Ríó í fyrra en hann var einnig með á ÓL í London 2012 og ÓL í Peking 2008. Þátttaka Þormóðs á síðustu þremur leikum þýðir að Ísland hefur nú átt júdómenn á öllum Ólympíuleikum frá því í Montreal 1976 fyrir utan leikana í Sydney 2000 og í Aþenu 2004.

Bjarni Friðriksson hefur farið á flesta Ólympíuleika eða fjóra í röð frá 1980 til 1992. Bjarni vann bronsverðlaun á Ólympíuleikunum í Los Angeles árið 1984. Bjarni hefur líka verið þjálfari Þormóðs á síðustu leikum og þekkir það því betur en flestir að vera á Ólympíuleikum.





Stórsveit Reykjavíkur fagnar 25 ára afmæli með framúrskarandi gesti frá Þýskalandi.

Stjórnandi og einleikari: Ansgar Striepens

HARPA KALDALÓN
Laugardag 25. febrúar kl. 16:00
Miðar á harpa.is, í miðasölu Hörpu og á tix.is

Styrkt af Reykjavíkurborg Tónlistarsjóður

SR STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. febrúar 2017

7. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

## Ganga frá sölu á Arion banka

Bandarískir sjóðir og hópur lífeyrissjóða áforma að kaupa allt að 50 prósent í Arion banka af Kaupþingi. Kaupsamkomulag við fjárfestingasjóðina er mjög langt komið og ættu viðskiptin að klárast á allra næstu vikum. Söluandvirðið fer í að gera upp 84 milljarða skuldabréf til ríkisins.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



»2

### Fákaseli lokað

Hestagarðinum Fákaseli Í Ölfusi var lokað í síðustu viku. Icelandair Group, Landsbankinn og sjö lífeyrissjóðir áttu um 90 prósent í verkefninu.

»2

### Opnar við hlið Reebok

Laugar ehf. hefur fengið úthlutað lóð undir nýja líkamsræktarstöð World Class á Völlunum eða í nokkurra metra fjarlægð frá Reebok Fitness.

»4

### Göngin 30% fram úr áætlun

Kostnaður við Vaðlaheiðargöng er rúmir ellefu milljarðar króna á verðlagi 2011. Verkið er því komið allt að 30 prósentum fram úr áætlun.



# Svanhildur á eftir stjórnarsæti í VÍS

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fjárfestir og hluthafi í VÍS, hyggst bjóða sig fram í stjórn tryggingafélagsins á aðalfundi félagsins sem fer fram 15. mars næstkomandi. Svanhildur staðfestir þetta í samtali við Markaðinn en hún og eiginmaður hennar, Guðmundur Örn Þórðarson, eiga samanlagt um átta prósenta hlut í VÍS. Guðmundur átti sæti í stjórn félagsins um tíma en dró framboð sitt í stjórn félagsins til baka á síðasta aðalfundi í mars í fyrra.

**8%**

**er hlutur hjónanna Svanhildar og Guðmundar í VÍS**

Þá segir Svanhildur að ákvörðun hennar um að sækjast eftir stjórnarsæti í VÍS þýði jafnframt að hún muni ekki bjóða sig fram í stjórn Icelandair Group en í samtali við Markaðinn fyrr í þessum mánuði sagðist hún vera að íhuga slíkt stjórnarframboð.

Stjórn VÍS er í dag skipuð Herdísi Dröfn Fjeldsted, sem er jafnframt stjórnarformaður, Jostein Sorvoll, Helgu Hlín Hákonardóttur og Reyni Finndal Grétarssyni. Benedikt Gíslason sagði sig úr stjórn félagsins í nóvember 2016 samhliða því að hann fór í stjórn Kaupþings. Hjónin Svanhildur og Guðmundur, sem voru á sínum tíma aðaleigendur Skeljungs, eru á meðal stærstu einkafjárfesta í hluthafahópi VÍS. Þá eiga þau átta prósent hlut í Kviku í gegnum félagið K2B fjárfestingar en VÍS keypti jafnframt í byrjun þessa árs um 22 prósent í bankanum.

Tryggingafélagið skilaði hagnaði upp á 1.469 milljónir króna á árinu 2016 borið saman við 2.076 milljóna hagnað árið áður. Hlutabréfaverð VÍS hefur lækkað um 6,6 prósent það sem af er árinu. **- hae**



**Svanhildur Nanna og eiginmaður hennar eru fyrrverandi eigendur Skeljungs.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






**Auk hestasýningarinnar var boðið upp á ferðir í hesthúsin og í Fákaseli var einnig veitingastaður og verslun.** MYND/FÁKASEL

# Fákaseli lokað eftir mikinn taprekstur

**Hestasýningum Fákasels Í Ölfusi var hætt í síðustu viku. Icelandair Group, Landsbankinn og sjö lífeyrissjóðir áttu um 90 prósenta hlut í ferðaþjónustufyrirtækinu. Hafa skilað inn nauðasamningi. Töpuðu 168 milljónum árið 2015.**

Hestagarðinum Fákaseli í Ölfusi var lokað í síðustu viku vegna taprekstrar upp á mörg hundruð milljónir króna. Eigendur ferðaþjónustufyrirtækisins hafa skilað inn nauðasamningi við kröfuhafa til Héraðsdóms Suðurlands. Fagfjárfestasjóðurinn Landsbréf Icelandic Tourism Fund I slhf. (ITF 1) á um 90 prósenta hlut í Fákaseli. Sjóðurinn er í eigu Icelandair Group, Landsbankans og sjö lífeyrissjóða.

„Félagið er búið að eiga í talsverðum rekstrarerfiðleikum en það er búið að vera í rekstri í þrjú ár. Þetta var niðurstaðan eða að loka og fara í fjárhagslega endurskipulagningu á félaginu sem stendur nú yfir," segir Helgi Júlíusson, framkvæmdastjóri ITF 1 og stjórnarmaður í Fákaseli ehf.

Fákasel var opnað í janúar 2014 á jörðinni Ingólfshvoli í Ölfusi og höfust þá daglegar hestasýningar. Mikið var lagt í þær og höfðu reyndir framleiðendur, tækni- og leikhúsfólk aðkomu að hönnun og uppsetningu þeirra. Það ár skilaði reksturinn 136 milljóna króna tapi. Ári síðar nam tapið 167,7 milljónum samkvæmt nýjasta ársreikningi félagsins. Helgi vill ekki gefa afkomuna í fyrra upp að öðru leyti en að staðfesta að hún var neikvæð.

**Við vonum að það verði hægt að komast hjá því að félagið fari í þrot.**



Helgi Júlíusson, framkvæmdastjóri ITF 1

„Við vonum að það verði hægt að komast hjá því að félagið fari í þrot. Við höfum sent frumvarp að nauðasamningi til Héraðsdóms Suðurlands. Ef það fer í gegn verður gert upp við kröfuhafa í samræmi við það frumvarp en það er ferli sem tekur tvo til þrjá mánuði. En það er ljóst að rekstrinum verður ekki framhaldið með óbreyttu sniði," segir Helgi.

Samkvæmt ársreikningnum fyrir 2015 átti Fákasel þá eignir upp á 537 milljónir króna en skuldaði 404 milljónir. ITF 1 átti þá 47,8 prósent í ferðaþjónustufyrirtækinu. Helgi segir eign sjóðsins í Fákaseli hafa aukist í hlutafjáraukningum í fyrra og þannig endað í um 90 prósenta hlut. Snæból, fjárfestingarfélag hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, var næststærsti eigandinn í árslok 2015 með 19,9 prósent. Þar á eftir kom Fellsendi ehf. með 14,6 prósent en það er í eigu hjónanna Bryndísar Mjallar Gunnarsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra Fákasels, og Guðmundar Ólasonar, fyrrverandi forstjóra Milestone.

Helgi Júlíusson vill ekki svara því hversu miklu heildarfjárfesting ITF 1 í Fákaseli nemur. Icelandair Group á 29 prósenta hlut í sjóðnum og Landsbankinn, sem er nánast alfarið í eigu ríkisins, 19,9 prósent. Lífeyrissjóðirnir sjö eiga því 51 prósent og er Lífeyrissjóður verslunarmanna stærstur með 14,6 prósenta hlut.
**haraldur@frettabladid.is**

# Opna World Class í sömu götu og Reebok

Laugar ehf. hefur fengið úthlutað lóð undir nýja líkamsræktarstöð World Class við Tjarnarvelli í Hafnarfirði. Björn Leifsson, framkvæmdastjóri World Class, segir stefnt að opnun haustið 2018 og að hann óttist ekki samkeppni við Reebok Fitness sem rekur tvær líkamsræktarstöðvar í innan við 100 metra fjarlægð.

„Það verður samkeppni þarna á svæðinu en ég hef ekki áhyggjur af því. Ég keyri einfaldlega mína gæðastefnu og þá kemur fólkið," segir Björn í samtali við Markaðinn.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti lóðarumsókn Lauga um Tjarnarvelli 7 síðasta miðvikudag. Bæjarfirvöld höfnuðu aftur á móti í maí í fyrra umsókn félagsins um lóð við Suðurbæjarlaug. Þar vildi Björn byggja 2.000 fermetra líkamsræktarstöð í suðurenda sundlaugargarðsins.

„Ég reyndi við Suðurbæjarlaug og fékk ekki og hef alltaf haft áhuga á að koma upp alvöru stöð í Hafnarfirði með leikfimisölum og slíku.



**Laugar fengu lóð við Tjarnarvelli en Reebok rekur stöð í götunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Björn Leifsson, framkvæmdastjóri World Class**

Húsið sem ég þarf að byggja er 4.200 fermetrar en stöðin sem slík verður um 2.500 fermetrar. Þetta er í stærri kantinum miðað við aðrar stöðvar hjá okkur," segir Björn.

Reebok Fitness var opnað við Tjarnarvelli 3 í ágúst 2015. Byggingin hafði þá staðið tóm frá árinu 2008. Í júlí síðastliðnum sömdu Hafnarfjarðarbær og Reebok Fitness um opnun á nýrri líkamsræktarstöð í Ásvallalaug. Var þá skrifað undir fimm ára leigusamning en sundlaugin er rétt tæpum hundrað metrum frá lóð Lauga eða álíka langt frá henni og hin stöð Reebok Fitness. **– hg**



Fremsta eignastýring innanlands
Fyrsti valkostur utanlands
Besta eignastýring á Íslandi þrjú ár í röð*
– góður kostur þegar þú fjárfestir erlendis
*World Finance
kvika.is
KVIKA




**Af hverju krosslímt tré?**

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is

Byggðu til framtíðar
með lausnum frá IDEX



Sjónvarpsdreifikerfi
fyrir hótel, gistiheimili og skip.

ÖREIND
– Tengir þig við framtíðina!
Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is
sart SAMTÖK RAFVERKTAKA

heimili
fasteignasala
– á traustum grunni


Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali

**Grensásvegur 3 - Nýtt skrifstofuhúsnæði**



Skrifstofuhúsnæði miðsvæðis í borginni. Skrifstofan eru á 2. hæð í enda í nýlega endurbættu húsnæði. Um er að ræða 157 - 182 fm með sameign og jafnvel meira. Húsnæðið skiptist í þrjá lokaðar skrifstofur, móttöku, nýtt eldhús og opið rými þar sem möguleiki er á sjö vinnustöðvum (skv teikningu). Bjartar skrifstofur með fjölda glugga. Mögulegt er að bæta við þessa 157 fm ca 25 fm fundarherbergi. Í sameign eru salerni og ræstingageymsla. Ljósleiðari er í húnæðinu og loftræstikerfi, dúkur á gólfum. Hentugt skrifstofuhúsnæði nálægt helstu stofnæðum borgarinnar.

Allar nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali
699 3444 / Bogi@heimili.is

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is
S A F T


# Vaðlaheiðargöng farin 30% fram úr áætlun

**Stjórnarformaður Vaðlaheiðarganga segir kostnaðinn við framkvæmdina nema rúmum ellefu milljörðum króna á verðlagi 2011. Verkið er því komið allt að 30% fram úr áætlun. Rúma 3,2 milljarða vantar að núvirði til viðbótar við 8,7 milljarða króna ríkislánið. Ekki víst hvenær niðurstaða um viðbótarlán fæst.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Kostnaður við Vaðlaheiðargöng er samkvæmt nýjustu tölum stjórnenda verkefnisins rúmir ellefu milljarðar króna á verðlagi í árslok 2011. Verkið er því komið allt að 30 prósentum fram úr áætlun. Ljóst er að rúma 3,2 milljarða króna að núvirði vantar upp á miðað við upphaflega áætlun þegar virðisaukaskattur hefur verið lagður ofan á.

„Við erum í ágætis sambandi við stjórnvöld og erum að sjálfsögðu að ræða við þau um fjármögnun verksins sem er auðvitað í skoðun núna. Það þarf viðbótarlán og það er verið að ræða það bæði við Seðlabanka og fjármálaráðuneytið. Það er í eðlilegu ferli en ekki hægt að setja neina dagsetningu á hvenær niðurstaða fæst í það," segir Ágúst Torfi Hauksson, stjórnarformaður Vaðlaheiðarganga, í samtali við Markaðinn.

**Búinn að greiða 7,6 milljarða**

Upphaflega var gert ráð fyrir að göngin myndu kosta 8.730 milljónir auk virðisaukaskatts á verðlagi 2011. Samkvæmt svari Ágústs við fyrirspurn Markaðarins er áætlaður kostnaður, eftir þau áföll sem dunið hafa á verkefninu, um 27 til 30 prósent umfram það ef frá eru taldar verðbætur á framkvæmdatíma. Þegar tölurnar sem Ágúst vísar í voru teknar saman í lok september í fyrra var verkkaupinn Vaðlaheiðargöng hf. búinn að greiða um 6,8 milljarða fyrir verkið auk 800 milljónir króna í verðbætur.

„Varðandi kostnað vegna leka báðum megin þá er það enn í vinnslu og endanlegur kostnaður vegna þessara frávika mun ekki liggja fyrir fyrr en dregur nær verklokum," segir í skriflegu svari Ágústs.

Þar kemur einnig fram að áætluð verklok eru sumarið 2018. Þegar fyrsta formlega sprenging ganganna var sprengd í júlí 2013 áttu þau að vera tilbúin í desember síðastliðnum. Vatnsleki báðum megin í göngunum og aðrar uppákomur eins og hrun úr gangnaloftinu hafa seinkað verkinu um eitt og hálft ár miðað við bjartsýnustu spár.

„Nú er verið að fara í gegnum setlag Eyjafjarðarmegin sem tefur verkframvindu en unnið er á báðum stöfnum núna og hefur verið frá því í nóvember," segir Ágúst.

**Vildi ná sumrinu 2017**

Alþingi samþykkti 8,7 milljarða króna ríkislánið í júní 2012. Fyrir þann tíma var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir tækju þátt í fjármögnun verkefnisins en af því varð ekki. Þáverandi ríkisstjórn ákvað að lánið yrði fjármagnað úr ríkissjóði til skamms tíma eða til ársins 2018. Það yrði þá endurfjármagnað með útgáfu verðtryggðs skuldabréfs en göngin áttu þá að vera orðin sjálfbær með innheimtu veggjalds. Framkvæmdin var ekki á samgönguáætlun og bent var á að lánveitingin felur í sér talsverða áhættu fyrir ríkið.

Pétur Þór Jónasson, fyrrverandi stjórnarformaður Vaðlaheiðarganga, sagði í samtali við Fréttablaðið í apríl 2015 mikilvægt að göngin yrðu farin að skila félaginu tekjum sumarið 2017. Einum mánuði síðar ítrekaði Pétur við DV hversu mikilvægt það væri enda tekjudreifingin af veggjöldum mjög ójöfn yfir árið. Lánasamningurinn við ríkið hljóðaði upp á að ákveðinn reynslutími fengist áður en lánið yrði endurfjármagnað. Seinkun verksins myndi því hafa sömu áhrif á endurfjármögnunina.

Fjármálafyrirtækið Gamma vann síðasta vor mat á þjóðhagslegum áhrifum Vaðlaheiðarganga. Samkvæmt því mun þjóðhagslegt tap þeirra nema rúmum átta milljörðum króna. Eldra mat sem unnið var með sömu aðferðafræði í árslok 2012 sýndi tap upp á 4,3 milljarða.

Lengi hefur verið ljóst að framkvæmdin ætti eftir að verða kostnaðarsamari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í febrúar 2014 opnaðist stór heitavatnsæð í göngunum Eyjafjarðarmegin. Afköst í borun ganganna hrundu þá um rúmlega helming úr 60 til 70 metrum að meðaltali á viku. Rúmu ári síðar fór kalt vatn að leka úr stórri sprungu í lofti Fnjóskadalsmegin. Vinna við að loka henni hófst ekki fyrr en í febrúar 2016. Vatnið sem þá hafði safnast saman í göngunum var um tíma svo djúpt að nota þurfti árabát til að sigla inn að stafni. Forsvarsmenn verkefnisins sögðu að aldrei áður hefðu viðlíka aðstæður skapast í gangnagerð hér á landi.

Göngin eru nú 6.764,5 metra löng og því búið að grafa um 93 prósent af heildarlengdinni. Þau lengdust um 23,5 metra í síðustu viku en afköstin hafa minnkað síðustu vikur eftir að verktakar boruðu inn í þykk setlög. Ef framvindan verður upp á jafnmarga metra á viku verður gegnumslag eftir átján vikur eða í júnímánuði. Verktakar Ósafls hefðu þá einungis eitt ár til að ljúka verkinu miðað við áform stjórnar Vaðlaheiðarganga um opnun sumarið 2018. haraldur@frettabladid.is


Einungis á eftir að grafa 441 metra í Vaðlaheiðargöngum. Samkvæmt upphaflegri áætlun áttu þau að opna fyrir umferð í desember síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**Það þarf viðbótarlán og það er verið að ræða það bæði við Seðlabanka og fjármálaráðuneytið.**

Ágúst Torfi Hauksson, stjórnarformaður Vaðlaheiðarganga.



**93%**

**af greftri Vaðlaheiðarganga er nú lokið. Stefnt er að gegnumslagi á næstu mánuðum en göngin verða alls 7.206 metra löng.**




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050 mazda.is



Miðað við fyrirliggjandi kaupverð er gert ráð fyrir því að bandarísku fjárfestingasjóðirnir og lífeyrissjóðirnir kaupi hlut í Arion banka á genginu rúmlega 0,8 miðað við bókfært eigið fé. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sala til bandarískra sjóða að klárast

**Kaupþing hyggst selja 40 til 50 prósent í Arion banka til bandarískra fjárfestingasjóða og hóps lífeyrissjóða. Kaupsamningur við fjárfestingasjóðina, sem sumir eru jafnframt kröfuhafar Kaupþings, eru langt komnir. Söluandvirðið gæti verið allt að 90 milljarðar og færi nánast allt til íslenska ríkisins. Sala á tugprósenta hlut í lokuðu útboði þýðir að almennt hlutafjárútboð frestast fram í maí eða júní.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Kaupþing vinnur nú að því að ganga frá sölu á allt að 50 prósenta hlut félagsins í Arion banka í lokuðu útboði til bandarískra fjárfestingasjóða og hóps íslenskra lífeyrissjóða. Kaupverðið mun nema á bilinu 70 til 90 milljörðum íslenskra króna, eða sem jafngildir genginu rúmlega 0,8 miðað við bókfært eigið fé Arion banka. Væntingar eru um að viðskiptin verði kláruð á allra næsta vikum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Söluandvirðið mun fara í að gera upp 84 milljarða veðskuldabréf sem Kaupþing gaf út til íslenska ríkisins í ársbyrjun 2016.

Kaupsamningar við bandarísku sjóðina eru mjög langt komnir en áformað er að fjórir fjárfestingasjóðir kaupi allt að 25 prósenta hlut í bankanum. Að minnsta kosti tveir þessara sjóða – Taconic Capital og Och-Ziff Capital – eru jafnframt á meðal kröfuhafa Kaupþings. Enginn einn þeirra verður með meira en 10 prósent í Arion banka, sem myndi þýða að samþykki Fjármálaeftirlitsins (FME) þyrfti til að fara með virkan eignarhlut, en Taconic Capital hyggst vera með stærsta einstaka hlutinn á meðal sjóðanna, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sá vogunarsjóður er langsamlega umsvifamestur í kröfuhafahópi Kaupþings en í árslok 2016 áttu sjóðir Taconic Capital samtals 40 prósent allra krafna á hendur félaginu.

Í dag eru kröfuhafar Kaupþings aðeins óbeint eigendur að Arion banka í gegnum 87 prósenta eignarhlut sem Kaupskil, dótturfélag Kaupþings, heldur utan um og hafa því enga formlega aðkomu að stjórn né rekstri bankans. Það mun því taka breytingum á næstunni þegar sjóðir á borð við Taconic Capital verða á meðal hluthafa Arion banka en fyrir utan Kaupþing á íslenska ríkið 13 prósenta hlut í bankanum. Bandarísku sjóðirnir bíða nú meðal annars eftir samþykki Seðlabanka Íslands um undanþágu frá lögum um gjaldeyrismál, vegna útgáfu afleiðusamninga í því skyni að verja sig gegn gengisþróun krónunnar, í tengslum við fjárfestingu þeirra í Arion banka.

### Óvíst um fjölda sjóða

Samningar við íslensku lífeyrissjóðina eru ekki jafn langt á veg komnir en af hálfu Kaupþings er engu að síður búist við að niðurstaða fáist á næstunni um hversu mikil aðkoma þeirra verður að kaupum á hlut í Arion banka. Á þessari stundu liggur ekkert fyrir um endanlegan fjölda þeirra sjóða sem áforma að fjárfesta í bankanum, þar sem slíkar tillögur hafa enn ekki verið lagðar fyrir stjórnir lífeyrissjóðanna, en gert hefur verið ráð fyrir að þeir muni kaupa samanlagt sambærilegan hlut og bandarísku fjárfestingasjóðirnir.

Á meðal fjögurra stærstu lífeyrissjóðanna – Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Gildis og Birtu – þykir ólíklegt að LSR muni á þessu stigi í söluferlinu fjárfesta í bankanum. Hinir stóru sjóðirnir, einkum Gildi og Birta, horfa hins vegar til þess að kaupa hlut í lokuðu útboði (e. private placement) auk ýmissa smærri lífeyrissjóða. Hversu stóran hlut sjóðirnir munu samanlagt kaupa, samkvæmt heimildum Markaðarins, breytir engu varðandi samkomulag bandarísku fjárfestingasjóðanna við Kaupþing um að eignast 20 til 25 prósenta hlut í Arion banka.

### Hlutafjárútboð frestast

Sú staðreynd að Kaupþing er um þessar mundir að ganga frá sölu á tugprósenta eignarhlut í Arion ➡

## Reynir ekki á forkaupsrétt ríkisins

Ekki mun koma til þess að íslenska ríkið þurfi að taka ákvörðun um að nýta sér forkaupsrétt og þannig mögulega stíga inn í kaup bandarísku sjóðanna og lífeyrissjóðanna á hlut í Arion banka. Samkvæmt þeim stöðugleikaskilyrðum sem kröfuhafar Kaupþings féllust á í tengslum við nauðasamning slitabúsins í fyrra er að finna ákvæði sem veitir stjórnvöldum heimild til að ganga inn í kaup ef til stendur að selja hlut í bankanum á genginu 0,8 eða lægra miðað við bókfært eigið fé Arion banka hverju sinni.

Í viðræðum Kaupþings við mögulega fjárfesta að hlut í bankanum hefur það verið skoðun stjórnenda félagsins að erfitt sé að ímynda sér að raunhæft geti talist að selja hlut í Arion banka á verði þar sem ríkið hefði þann möguleika að ganga inn í kaupin. Við slíkar aðstæður, ekki síst þegar um er að ræða sölu á hlut til fjárfesta í lokuðu útboði, væri hætt við því að söluferlið gæti dregist á langinn vegna pólitískrar óvissu. Ekki mun hins vegar reyna á þennan forkaupsrétt ríkisins vegna væntanlegrar sölu til erlendu fjárfestingasjóðanna og lífeyrissjóðanna þar sem áætlað er að kaupverðið verði rétt yfir genginu 0,8.

Stjórnvöld fóru fram á að sett yrði inn slíkt ákvæði um forkaupsrétt með hliðsjón af þeim miklu fjárhagslegu hagsmunum sem ríkið hefur af sölu Kaupþings á Arion banka. Samkvæmt afkomuskiptasamningi sem gerður var við kröfuhafa Kaupþings mun ríkið þannig fá um 129 milljarða í sinn hlut ef allur 87 prósenta hlutur félagsins er seldur í samræmi við núverandi bókfært eigið fé Arion banka en eigendur Kaupþings myndu aftur á móti fá um 55 milljarða. Söluandvirðið sem rennur til ríkisins yrði hins vegar um 94 milljarðar ef allur eignarhlutur Kaupþings yrði seldur á gengi sem nemur 0,7 miðað við eigið fé bankans í dag.

## Hvernig skiptist söluandvirðið?

**EF 40% SELJAST**

| | |
|---|---|
| 69 milljarðar króna til ríkisins | 0 krónur til Kaupþings |

**EF 50% SELJAST**

| | |
|---|---|
| 84 milljarðar króna til ríkisins | 3 milljarðar króna til Kaupþings |

Miðað við að Kaupþing selji hlutinn á genginu 0,82 miðað við bókfært eigið fé Arion banka í árslok 2016. Þeir fjármunir sem myndu renna til ríkisins færu í að gera upp 84 milljarða skuldabréf sem Kaupþing gaf út til stjórnvalda 2016.

# TÓNLEIKAR MEÐ GILDI

Félag tónskálda og textahöfunda stendur fyrir nýrri tónleikaröð á Græna herberginu. Í kvöld munu fjórir ólíkir listamenn leika eigin lög.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Ný tónleikaröð á vegum Félags tónskálda og textahöfunda (FTT) hefst í kvöld á tónleikastaðnum Græna herberginu í Reykjavík. Tónleikaröðin ber nafnið Söngvaskáld FTT en í kvöld eru það Elín Ey, Teitur Magnússon, Unnur Sara Eldjárn og Jón Jónsson sem hefja leikinn og flytja blöndu nýrra og eldra laga. Tilgangur tónleikaraðarinnar er fyrst og fremst að vekja athygli á félagsmönnum FTT en í því eru rúmlega 400 meðlimir, þ.m.t. flestir þekktustu tón- og textasmiðir þjóðarinnar.

Í kvöld ætlar Elín Ey að spila mestmegnis nýtt efni auk þess sem hún tekur eitt eða tvö ábreiðulög eins og hún gerir yfirleitt á tónleikum. „Í vetur hef ég helst verið að vinna í því að koma plötunni minni út. Einnig hef ég ferðast aðeins með Sísý Ey auk þess sem ég spila mikið úti á landi fyrir erlenda ferðamenn. Fram undan er því að klára íslensku plötuna mína ásamt því að semja aðra plötu sem ég mun henda mér strax í þegar hin kemur út. Auk þess er ég að stofna nýja hljómsveit með systrum mínum.“

### KOMIÐ TIL AÐ HLUSTA

Veturinn hefur verið nokkuð viðburðaríkur hjá Teiti sem segist líklegast blanda saman alls kyns lögum í kvöld, bæði gömlum og nýjum. „Ég hef spilað talsvert á milli þess sem ég tek upp nýja plötu sem er væntanleg með vorinu. Það verður yndislegt að koma henni áfram til hlustenda.“ Teitur er meðlimur reggísveitarinnar Ojba Rasta en hún hefur legið í dvala í vetur á meðan meðlimirnir einbeita sér að ýmsum verkefnum.

Þau hlakkar bæði til kvöldsins. „Svona tónleikar leiða saman tónlistarfólk úr ólíkum áttum og skapa þannig áhugaverða blöndu. Þó að við séum öll söngvaskáld þá höfum við verið að starfa á mismunandi vettvangi og drögum sjálfsagt þann reynsluheim inn í þennan. Það verður fróðlegt að sjá og heyra. Þetta verður huggulegt,“ segir Teitur.

„Ég veit svo sem ekki hvaða gildi tónleikar hafa og hafa ekki, en ég veit þó fyrir víst að það er gaman að spila á FTT tónleikum. Þar er oftast fólk sem komið er til að hlusta og fyrir mig er það mesta gildið í því að koma fram,“ bætir Elín Ey við.

### EILÍTIÐ LÁGSTEMMDARI

Jón Jónsson segist vanur að troða upp einn með kassagítarinn í 20 til 30 mínútur og þá sé áskorunin sú að koma gestum í besta mögulega fílinginn. „Ég hugsa þó að ég noti kvöldið í að vera eilítið lágstemmdari og jafnvel frumflytja 1-2 lög. Undanfarnar vikur hef ég verið að dusta rykið af gömlum hljóðbútum sem gætu orðið að fullvaxta lögum. Þannig að ef stemningin leyfir, þá ætla ég að henda þeim út í kosmósinn í Græna herberginu í kvöld.“

Veturinn er búinn að vera skemmtilegur hjá Unni Söru Eldjárn. Í kvöld ætlar hún aðallega að flytja lög af plötu sinni sem kom út fyrir tveimur árum þótt hugsanlega fái nýtt efni að slæðast með. Síðasta haust fór hún ásamt fimm öðrum tónlistarkonum á Hvammstanga þar sem þær sömdu saman tónlist á hverjum degi í viku. Afraksturinn kemur út í formi heimildarmyndar og plötu í næsta mánuði. „Þegar mér gefst tími vinn ég í nýjum lögum en það kemur vonandi eitthvað nýtt út á þessu ári.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 21. Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Græna herbergisins.



Teitur Magnússon og Elín Ey koma fram á fyrstu tónleikum í tónleikaröðinni Söngvaskáld sem FTT stendur fyrir. Tónleikarnir verða í Græna herberginu í Reykjavík en þar munu einnig Jón Jónsson og Unnur Sara Eldjárn koma fram. MYND/ANTON BRINK




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

















Japönsku dúkkurnar eru þekktar fyrir einfaldleika og sterka litanotkun. Dúkkurnar eru bæði unnar mjög hefðbundið en líka á nútímalegan frumlegan hátt. MYND/GVA

# EINSTAKT AUGNAYNDI OG HANDBRAGÐ

Dúkkur hafa verið hluti af daglegu lífi í Japan frá örófi alda. Um helgina verður opnuð sýningin Dúkkur frá Japan í menningarhúsinu Gerðubergi þar sem um 70 dúkkur af ýmsum gerðum verða sýndar.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Sýningin Dúkkurnar frá Japan verður opnuð á efri hæð menningarhússins Gerðubergs í Reykjavík um helgina. Þar verða sýndar um 70 dúkkur sem skiptast í afar fjölbreytilega flokka en dúkkur hafa verið hluti af daglegu lífi í Japan frá örófi alda að sögn Kristínar Þóru Guðbjartsdóttur, verkefna- og sýningarstjóra í Gerðubergi. Hún segir japanskar dúkkur endurspegla siði landsins og um leið lífsviðhorf Japana. „Þær hafa þróast gegnum aldirnar í margvísleg form og eru ólíkar eftir því hvaða héruðum landsins þær tilheyra. Um leið sýna þær einnig vel hefðbundið japanskt handbragð, til dæmis í textíl. Þannig má segja að dúkkurnar á sýningunni gefi áhugaverða innsýn í margbreytilega japanska menningarsögu.“ Dúkkurnar frá Japan er farandsýning sem er búin að ferðast út um allan heim síðan árið 2000. Hingað kom hún frá Róm og næsti viðkomustaður er Írland.

Gamlar japanskar hefðir á borð við „stúlkuhátíðina“ (Hina Matsuri) eiga sinn þátt í þessari sérstöku dúkkumenningu að sögn Kristínar. „Hin víðtæka aðdáun á dúkkunum hefur orðið til þess að þær eru ekki einungis taldar barnaleikföng heldur einnig listaverk til að sýna og dást að. Japönsku noh- og kabuki-leikhúshefðirnar hafa einnig fléttast inn í dúkkuhefðina sem svo hefur enn aukið við fjölbreytileika í framsetningunni.“



„Í fyrstu virðast þær einfaldar viðardúkkur en þær eru mun flóknari við nánari skoðun,“ segir Kristín Þóra Guðbjartsdóttir hjá Gerðubergi. MYND/GVA

## STERK LITANOTKUN

Dúkkusýningarnar hafa verið vinsælar þar sem þær eru sett- ar upp. „Dúkkurnar eru auðvitað einstakt handbragð og augnayndi. Það eru sérstaklega kokeshi dúkkurnar sem hafa verið hvað vinsælastar utan



> Þær eru kunnar fyrir einfaldleika og sterka litanotkun.

Japans á undanförnum árum. Þær eru kunnar fyrir einfaldleika og sterka litanotkun. Í fyrstu virðast þær einfaldar viðardúkkur en þær eru mun flóknari við nánari skoðun. Þær eru bæði unnar mjög hefðbundið en líka á nútímalegan frumlegan hátt.“

Dúkkurnar eru af öllum stærðum og gerðum, allt frá um 10 cm á hæð til 87 cm á hæð. Rólyndislegt yfirbragð andlitsins er eitt einkenni dúkkanna og einnig mikil litagleði sem kallast á við forna búningahefð Japana.

Sýningin hefst á laugardag 25. febrúar kl. 14 í Menningarhúsinu Gerðubergi í Reykjavík. Sendiherra Japans á Íslandi, Yasuhiko Kitagawa, mun opna sýninguna. Café Lingua verður á opnuninni en þar opnast dyrnar að japanskri menningu og hægt verður að fræðast um tungumálið og leturgerð.

**Nánari upplýsingar má finna á www.borgarbokasafn.is.**


ALLT INNIFALIÐ
MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM
PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN
SETTAN UPP TÍMANLEGA FYRIR SUMARIÐ
NR. 116-5
VERÐ KR. 186.000
316.100
NR. 2042
VERÐ KR. 149.900
276.600
NR. 2046
VERÐ KR. 270.220
408.900
NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 265.420
402.900
NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 329.420
482.900
NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 297.420
442.900
NR. 2021
VERÐ KR. 304.620
451.900
NR. 115
VERÐ KR. 369.420
532.900
NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 313.420
462.900
NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 385.420
552.900
ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
ÞARF AÐ ENDURNÝJA
LETRIÐ Á STEININUM?
GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ
HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á
LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ
OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM
ERU FARNIR AÐ HALLA.
FYRIR
EFTIR
Graníthöllin
Legsteinar
BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.






Ekki þarf að kunna eitt einasta spor og ekki þarf að mæta með dansfélaga.

# SAMA TUNGUMÁL UM ALLAN HEIM

Salsadans mun duna á gólffjölum Iðnó í kvöld en félag áhugafólks um salsa á Íslandi stendur fyrir danskvöldi og ókeypis kennslu fyrir byrjendur. Edda Lúvísa Blöndal segir salsa vera ákveðinn lífsstíl.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Oft er talað um salsa sem sjötta samkvæmisdansinn. Hann er þó ekkert líkur samkvæmisdönsum eins og við þekkjum þá því í honum er engin fyrirfram ákveðin kóreografía. Salsa er spunadans þar sem annar aðilinn stjórnar og hinn fylgir. Í salsadansi er ákveðið tungumál milli dansfélaga og þegar maður kann þetta tungumál getur maður farið hvert sem er í heiminum og dansað salsa,“ útskýrir Edda Lúvísa Blöndal, salsakennari og stofnandi Salsa Iceland, félags áhugafólks um salsa á Íslandi. Hún segir salsadans nánast eins og lífsstíl, dansinn opni fyrir fólki nýjan heim.

„Salsa býður upp á svo ótrúlega fjölbreytt félagslíf og hreinlega nýjan lífsstíl. Við sem erum forfallnir salsadansarar ferðumst um allan heim til að dansa. Það er svo auðvelt að kynnast nýju fólki og nýjum borgum á annan hátt með því að leita uppi salsastaði. Þar fyrir utan er salsað líka kærkomin tilbreyting í skemmtanaflóruna á Íslandi. Skemmtun þarf ekki alltaf að snúast um að drekka áfengi á börum og klúbbum. Þarna gefst fólki kostur á að komast í heilbrigt og fallegt andrúmsloft og hitta glatt fólk sem er að gera eitthvað nýtt. Í salsanu er algjörlega stéttlaust samfélag, alls konar fólk af alls konar þjóðerni hittist til að dansa. Það er bæði gaman og gefandi að ná tengslum við fólk á þessum skemmtilega grundvelli,“ segir Edda.

Félagið stendur fyrir danskvöldum, öll miðvikudagskvöld, allan ársins hring og yfirleitt í Iðnó. Edda segir kvöldin vel sótt, ekki þurfi að kunna eitt einasta spor til þess að mæta og allir séu velkomnir.

„Það þarf alls ekki að hafa dansað neitt áður og það þarf ekki að mæta með félaga. Marga langar að prófa að dansa en fá kannski engan til að fara með sér og lætur það stoppa sig. En þess þarf ekki hjá okkur. Að meðaltali mæta um tuttugu manns í prufutímana og alltaf mikil stemming. Við erum sextán manns í kennarateymi Salsa Iceland sem skiptum kennslunni á milli okkar. Það eru því alltaf vanir aðilar sem taka á móti fólki. Ég byrjaði á þessu fyrir þrettán árum og held oft að nú muni kannski enginn koma í kvöld, en það hefur ekki gerst enn. Iðnó er algjör draumastaður og það er alltaf jafn gaman hjá okkur. Þetta snýst ekki um að verða besti salsadansari á Íslandi heldur um það að tileinka sér kunnáttu og getu til að geta tekið þátt í þessu skemmtilega samfélagi og félagslífi.“



Dansinn dunar á vikulegum danskvöldum Salsa Iceland í Iðnó. Ókeypis danskennsla hefst klukkan 19.30 í kvöld. MYND/SALSAICELAND

> Við sem erum forfallnir salsadansarar ferðumst um allan heim til að dansa. Það er svo auðvelt að kynnast nýju fólki og nýjum borgum á annan hátt með því að leita uppi salsastaði. Þar fyrir utan er salsað líka kærkomin tilbreyting í skemmtanaflóruna á Íslandi.
>
> Edda Lúvísa Blöndal

**Ókeypis danskennslan hefst klukkan 19.30 og svo mun dansinn duna til 23.30.**









# Fasteignasýning & ráðstefna

22. febrúar 2017
**KYNNINGARBLAÐ**
Húseigendafélagið | Heimavellir hf. | Þjóðskrá Íslands | Landbúnaðarháskóli Íslands | Verkfræðistofan Vista|

## Fagaðilar fara yfir stöðu mála

Í dag hefst Fasteignaráðstefnan 2017 í Hörpu. Ráðstefnan er kjörinn vettvangur fyrir hagsmunaaðila markaðarins og aðra áhugasama til að hittast og fara yfir stöðuna. Fjöldi áhugaverðra fyrirlestra er í boði auk þess sem nokkur fyrirtæki verða með sýningarbása á staðanum.

Fasteignaráðstefnan 2017 hefst í Hörpu í dag. Tilgangur hennar er að fara yfir stöðu fasteignamarkaðarins með lykilaðilum hans, samþætta upplýsingar, fara yfir markmið og framtíðarsýn, ræða kosti og galla og ekki síst að tengja aðila markaðarins betur saman segir Ívar Ragnarsson, framkvæmdastjóri Vista Expo ehf., sem heldur ráðstefnuna. „Þannig mun íslenskur fasteignamarkaður eiga kost á að eflast enn frekar, auka við gagnsæi og verða skilvirkari en áður.“

Yfirskrift ráðstefnunnar er „úr nútíð í framtíð“ að sögn Ívars. „Fyrri hluta dags verður farið yfir framtíðina, markaðshorfur verða ræddar eftir hádegi og í lok dags hugum við svo að framboðshlið, byggingarkostnaði og fleiri þáttum. Dagskráin mun svo enda á samtali Dags B. Eggertssonar borgarstjóra og Almars Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, um það sem fram hefur farið á ráðstefnunni.“

> **Fyrsta ráðstefna okkar gekk virkilega vel þar sem saman voru komnir lykilaðilar markaðarins og fengum við afar áhugaverðar umræður. Við stefnum á að halda hana árlega enda er hún kjörinn vettvangur fyrir hagsmunaaðila markaðarins.**
> *Ívar Ragnarsson*



**„Ráðstefnan hefur svo margt upp á að bjóða til að eflast og stækka á komandi árum og því mikilvægt að aðilar markaðarins láti hana ekki fram hjá sér fara,“ segir Ívar Ragnarsson, framkvæmdastóri Vista Expo (t.h.). Með honum er Ómar Már Jónsson, viðburða- og verkefnastjóri hjá Vista Expo.** MYND/GVA

### Fjöldi fyrirlesara

Margir áhugaverðir fyrirlestrar verða á dagskránni, þar af verða tveir erlendir fyrirlesarar; Tom Palmaerts framtíðarrýnir frá Belgíu og Olle Zetterberg frá Stockholm Business Region. „Fyrirlestur Toms kemur til með að vera mjög áhugaverður en hann var með okkur á annarri ráðstefnu í fyrra og sló heldur betur í gegn.“ Átta innlendir fyrirlesarar munu auk þeirra taka til máls í dag.

Spurður hvaða hópum þessi ráðstefna sé helst ætluð segir Ívar hana helst ætlaða „landsliðinu“ á fasteignamarkaði eins og skipuleggjendur orða það gjarnan. „Þar erum við t.d. að tala um lánveitendur, fasteignasala, leigufélög, lífeyrissjóði, byggingaverktaka, verkfræðistofur, fasteignakerfi, fjárfesta, greiningaraðila, sveitarfélög, arkitekta, opinberar stofnanir og aðrir hagsmunaaðila markaðarins.“



**Ómar Már og Ívar með ágætis félaga þeirra sem þeir kynntust á sýningu í París fyrir suttu.**

### Kjörinn vettvangur

Nokkur fyrirtæki verða með sýningarbása á meðan ráðstefnan stendur yfir þar sem þau kynna þjónustu sína. „Þar má m.a. nefna Arion banka, Verkís, Frumherja, Snertil (FM Systems), MIPIM (fasteignaráðstefnan í Cannes), Almenna leigufélagið og Íbúðalánasjóð.“

Þetta er annað árið í röð sem ráðstefnan er haldin en sú fyrsta var haldin í Hörpu fyrir um einu ári. „Fyrsta ráðstefna okkar gekk virkilega vel þar sem saman voru komnir lykilaðilar markaðarins og fengum við afar áhugaverðar umræður. Við stefnum á að halda hana árlega enda er hún kjörinn vettvangur fyrir hagsmunaaðila markaðarins og aðra áhugasama til að hittast og fara yfir stöðuna hverju sinni enda enginn sambærilegur óháður vettvangur til staðar. Ráðstefnan hefur svo margt upp á að bjóða til að eflast og stækka á komandi árum og því mikilvægt að aðilar markaðarins láti hana ekki fram hjá sér fara.“

> **Fyrirlestur Toms kemur til með að vera mjög áhugaverður en hann var með okkur á annarri ráðstefnu í fyrra og sló heldur betur í gegn.**
> *Ívar Ragnarsson*

**Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og dagskrá hennar má finna á www.fasteignaradstefnan.is.**

# Spáð í skipulag framtíðar

Reykjavík – framtíðarborgin er yfirskrift erindis sem **Dr. Bjarni Reynarsson** skipulagsfræðingur flytur á Fasteignaráðstefnunni í Hörpu. Bjarni fer yfir þá framtíðarsýn sem fram kemur í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og Aðalskipulagi Reykjavíkur og veltir fram þeirri spurningu hvar koma eigi 70 þúsund manns fyrir á höfuðborgarsvæðinu næsta aldarfjórðunginn og í hvernig húsnæði?

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is





Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur veltir fyrir sér framtíðarskipulagi höfuðborgarsvæðisins í erindi sínu á Fasteignaráðstefnunni í Hörpu í dag. MYND/VILHELM

„Þó Reykjavík eigi sér fremur stutta sögu sem höfuðborg, eða um eina öld, var snemma byrjað að vinna eftir skipulagslöggjöf sem sett var árið 1921 en fyrsta heildarskipulag kom fram árið 1927," segir Bjarni sem vann við skipulag Reykjavíkurborgar í aldarfjórðung eða þar til hann stofnaði ráðgjafafyrirtæki sitt Landráð árið 2013.

Fyrir 1920 var lítið hugað að heildarskipulagi í borginni og bendir Bjarni á hverfi eins og Þingholtin og Grjótaþorpið því til stuðnings. „En eftir þann tíma hefur byggð í Reykjavík verið skipulögð eftir vissum hugmyndum og stefnum þó ekki hafi alltaf verið náð að halda utan um þróunina," segir Bjarni. Þannig hafi menn ekki haft undan í heildarskipulagi Reykjavíkur í þeirri þenslu sem varð eftir síðari heimstyrjöldina og fram til 1960 þegar hverfi byggðust hingað og þangað eftir hentugleika, líkt og Kleppsholtið og Háaleitishverfið.

„Eftir það fékk Reykjavíkurborg danska ráðgjafa til að gera fyrsta aðalskipulag Reykjavíkur frá 1962-1983. Það var mikil vinna enda 300 blaðsíðna bók á íslensku og ensku," upplýsir Bjarni en það var umfangsmesta aðalskipulag borgarinnar þar til nýtt var gefið út fyrir um þremur árum.

### Skipulagt í skugga kreppu

Hið nýja Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins til 2040 og Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 var að mestu unnið á árunum 2009 til 2013 í skugga kreppunnar og Bjarni segir það bera keim af því. „Í þessum skipulagsáætlunum er stefnumiðum eldri skipulagsáætlana kollvarpað, nú skal hætt við útþenslu byggðarinnar og stefnt að þéttri borgarbyggð með áherslu á almenningssamgöngur með léttlestum eða hraðvögnum. Þessi stefnumótun er að mörgu leyti svipuð og í borgum nágrannalanda okkar," segir Bjarni en í nýjum áætlunum er gert ráð fyrir að 90 prósent verði byggt innan núverandi byggðamarka en aðeins 10 prósent utan þeirra.




Bjarni gaf út bókina Borgir og borgarskipulag.

„Sú spurning vaknar hvort næg fjölbreytni í húsagerðum og umhverfi sé í hinum nýju þéttingarsvæðum. Á flestum þéttingarsvæðum er nokkuð þétt




Bjarni sýnir meðal annars mynd af fyrirhuguðum hótelbyggingum í miðborginni. MYND/VSÓ

4-5 hæða fjölbýlishúsabyggð. Vilja allir búa í slíkum húsum og spyrja má hvort ekkert framboð verði á sérbýlishúsum í borginni á næstu áratugum," segir Bjarni.

### Meiri vöxtur en gert var ráð fyrir

Efnahagsbatinn hefur verið mun hraðari síðustu þrjú, fjögur árin en höfundar skipulagsáætlana gerðu ráð fyrir að sögn Bjarna. Til dæmis hafi ekki verið gert ráð fyrir þeirri miklu fjölgun ferðamanna og þar af leiðandi þeim aukna fjölda hótela sem þurfti að byggja í miðbænum til að hýsa þá. „Margir hafa áhyggjur af því að skali nýrra hótelbygginga sé annar en þeirrar smágerðu byggðar sem fyrir er í miðborginni og eins að aðgengi að miðborginni fyrir borgarbúa hafi versnað á síðustu árum."

Þá hafi heldur ekki verið gert ráð fyrir þeirri miklu húsnæðiskreppu sem nú sé staðreynd. „Þó miklar áætlanir séu uppi hjá borgarstjórn að byggja duga þær ekki til, auk þess sem þessar íbúðir sem eru í byggingu eru dýrar eignir eins og verða vill á þéttingasvæðum í gamla bænum," segir hann. Þriðja breytingin sem Bjarni bendir á að hafi orðið eftir að skipulagsáætlanir voru settar fram er aukin bílaeign landsmanna. „Með bættum efnahag og þrátt fyrir þá stefnu borgarinnar að koma á auknum almenningssamgöngum hefur bílaeign aukist mjög hratt síðustu misseri og spurning hvernig borgaryfirvöld ætla að bregðast við því."

Bjarni ætlar að skoða þessa þrjá þætti í erindi sínu. „Það er fjölda ferðamanna, húsnæðisekluna og vaxandi bílaeign, og hvernig þessir þættir spili inn í nýtt svæðisskipulag. „Þá velti ég upp þeirri spurningu hvort menn hafi verið of djarfir að ákveða að 90 prósent yrði byggt innan núverandi byggðamarka en aðeins 10 prósent utan. Hvort ekki hefði verið skynsamlegra til dæmis að hafa hlutfallið 70/30 þannig að hægt yrði að byggja hraðar og ódýrar í einhverjum úthverfum," segir Bjarni en hvar koma eigi 70 þúsund manns fyrir á höfuðborgarsvæðinu næsta aldarfjórðunginn og í hvernig húsnæði?

> **Í þessum skipulagsáætlunum er stefnumiðum eldri skipulagsáætlana kollvarpað, nú skal hætt við útþenslu byggðarinnar og stefnt að þéttri borgarbyggð með áherslu á almenningssamgöngur með léttlestum eða hraðvögnum.**
>
> *Bjarni Reynarsson*

### Ritgerðasafn um skipulag Reykjavíkur

Bjarni gaf fyrir tveimur árum út bókina Borgir og borgarskipulag sem Skrudda gaf út. Þar er fjallað um þróun vestrænna borga, þróun og skipulag Kaupmannahafnar og þróun og skipulag Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins. „Í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa síðustu ár fékk ég þá hugmynd fyrir áramótin að fá fólk til að skrifa greinar um skipulag Reykjavíkur frá mismunandi sjónarhornum. Til dæmis sagnfræðinga, arkitekta, fornleifafræðinga, landslagsarkitekta og verkfræðinga," segir Bjarni sem vonar að ritgerðasafnið komi út síðar á árinu.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
Hafðu samband
info@husavidgerdir.is
Sími 565-7070
Finndu okkur á Facebook


Greiðslumat á 3 mínútum
fyrir viðskiptavini allra banka
Nú geta allir gert fullgilt greiðslumat á arionbanki.is og fengið nákvæma mynd af greiðslugetu sinni með nokkrum smellum.
Kynntu þér þessa spennandi nýjung
Arion banki
– fyrir framtíðina
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Tinna Andrésdóttir, lögfræðingur hjá Húseigendafélaginu. Húseigendafélagið er almennt hagsmunafélag húseigenda og veitir félagsmönnum lögfræðiþjónustu, húsaleiguþjónustu og húsfundaþjónustu. MYND/GVA

# Öryggi innan Húseigendafélagsins

Húseigendafélagið er almennt hagsmunafélag húseigenda og hefur um tíu þúsund félagsmenn. Félagið veitir félagsmönnum lögfræðiþjónustu, húsaleiguþjónustu og húsfundaþjónustu. Í félaginu eru nú um 800 húsfélög og hefur meðlimum fjölgað hratt síðustu ár.

Húseigendafélagið var stofnað árið 1923 og hefur starfað óslitið síðan. Félagið er almennt hagsmunafélag húseigenda og gildir einu hvort fasteignin er einbýlishús, íbúð í fjöleignarhúsi, atvinnuhúsnæði, land eða jörð og hvort sem hún er til eigin nota eða útleigu. Það geta allir fasteignaeigendur, einstaklingar, félög og fyrirtæki gerst félagar. Félagsmenn eru um tíu þúsund og hefur farið jafnt og þétt fjölgandi undanfarna áratugi. Mest hefur fjölgunin verið meðal húsfélaga í fjöleignarhúsum en í félaginu eru nú um 800 húsfélög.

## Sjálfstætt og óháð og þiggur enga styrki.

„Sumir húseigendur standa í þeirri trú að þeir séu sjálfkrafa meðlimir í Húseigendafélaginu eða að það sé opinber stofnun sem veiti öllum þjónustu. Svo er ekki. Ganga verður í félagið til að fá félagsréttindi, svo sem aðgang að innra svæði heimasíðunnar og lögfræðiaðstoð,“ segir Tinna Andrésdóttir, lögfræðingur hjá Húseigendafélaginu. „Félagið nýtur engra opinberra styrkja og er sjálfstætt og óháð í einu og öllu. Það eru félagsgjöldin sem standa að langmestu leyti undir starfsemi félagsins. Félagsgjaldinu er mjög í hóf stillt og eins er um endurgjald fyrir lögfræðiþjónustuna. Þjónusta Húseigendafélagsins er þríþætt: Lögfræðiþjónusta, húsaleiguþjónusta og húsfundaþjónusta.“

## Lögfræðiþjónusta

„Lögfræðiþjónustan er mjög eftirsótt og því þarf að setja henni ákveðnar skorður. Hún er aðallega hugsuð sem fyrsta hjálp“, til að aðstoða félagsmenn við að skilgreina vandamál sín, átta sig á réttarstöðu sinni og leiðbeina þeim veginn áfram,“ útskýrir Tinna.

„Það sem vegur þyngst eru framkvæmdir í fjöleignahúsum. Ágreiningur rís oft um hvort rétt hafi verið staðið að ákvarðanatöku, hverjir séu bundnir af henni og um skiptingu kostnaðar. Einnig fær félagið mörg mál þar sem einn eigandi í fjölbýlishúsi fær ekki samþykki húsfélags fyrir nauðsynlegum viðgerðum. Í þeim tilvikum vernda lögin eigandann og koma í veg fyrir að eign hans liggi undir skemmdum vegna athafnaleysis húsfélagsins. Lögin heimila eigendum, sem ekki fá samþykki húsfundar fyrir nauðsynlegum viðgerðum, að láta framkvæma viðgerð á kostnað allra ef sameign eða séreign liggur undir skemmdum vegna vanrækslu á viðhaldi. Ef eigandi hyggst beita þessum úrræðum laganna þarf að uppfylla ákveðin skilyrði. Mikilvægt er því að staðið sé rétt að þessu ferli. Við mælum með því að félagið sé haft með í ráðum þegar þessari heimild laganna er beitt, enda gríðarmiklir hagsmunir undir.“

**Eftirtaldir málaflokkar koma oftast til kasta lögfræðiþjónustunnar:**

1. Mál sem snerta fjöleignarhús og eigendur þeirra.
2. Mál vegna vanefnda í fasteignaviðskiptum, einkum gallamál.
3. Húsaleigumál.
4. Mál vegna vanefnda byggingaraðila og verktaka.
5. Mál gagnvart byggingaryfirvöldum og öðrum stjórnvöldum.
6. Grenndarmál af ýmsum toga.

## Húsaleiguþjónusta

Húseigendafélagið býður leigusölum upp á þjónustu sem tryggir öryggi í leiguviðskiptum og dregur úr fjárhagslegri áhættu og armæðu vegna leiguvanskila og skemmda á leiguhúsnæði. Félagið gerir leigusamninga og gefur ráð og upplýsingar um réttindi og skyldur svo sem tryggingar. Tinna segir mikla breytingu hafa orðið á leigumálum síðustu tvö ár í takt við ástandið á leigumarkaðnum í dag.

„Mikill fjöldi mála hjá félaginu sem hefst með greiðsluáskorun eða öðrum tilkynningum til leigutaka endar nú með aðfararbeiðni til héraðsdóms. Áður fyrr voru það örfá mál. Mikilvægt er því að vanda vel til verka bæði þegar kemur að gerð leigusamninga og sendingu áskorana eða annarra tilkynninga til leigutaka,“ segir Tinna. „Félagið annast mörg mál þar sem leigusalar hafa útbúið leigusamning sem stenst ekki lög, eins að leigusali sendir sjálfur greiðsluáskoranir, riftanir eða aðrar tilkynningar til leigutaka sem uppfylla ekki kröfur laganna. Í þeim tilvikum þarf að byrja ferlið að nýju, útburðarmál geta að jafnaði tekið nokkra mánuði og tekjutapið á meðan á málinu stendur er mikið. Til að koma í veg fyrir að mál dragist á langinn vegna mistaka leigusala er mikilvægt að leita sér aðstoðar félagsins.“

## Leiguvanskil – Riftun

Riftun vegna leiguvanskila fer þannig fram: Sé leigan ekki greidd á réttum gjalddaga skal leigusali:

Senda leigjanda skriflega áskorun um greiðslu.

Útburðarbeiðni.

Líði rýmingarfresturinn án þess að leigjandi rými eða leiti samninga, er leigusali knúinn til að fara í útburðarmál. Það er gert með útburðarbeiðni til héraðsdóms.

## Úrskurður um útburð

Næst er málið tekið til úrskurðar um útburð og málskostnað. Sé hann leigusala í vil er farið með hann til sýslumanns sem framfylgir honum ef leigjandi lætur ekki segjast. Útburðurinn er á ábyrgð og kostnað leigusala.

## Kostnaðarsamar ráðstafanir

Leigusali getur þurft að ráða flutningsmenn og gera ráðstafanir varðandi innbú og muni leigjenda. Að framkvæma útburð getur kostað leigusala verulegt fé, tíma, fyrirhöfn og umstang.

Þegar leigjandi er ekki borgunarmaður og tryggingar ófullnægjandi fær leigusali á sig skellinn. Hann verður oft fyrir verulegum fjárútlátum og tapar leigutekjum.

## Húsfundaþjónustan

„Félagið veitir félagsmönnum alhliða lögfræðilega ráðgjöf við húsfundi og aðstoð við fundarboð, tillögur og gagnaöflun. Lögmaður með sérþekkingu annast fundarstjórn og ritun fundargerðar er í höndum lögfræðinga. Þessi þjónusta á að tryggja lögmæta fundi og að rétt sé að öllu staðið þannig að ákvarðanir fundar verði ekki síðar véfengdar,“ útskýrir Tinna. „Aðalfundur hefur til að mynda lögboðin verkefni og dagskrá hans er í aðalatriðum ákveðin í fjöleignarhúsalögunum. Aðalfundur hefur þá sérstöðu að hann fjallar um innri mál húsfélagsins, farið er yfir unnin störf og þau metin og línur lagðar um framkvæmdir og rekstur. Á aðalfundi er kosin stjórn húsfélags og lagður dómur á reikninga. Þess utan getur aðalfundur tekið ákvörðun um öll sameiginleg málefni, hverju nafni sem þau nefnast.

Ef ósætti er í húsfélaginu er húsfundaþjónustan mikilvæg. Oft má leysa ágreining með því að hafa lögmann á húsfundinum til að fara yfir lög og reglur og gera þannig eigendum hússins grein fyrir því hvernig á að standa að ákveðnum málum. Með þjónustu þessari má koma í veg fyrir óþarfa ágreining og oftast má leysa vandann með einföldum hætti.“



Bryggjuhverfið við Grafarvog er eftirsótt. Heimavellir bjóða til leigu íbúðir í vönduðu fjölbýli við Tangabryggju 10.



Félagið mun bæta við 220 nýjum leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári. Meðal annars á Völlunum í Hafnarfirði.



Íbúðir við Vefarastræti 28-30 í Mosfellsbæ bætast við á næstunni.

# Heimavellir eru öruggur valkostur leigjenda á íbúðamarkaði

Heimavellir er íbúðaleigufélag, stofnað að norrænni fyrirmynd með það að meginmarkmiði að bjóða örugga langtímaleigu, sanngjarnt leiguverð og góða þjónustu. Félagið var stofnað fyrir þremur árum með sameiningu þriggja leigufélaga. Sum áttu allt að 15 ára sögu. Heimavellir reka í dag um 1.800 íbúðir um land allt. Félagið stefnir að því að skrá hlutabréf sín á aðalmarkað kauphallarinnar fyrir lok árs.



**Guðbrandur Sigurðsson** *framkvæmdastjóri Heimavalla.*

„Okkar markmið er að svara þeirri eftirspurn sem lengi hefur verið kallað eftir á innlenda íbúðaleigumarkaðnum, sem eru langtímaleiga, sanngjarnt leiguverð og góð þjónusta. Það er þetta öryggi sem leigjendur kalla eftir og við viljum gera það sem í okkar valdi stendur til að uppfylla þær kröfur," segir Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri félagsins. Heimavellir bjóða íbúðir til leigu í öllum landshlutum enda þótt meginþorri eignasafnsins sé á suðvesturhorni landsins. Félagið var stofnað árið 2015 með sameiningu þriggja félaga sem áttu og leigðu ríflega 100 íbúðir í Reykjavík, á Akranesi og Selfossi. Félagið hefur stækkað jafnt og þétt undanfarin misseri og fjölgað leiguíbúðum víða um land, m.a. á Akureyri, Austurlandi og í Reykjanesbæ þar sem félagið hóf útleigu á síðasta ári. Guðbrandur segir að eitt helsta markmiðið með stækkun eignasafnsins sé að auka stærðarhagkvæmni rekstrarins sem sé helsta forsenda þess að hægt sé að uppfylla meginmarkmiðin um sem sanngjarnasta leigu og öfluga þjónustu við leigjendur.

## Samskiptin á netinu

Guðbrandur segir að þegar losni um íbúðir í eigu félagsins séu þær yfirfarnar og standsettar áður en þær eru auglýstar til leigu aftur. „Við auglýsum allar eignir í fimm daga á heimasíðu Heimavalla auk þess sem við auglýsum þær á Facebook-síðunni okkar. Þeir sem „læka" síðuna fá í kjölfarið sendar upplýsingar þegar nýjar eignir koma inn og þá geta áhugasamir sótt um þær á netinu. Við vinnum síðan úr öllum umsóknum næstu tvo virka daga að loknum umsóknarfresti."

Guðbrandur segir að Heimavellir bjóði bæði upp á tímabundna og ótímabundna leigusamninga. „Sá sem fær úthlutað leiguíbúð byrjar á því að skoða íbúðina til að fullvissa sig um að hún henti og gangi það eftir er gengið frá tryggingu sem jafngildir þrefaldri mánaðarleigu. Tryggingin getur hvort heldur sem er verið í formi bankaábyrgðar eða reiðufjár. Þegar gengið hefur verið frá þessum formsatriðum kemst á bindandi leigusamningur milli leigjanda og Heimavalla," segir Guðbrandur og bætir við að samskiptin fari að langmestu leyti fram á netinu. „Að sjálfsögðu svörum við öllum símtölum, en netsamskiptin, t.d. fyrirspurnir, umsóknir, upplýsingamiðlun okkar til áhugasamra og þess háttar, eru sá ferill sem við göngum út frá og eru í raun skilvirkasta leiðin fyrir báða aðila. Við gleymum hins vegar ekki þeim sem annað hvort hafa ekki aðgang að netinu eða hafa ekki tileinkað sér netsamskipti."

## Inn- og útskoðun

Allir leigjendur Heimavalla taka við leiguíbúðunum tandurhreinum og nýmáluðum. „Við byrjum á því að hittast í íbúðinni þar sem við skráum sameiginlega ástand hennar. Það er mikið öryggisatriði fyrir báða aðila til að koma í veg fyrir ágreining síðar. Einnig kynnum við sérstaklega eldvarnir heimilisins, notkun reykskynjara og ýmis önnur öryggisatriði sem er gott er að hafa í huga á hverju heimili. Við lok leigusamnings hittumst við aftur í íbúðinni og framkvæmum svokallaða útskoðun þar sem ástand íbúðarinnar er borið saman við innskoðunina. Tilfallandi tjón, hafi slíkt orðið, er þá gert upp upp samhliða uppgjöri á tryggingunni," segir Guðbrandur.

## Um 200 nýjar íbúðir á árinu

Félagið leggur mikla áherslu á að bjóða leigjendum sínum hagkvæmar íbúðir sem eru ódýrar í rekstri en á sama tíma fallegar og vel hannaðar eins og sjá má á heimasíðu félagsins. „Við munum bæta við 220 nýjum leiguíbúðum á þessu ári á höfuðborgarsvæðinu sem flestar eru í Bryggjuhverfinu í Reykjavík, Helgafellslandinu í Mosfellsbæ og á Völlunum í Hafnarfirði," segir Guðbrandur. Algengustu íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja en einnig verður boðið upp á stærri fjögurra og fimm herbergja íbúðir. Leigjendur Heimavalla njóta forgangs við úthlutun nýrra leiguíbúða og hefur fyrirkomulagið mælst vel fyrir, einkum meðal þeirra sem flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og einnig þeirra sem þurfa stærri íbúðir.




Heimavellir eru til húsa að Lágmúla 6

## Ákveðinn kostur að leigja

Ástæður þess að fólk býr á leigumarkaði eru ýmsar og segir Guðbrandur að ein sé sú að því fylgi ákveðnir kostir. „Einn er sá að þurfa t.d. ekki að hafa áhyggjur af þrifunum í sameigninni eða garðslætti og annarri umhirðu lóðarinnar. Annar er sá að leigunni hjá Heimavöllum fylgja aldrei óvænt útgjöld, t.d. þegar ráðast þarf í ófyrirséð viðhald. Nú er staðan sú að meira en fimmtungur þjóðarinnar býr í leiguhúsnæði og hafa leigjendur ítrekað kallað eftir öruggri langtímaleigu og hagstæðara leiguverði en almennt býðst á markaðnum. Það eru þessar óskir sem við höfum að meginmarkmiði að uppfylla."

## Nýjar íbúðir á næstunni

Bryggjuhverfið við Grafarvog er eftirsóknarvert íbúðahverfi sem liggur miðsvæðis í borginni og þar munu Heimavellir bjóða til leigu íbúðir við Tangabryggju 10, vönduðu fjölbýli sem aðallega býður upp á 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Hverri íbúð fylgir bílastæði í bílageymslu. Þessar íbúðir verða auglýstar til leigu í mars. Næst má nefna íbúðir við Vefarastræti 28-30 og Vefarastræti 1-5 í Helgafellslandi í Mosfellsbæ sem eru á skjólgóðum og sólríkum stað í suður- og vesturhlíðum Helgafells. Byggðin er í halla og er gott útsýni á flestum stöðum í hverfinu. Skipulag hverfisins er fjölskylduvænt þar sem gert er ráð fyrir grunnskóla og tveimur leikskólum miðsvæðis í hverfinu. Íbúðirnar við Vefarastræti 28-30 verða auglýstar í mars, en þar er aðallega um að ræða 3ja og fimm herbergja íbúðir. Í apríl verða svo 24 skemmtilegar íbúðir með rúmgóðum suðursvölum við Vefarastræti 1-5 auglýstar í útleigu.

## Spennandi tímar fram undan

Guðbrandur segir að fram undan séu spennandi tímar hjá Heimavöllum. „Við höfum byggt félagið upp hratt til að búa sem best undir meginmarkmið okkar og það má segja að við séum óðum að ná þeim. Við viljum leggja áherslu á góð og uppbyggileg samskipti við leigjendur okkar og aðra hagsmunaaðila, hvort sem eru yfirvöld viðkomandi sveitarfélaga eða fjármagnseigendur sem fjárfesta í félaginu eða lána því til fasteignakaupa. Við gerum okkur grein fyrir samfélagslegri ábyrgð félagsins og teljum raunar að Heimavellir hafi samfélagslegu hlutverki að gegna á leigumarkaðnum með því að bjóða leigjendum traustan valkost enda á fólk að hafa aðgang að öruggu þaki yfir höfuðið fyrir sanngjarnt verð."




Hjörtur Grétarsson er sviðsstjóri fasteignaskrársviðs hjá Þjóðskrá Íslands og Margrét Hauksdóttir er forstjóri Þjóðskrár Íslands. MYND/GVA

# Snjallar lausnir hjá Þjóðskrá Íslands

Á síðustu misserum hafa fjölmargar nýjar lausnir sem lúta að því að bæta þjónustu við fasteignaeigendur litið dagsins ljós hjá Þjóðskrá Íslands. Þar má nefna nýtt sumarhúsamat, eigin skoðun sumarhúsa og pappírslaus samskipti gegnum island.is.

Stöðug þróun og umbætur eiga sér stað á sviði skráningar og mats fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands að sögn Margrétar Hauksdóttur, forstjóra Þjóðskrár Íslands. Matsaðferðir eru stöðugt endurbættar til að endurspegla sem best markaðsverðmæti fasteigna og endurstofnverð fasteigna sem er grundvöllur brunabótamats að teknu tilliti til afskrifta. „Ferlar eru í stöðugri endurskoðun og unnið er að því að þeir verði straumlínulagaðir með það að markmiði að stytta biðtíma, efla rafræna gagnvirkni og veita ávallt bestu mögulega þjónustu.“

### Nýtt sumarhúsamat

Þjóðskrá Íslands hefur frá árinu 2009 unnið að endurskoðun á aðferðarfræði fasteignamats fyrir allar tegundir eigna en nýjar aðferðir endurspegla betur markaðsverð fasteigna á hverjum tíma. „Árið 2009 var tekin upp ný aðferðafræði fyrir íbúðareignir og árið 2014 voru nýjar matsaðferðir teknar upp við mat á þorra atvinnuhúsnæðis. Aðferðir fasteignamats fyrir sumarbústaði verða endurskoðaðar í næsta endurmati en niðurstaða þess verður kynnt í júní nk.og mun matið gilda fyrir árið 2018.“

Sú aðferð sem notuð er í dag fyrir sumarhús er frá árinu 2005 og byggir fasteignamatið samkvæmt henni á afskrifuðu endurstofnverði ásamt staðsetningaráhrifum. „Með nýrri aðferð verður búið til líkan sem lýsir kaupverði út frá eiginleikum sumarbústaða svo sem stærðum, byggingarári og staðsetningu. Helsta breyting frá núverandi matsaðferðum felst í því að staðsetning eigna og nálægð við þjónustu mun skipta meira máli en hún gerir nú. Ástand og gæði sumarbústaða hafa einnig talsverð áhrif á markaðsverð þeirra. Gert er ráð fyrir meðalástandi og meðalgæðum allra bústaða nema nýleg skoðun hafi leitt annað í ljós.“



Dæmigerð mynd sem tekin er af sumarhúsi fyrir fasteigna- og brunabótamat.



Sumarhúsaeigandi í eigin skoðun sumarhúsa, tekur myndir og sendir inn með rafrænum hætti til Þjóðskrár Íslands.

Við líkangerðina verður stuðst við nýlega kaupsamninga um sumarhús ásamt upplýsingum úr fasteignaskrá um eiginleika eigna.

### Eigin skoðun sumarhúsa

Snjalltæki nútímans gefa okkur möguleika á nýjum leiðum sem geta leitt til mikils hagræðis fyrir fasteignaeigendur segir Hjörtur Grétarsson, sviðsstjóri fasteignaskrársviðs Þjóðskrár Íslands. Nú ætlar Þjóðskrá að bjóða eigendum upp á eigin skoðanir á sumarhúsum. „Í stað þess að mæla sér mót við sérfræðing frá Þjóðskrá Íslands getur eigandinn nú tekið fyrirfram skilgreindar ljósmyndir og sent inn ásamt lýsingu á ástandi og gæðum sumarbústaðarins. Hægt er að fara á vefinn okkar í gegnum tölvu eða snjalltæki, auðkenna sig inn og skila inn skoðunarlýsingu á sumarhúsi.“

Í kjölfarið mun sérfræðingur stofnunarinnar fara yfir skoðunarupplýsingarnar, bera þær saman við skráðar upplýsingar og reikna nýtt fasteigna- og brunabótamat. „Þessi nýja leið er fyrsta skrefið í nýtingu snjalltækja með þessum hætti og reiknum við með því að þetta verði nýtt við fleiri tegundir fasteigna síðar.

### Pappírslaus samskipti

Í desember 2016 hætti Þjóðskrá að senda út tilkynningar í pósti til fasteignaeigenda þegar breytingar eru gerðar á skráningu fasteigna eða breyting verður á fasteigna- eða brunabótamati. Allar tilkynningar eru nú sendar rafrænar í pósthólf viðkomandi eiganda á island.is. „Kostnaður vegna póstburðargjalda ➡












lækkar auk þess sem komið er í veg fyrir sóun á pappír. Hagræði felst í því að þessar tilkynningar eru ávallt aðgengilegar fasteignaeigendur á island.is,“ bætir Hjörtur við og segir að þetta sé aðeins fyrsta skrefið í því að auka rafrænt aðgengi gagna um fasteignir og sögu þeirra.

### Öryggisnúmer nauðsynlegt

Um helmingur sumarhúsa á landinu ber öryggisnúmer. Landssamband sumarhúsaeigenda og Þjóðskrá Íslands hafa tekið upp samstarf um að kynna fyrir sumarhúsaeigendum hvernig koma má öryggisnúmeri á sumarhús. „Landssamband sumarhúsaeigenda leiðir þetta átaksverkefni og hefur fullvissu fyrir því að öryggi neyðarnúmeranna hafa margoft sannað sig,“ segir Margrét.

### Afmörkun landeigna

Einungis um þriðjungur lands á Íslandi er með hnitsetta afmörkun. Fasteign er afmarkaður hluti lands ásamt þeim réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega er við landið skeytt. Afmörkun landeigna á Íslandi hefur allt frá Landnámu verið viðhaldið í textalýsingum og á seinni árum með gerð hnitsettra uppdrátta. „Hnitsetningar með GPS hnitum og skráning á mæliblöðum hefur verið ráðandi seinni ár og felur í sér mun nákvæmari afmörkun og stærðarupplýsingar,“ segir Hjörtur.

Þjóðskrá opnaði vefsjá vorið 2016 (geo.skra.is/landeignaskra) þar sem upplýsingar koma fram á landupplýsingagrunni hvaða landeignir hafa verið afmarkaðar. „Ekki eru enn allar hnitsettar afmarkanir skráðar. Sveitarfélög eru þó jafnt og þétt að skrá þessar upplýsingar í grunninn og er það von okkar að innan fárra mánaða verði búið að ná utan um allar skráningar sem til eru á rafrænu formi,“ segir Margrét. Bæklingur var gefinn út á síðasta ári þar sem farið er yfir þau skref sem landeigendur geta tekið til að afmarka landeignir sínar.



**Hnitsettar afmarkanir landeigna í opinni vefsjá geo.skra.is/landeignaskra.**

### Endurbætt talnaefni

Á nýrri heimasíðu Þjóðskrár Íslands (www.skra.is) má skoða allt talnaefni sem stofnunin gefur út með reglubundnum hætti. Þessi nýjung gerir öllum kleift að skoða upplýsingar myndrænt án þess að þurfa að sækja gögnin sérstaklega en einnig er hægt að hlaða gögnum niður sé þess óskað. „Hægt er að skoða vísitölur um íbúðaverð og leiguverð, fjöldatölur um sumarbústaði og íbúðir, upplýsingar um veltu og fjölda kaup- og leigusamninga, upplýsingar um söluverð eftir sveitarfélögum, hverfum og tegundum eigna, leiguverð íbúðarhúsnæðis, upplýsingar um lögheimili fasteignaeigenda, fjölda útgefinna vegabréfa, hverjir eiga viðskipti og stjörnumerki Íslendinga,“ segja þau að lokum.

# Byggja þarf 40.000 íbúðir fyrir 2040

Útlit er fyrir að næstu tvo áratugina verði þörf á 35-40 þúsund nýjum íbúðum á landinu að sögn Konráðs S. Guðjónssonar, sérfræðings í greiningardeild Arion banka. Til að svara eftirspurn þarf að byggja um 1.500 til 2.000 íbúðir árlega, að hans mati.

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is





Konráð gerir ráð fyrir áframhaldandi hækkun á íbúðaverði. MYND/GVA

**Það gæti þýtt að þörf væri á 26 þúsund íbúðum bara á höfuðborgarsvæðinu en það eru jafnmargar íbúðir og eru í Hafnarfirði, Kópavogi og Mosfellsbæ.**

*Konráð S. Guðjónsson*

Konráð flytur erindi á Fasteignaráðstefnunni þar sem hann veltir fyrir sér hvað muni lita eftirspurn á íbúðamarkaði á komandi árum. „Það lítur út fyrir að áfram verði góður efnahagsuppgangur, einhverjar launahækkanir eru fram undan, fólksfjölgun eykst, ferðamönnum heldur áfram að fjölga og heimilin standa vel fjárhagslega. Að auki er samkeppni um að veita fjármögnun fyrir húsnæði. Það er því grundvöllur fyrir því að eftirspurn verði áfram sterk en á sama tíma virðist ekki vera byggt nóg af íbúðum. En hvernig þetta þróast og hefur áhrif á verðið er m.a. háð ferðaþjónustunni,“ segir Konráð, sem er hagfræðingur frá háskólanum í Warwick.

Hann bendir á að vöxturinn sé að miklu leyti tilkominn út af ferðaþjónustunni sem hefur skapað nær helming nýrra starfa undanfarin ár. „Væru þessi störf ekki til staðar væri staðan í hagkerfinu og á húsnæðismarkaðnum önnur en hún er í dag.“

Íbúðaverð heldur áfram að hækka á næstunni, að mati Konráðs. „Í erindi mínu velti ég því fyrir mér hvernig eftirspurnin verður til lengri tíma. Ég tek þá nálgun að skoða hversu margar íbúðir þarf til ársins 2040. Til þess er einfalt að skoða mannfjöldaspá Hagstofunnar og skoða í hvaða aldurshópum fjölgar mest. Fæðingartíðni er fremur lág og fjölgunin er fyrst og fremst hjá eldri einstaklingum. Þjóðin er að eldast og einhvers staðar verður fólk að búa. Svokölluð miðspá gerir ráð fyrir að 25 ára og eldri muni fjölga um rúmlega 60 þúsund á þessum árum. Það þýðir að þörf er á 35-40 þúsund íbúðum.“

Það kann að virðast mikið en Konráð segir það í takt við þörf undanfarinna ára. „Þetta gera um 1.500 til 2.000 íbúðir árlega. Mikilvægt er að skoða þessi mál til lengri tíma. Sennilega verður fólksfjöldaþróun áfram á þann veg að íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgar hraðar en utan þess. Það gæti þýtt að þörf væri á 26 þúsund íbúðum bara á höfuðborgarsvæðinu en það eru jafnmargar íbúðir og eru í Hafnarfirði, Kópavogi og Mosfellsbæ. Sé skoðað aftur í tímann frá árunum 1994-2016 kemur í ljós að á því tímabili fjölgaði íbúðum um 27 þúsund.“

Konráð segir virði staðsetningar koma til með að aukast æ meira. „Eftir því sem borgir stækka verður staðsetning mikilvægari. Húsnæði í miðbænum hækkar kannski meira en annars staðar en líklegt er að þróunin verði sú að þau hverfi sem eru nálægt þjónustu, atvinnu og góðum samgönguæðum hækki umfram önnur svæði. Verðmunur á milli svæða heldur því áfram að aukast. Fyrirhuguð borgarlína getur líka haft áhrif á íbúðaverð,“ segir Konráð.

# Spennandi uppbygging fram undan

**Brynjar Þór Jónasson**, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar, lauk námi í skipulagsfræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands í fyrra. Hann er uppalinn í Breiðholti en námið fleytti honum til Ísafjarðar. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í bænum og verkefnin spennandi.

Brynjar lauk mastersnámi í skipulagsfræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands í fyrra en var kominn með vinnu hjá Ísafjarðarbæ áður en hann útskrifaðist. Hann segir námið hafa gagnast sér vel. „Þetta er þverfaglegt nám sem kemur inn á allt sem viðkemur skipulagi í bæjum og borgum. Því tengist fjöldi annarra faggreina svo sem lögfræði, félagsfræði, hagfræði, landfræði, náttúrufræði, sagnfræði, arkitektúr og verkfræði, enda allt tengt skipulagsmálum á einn eða annan hátt.“ Að sögn Brynjars gefur námið mikilvægan fræðigrunn á öllum þessum sviðum sem hefur þegar gagnast honum í starfi.

Brynjar hefur alltaf haft mikinn áhuga á skipulagsmálum. Meistararitgerð hans fjallaði um hvort Laugardalurinn hefði áhrif til hækkunar eða lækkunar fasteignaverðs í nágrenninu. Niðurstaðan var sú að útsýni yfir Laugardalinn hefur áhrif til hækkunar en að búa mjög nálægt dalnum hefur áhrif til lækkunar.

Brynjar er fæddur og uppalinn í Breiðholti en segir námið hafa fleytt sér út á land. „Þegar mér bauðst vinna hjá Ísafjarðarbæ ákváðum við fjölskyldan að slá til og flytja. Við sjáum ekki eftir því. Hér er mjög gott að vera og gott að ala upp börn.“

Hann segir talsverða uppbyggingu fyrirhugaða hjá bænum. „Við erum að vinna aðalskipulag og deiliskipulag til að mæta auknu fiskeldi en því fylgir fjölgun fyrirtækja og uppbygging íbúabyggðar. Eftir langt tímabil fólksfækkunar er íbúum bæjarins tekið að fjölga og er búist við frekari fjölgun á næstunni. Lengi vel var ekkert byggt hjá bænum en nú þarf að vinna upp þörfina. Þá er gott að vera vel að sér í skipulagsmálum,“ segir Brynjar.



Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

**Þetta er þverfaglegt nám sem kemur inn á allt sem viðkemur skipulagi í bæjum og borgum. Því tengist fjöldi annarra faggreina svo sem lögfræði, félagsfræði, hagfræði, landfræði, náttúrufræði, sagnfræði, arkitektúr og verkfræði.**

*Brynjar Þór Jónasson*



Lengi vel var ekkert byggt hjá Ísafjarðarbæ en nú þarf að vinna upp þörfina. MYND/PJETUR

Að sögn Sigríðar Kristjánsdóttur, skipulagsfræðings og lektors við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur verið mikill skortur á skipulagsfræðingum á Íslandi. „Það hefur leitt til þess að ýmsir aðrir hafa verið að vinna við skipulagningu sveitarfélaga. Þá skortir oft þekkingargrunn í skipulagsfræði og það hefur stundum orðið sveitarfélögunum dýrkeypt.“

Eftir að hafa starfað við skipulagsráðgjöf og kennslu um nokkurt skeið varð Sigríði ljóst að víða var pottur brotinn þegar kom að skipulagsmálum á Íslandi. „Ég ákvað því að vinna að því að auka þekkingarstigið á skipulagsfræði í landinu og setti á fót meistaranám í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands. Náminu var hleypt af stokkunum árið 2009.“

Um er að ræða tveggja ára MS nám. Meginmarkmið þess er að nemendur geti tvinnað saman alla þá ólíku þætti sem koma að skipulagsgerð. Þetta geta verið náttúrufarslegir, hagrænir, félagslegir, umhverfislegir, lagalegir og hagsmunatengdir þættir. Námið er sniðið að íslenskum þörfum en fylgir engu að síður nýjustu stefnum í skipulagskenningum og fræðigreininni.

**Allar nánari upplýsingar er að finn á lbhi.is**

# Nýjar lausnir í orkueftirliti bygginga

Vista verkfræðistofa hefur sinnt sjálfvirkum mælingum á orkunotun um langt skeið og verið leiðandi á því sviði hérlendis, að sögn Þórarins Arnar Andréssonar framkvæmdastjóra. Slíkar mælingar geta lækkað orkukostnað verulega og komið í veg fyrir óvænt útgjöld.



„Við hjá Vista bjóðum upp á alhliða lausnir varðandi orkueftirlit í byggingum og með nýjum kerfum getum við boðið upp á betra verð en áður," segir Þórarinn Örn.

Orkunotkun er í flestum tilfellum ósýnileg og ekki sést þegar hún fer forgörðum. Með góðu eftirliti og mælingum á orkunotkun er hægt að lækka orkukostnað, jafnvel um háar upphæðir. „Við hjá Vista bjóðum upp á alhliða lausnir varðandi orkueftirlit í byggingum og með nýjum kerfum getum við boðið upp á betra verð en áður," segir Þórarinn.

## Fjölbreytt verkefni

Á meðal viðskiptavina Vista eru fasteignafélög, fyrirtæki, húsfélög og sveitarfélög. Vista sinnir orkumælingum í byggingum á borð við skóla, sundlaugar, íþróttahús, skrifstofuhúsnæði, hjúkrunarheimili, hótel og verslunarhúsnæði, auk gervigrasvalla. „Þessar mælingar henta mjög vel fyrir allar byggingar yfir ákveðinni stærð. Ef orkukostnaður er yfir ákveðnu viðmiði er okkar lausn alltaf góður kostur og orkureikningarnir koma þá ekki á óvart," bendir Þórarinn á.

„Sett eru upp tæki sem mæla rafmagnsnotkun, heitavatnsnotkun, kaldavatnsnotkun og hita á bakrás, sem er sá hiti sem kemur frá húsnæði og gefur til kynna hversu vel það nýtir hitann en þannig er hægt að fylgjast grannt með orkunotkun og gæta þess að hún sé eins hagkvæm og kostur er," bætir hann við.

## Falinn kostnaður

Erfitt er fyrir stjórnendur að vita hver orkunotkun bygginga er á hverjum tíma. „Þetta er í mörgum tilvikum falinn kostnaður og er afar erfitt að vita hvort orkureikningur sé hár án þess að hafa mælingar til að meta það," segir Þórarinn.


Bilun í stjórnloka tvöfaldaði heitavatnsnotkun. Umsjónarmaður fékk tilkynningu um bilun og var hún löguð. Aukinn kostnaður hefði verið 5 milljónir á ári.

Í byggingum eru mörg algeng atriði sem geta komið upp sem orsaka aukinn orkukostnað. Þar má nefna snjóbræðslu án eftirlits, háa næturnotkun, vanstillingar klukkukerfa og bilanir, t.d. í stjórnlokum.

„Við höfum séð fjölmörg dæmi þar sem einfaldar bilanir og vanræksla hafa aukið orkukostnað um margar milljónir á ári. Ef orkunotkun er eðlileg tryggja okkar mælingar að kostnaður haldist óbreyttur þannig að ef eitthvað kemur upp á, til dæmis ef notkun breytist skyndilega, lætur kerfið vita af því," segir Þórarinn og heldur áfram: „Að sama skapi nýtast mælingar til að lágmarka orkunotkun þegar húsnæði er ekki í notkun. Þetta snýst ekki um að minnka gæði húsanna, við minnkum ekki lýsingu eða lækkum hita þannig að fólk finni fyrir því. Þetta snýst fyrst og fremst um að finna út hvar verið er að eyða óþarfa orku."

## Víðtæk þjónusta

Verkfræðistofan Vista býður heildarlausnir við orkueftirlit fyrir sína viðskiptavini.

„Við aðstoðum okkar viðskiptavini við orkueftirlit með reglulegum skýrslum, viðvörunum, úttektum á húsnæði og hugmyndum að úrbótum. Einnig sjáum við um uppsetningu á öllum búnaði, ráðgjöf um orkunotkun og val á hagstæðasta raforkutaxta."



# Skapa leiksvið utan um líf

Hvaða væntingar höfum við til íbúðar framtíðarinnar? Eru þarfir okkar sem íbúa ef til vill aðrar en þær voru fyrir 50 árum, þegar fyrstu fjölbýlishúsin risu? Helgi Steinar Helgason arkitekt á teiknistofunni Tvíhorfi veltir þessum spurningum og fleiri fyrir sér í erindi sem hann flytur á Fasteignaráðstefnunni.



Helgi Steinar Helgason, arkitekt og annar eigandi teiknistofunnar Tvíhorf, flytur fyrirlestur um íbúðir framtíðarinnar á Fasteignaráðstefnunni 2017. MYND/SAGA SIG.

„Þetta er náttúrlega dálítið metnaðarfullur titill sem byrjar á því að kalla á skilgreiningu á báðum orðunum, hvenær er framtíðin og hvað er íbúð?“ segir Helgi Steinar. „Þegar ég tala um íbúðir á ég við íbúðir í fjölbýli, minni einingar sem fólk kaupir yfirleitt tilbúnar frekar en að byggja þær sjálft og velti fyrir mér hvernig þörfin hefur þróast. Fyrstu fjölbýlishúsin risu á árunum um og eftir stríð í Vesturbænum, til dæmis kringum Hagatorg. Þessar íbúðir voru ólíkar því sem er í dag að því leyti að þeir sem byggðu þessi hús voru þátttakendur í uppbyggingunni. Um byggingarnar voru stofnuð félög, ein blokkin er iðulega kölluð Símablokkin og önnur Kennarablokkin og svo framvegis. Afi minn tók þátt í byggingunni á sinni íbúð með því að skafa mótatimbur á kvöldin og um helgar og vann þannig af sér ákveðinn kostnað. Þau áttu sjötíu fermetra íbúð, afi minn og amma, þar sem þau ólu upp fjögur börn og þetta var veisluglatt fólk en allt rúmaðist þetta fyrir í þessari litlu íbúð. Og ég held að þau hafi tengst íbúðinni og húsinu öllu á allt annan hátt en ef þau hefðu keypt hana tilbúna með öllu eins og fólk gerir í dag,“ segir Helgi Steinar og bendir á að íbúðir í dag séu oftar en ekki staðlaðar og allar eins frekar en heimili sem fólk mótar sjálft í kringum sig.

„Eitt af því sem ég er að velta fyrir mér er hvort það sé mögulega einhver markaður fyrir að fólk komi inn í byggingar á fyrri stigum og þá með lægri útborgun, kaupi kannski íbúðir tilbúnar undir tréverk eins og var hægt fyrir tuttugu til þrjátíu árum og hefði þá meiri sveigjanleika til að geyma framkvæmdir eins og fataskápa og svo framvegis þangað til efnahagurinn leyfði. Það er ekki endilega óskahugmyndin að þú yrðir að sætta þig við að vera ekki með baðherbergisinnréttingu fyrr en þú hefur efni á henni og svo framvegis en á hinn bóginn er ákveðið frelsi í því að þurfa ekki að fara inn í staðla frá einhverjum öðrum þó þú sért að kaupa í fjölbýli. Með því að koma inn í byggingu á fyrri stigum gæti fólk til dæmis haft áhrif á herbergjaskipan sem gæti kallast á við breytt fjölskyldumynstur dagsins í dag.“

> **Þegar öllu er á botninn hvolft snýst mótun manngerðs umhverfis og bygginga um fólk.**
>
> *Helgi Steinar Helgason*

Helgi segir það í eðli vinnu arkitektsins að vilja alltaf gera betur. „Við hljótum að búa á einhvern hátt öðruvísi árið 2017 en við gerðum 1950. Þeir sem selja íbúðir ættu að vita hvað fólk vill og eftir hverju það er að leita og við, arkitektar, verktakar og fasteignasalar, ættum að geta tekið okkur saman um að finna út hver þörfin er.“

Þegar öllu er á botninn hvolft snýst mótun manngerðs umhverfis og bygginga um fólk, segir Helgi að lokum. „Við arkitektarnir erum alltaf að búa til leiksvið utan um líf, til að fólk lifi vel og líði vel.“



# Snertill verður á Fasteignaráðstefnunni í dag og kynnir:

- **Fasteignaumsýslukerfið FM:Systems**
- **Þrívíddarskanni frá FARO**

**Við tökum vel á móti ykkur**

FM:Systems






**FM:Systems** veitir öflugt aðgengi að fasteignaupplýsingum, hefur einfalt og skilvirkt tilkynningakerfi sem auðveldar stjórnendum fasteigna til að meta árangur af rekstri, fylgja eftir áætlunum og ná betri umsjón á eignasafni fyrirtækis. Snertill er dreifi- og þjónustuaðili fyrir FM:Systems á Íslandi og í Norður-Evrópu. FM:Systems hefur verið á markaði sl. 35 ár og hefur víðtæka reynslu á þessu sviði.

FARO®

**FARO Focus3D** er háhraða þrívíddarskanni fyrir verktaka og fasteignaeigendur. Afkastamikill, nákvæmur, snöggur og hagkvæmur. Mannvirki eru skönnuð með millimetra nákvæmni. Gögn flutt í framhaldinu yfir í viðeigandi kerfi til að viðhalda og uppfæra upplýsingar. Einfalt og fljótlegt. Sjón er sögu ríkari.





Hlíðasmári 10
Sími 554 0570
www.snertill.is


SNERTILL®
AUTODESK Gold Partner

# TENGSL FJÁRMÁLAKERFIS OG FASTEIGNAÞRÓUNAR



Ásgeir B. Torfason, lektor við Hásóla Íslands, er meðal fyrirlesara á Fasteignaráðstefnunni í Hörpu í dag. Erindi Ásgeirs ber yfirskriftina: Hin órjúfanlegu tengsl fjármálakerfis og fasteignaþróunar. Í fyrirlestrinum mun Ásgeir fjalla um hvernig áhrif fjármálakerfisins hafa aukist undanfarna áratugi varðandi fasteignamarkaðinn. Hann segir ávöxtunarkröfu á fjárfestingar í fasteignum hafa áhrif á verðmyndun. Vextir séu mikilvægur áhrifaþáttur á verð og hafi áhrif á þróun fasteigna- og húsnæðiskerfisins. Ásgeir segir að eftir hrunið hafi einstök skilyrði myndast, bæði á alþjóðavísu varðandi vaxtastig, og hérlendis varðandi skyndilega stöðvun á byggingamarkaðinum og síðan uppsveiflu. Þessi skilyrði verði skoðuð út frá tengslum fjármála og fasteigna í erindi Ásgeirs.

Ásgeir er lektor í viðskiptafræði við HÍ með áherslu á reikningsskil og fjármál. Doktorsritgerð hans árið 2014 fjallaði um flæði fjármagns í bankakerfinu. Ásgeir stundaði rannsóknir á virði húsnæðis og langtíma fjárfestingar í fasteignum sem birst hafa í bókum. Þá var Ásgeir svæðisstjóri Norðurlandanna fyrir alþjóðlegan fasteignasjóð á árunum 2005 til 8 og var framkvæmdastjóri Vísindagarða HÍ og skrifstofustjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs Háskóla Íslands 2001–2004.





# Fundir um uppbyggingu í Reykjavík

Tveir fundir verða haldnir í dag og á morgun um skipulag og uppbyggingu í tveimur hverfum Reykjavíkurborgar.

Í dag, miðvikudaginn 22. febrúar klukkan 17 verður kynnt skipulag og uppbygging í Elliðaárvogi og Ártúnshöfða í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Þar mun borgarstjórinn ávarpa fundargesti, Björn Guðbrandsson hjá Arkís fer yfir tillögu að rammaskipulagi og Sigríður Magnúsdóttir hjá Teiknistofunni Tröð flytur erindið Grensásvegur – Gullinbrú, valkostir í samgöngum og skipulagi. Hrólfur Jónsson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar, fer yfir uppbyggingu í Elliðaárvogi og Ártúnshöfða.

Að lokum verða umræður og fyrirspurnir ásamt því að módel verða til sýnis.

**Breytingar í Breiðholti**

Á morgun, fimmtudaginn 23. febrúar, er boðað til opins íbúafundar um fyrirhugaða uppbyggingu í Breiðholti. Fundurinn verður haldinn í Gerðubergi kl. 20. Gefin verður heildarmynd af hverfinu og áherslur í aðalskipulagi, en sjónum verður síðan sérstaklega beint að uppbyggingu í Suður-Mjódd og deiliskipulagsvinnu sem þar er í gangi, hugmyndum um uppbyggingu í Norður-Mjódd og við Stekkjarbakka.

Í tengslum við uppbygginguna í Suður-Mjódd mun borgarstjóri fara yfir samning við ÍR og kynna samráðshópa sem borgarráð hefur samþykkt að stofna um eflingu íþróttastarfs í Breiðholti.

Eftir kynningu gefst fundargestum kostur á að bera upp fyrirspurnir.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT




Hagstæðir **LÁNAKOSTIR** í boði

**BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR** starfsmanna sveitarfélaga býður sjóðfélögum sínum upp á tvo kosti:

Óverðtryggð lán nú með 5,94% breytilegum vöxtum
Verðtryggð lán nú með 3,6% föstum vöxtum

- Fasteignaveðlán, allt að **50 milljónir** með **75%** hámarks veðhlutfalli*
- Fast lántökugjald 51.000 kr.
- Ekkert lántökugjald við endurfjármögnun á lánum frá sjóðnum **
- Ekkert uppgreiðslugjald

Hvernig lán hentar þér best? Skoðaðu lánareiknivélina á www.lifbru.is

**Sjóðfélagar eru þeir sem hafa greitt iðgjöld í Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga**, Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogsbæjar.
*Skilyrði fyrir lánveitingu umfram 65% veðhlutfall er 1. veðréttur og takmarkast við 35 ára lánstíma
**Skilyrði að lán séu eldri en 12 mánaða.

Sigtúni 42 | 105 Reykjavík | sími 540 0700 | lanamal@lifbru.is

BRÚ lífeyrissjóður



Nánari upplýsingar á **eignamidlun.is**

Vefarastræti 7-11, Mosfellsbæ

# Nýtt í sölu

Glæsilegar nýjar íbúðir við Vefarastræti 7-11 í Helgafellshverfi. Um er að ræða 3ja hæða lyftuhús með 35 íbúðum. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja. Íbúðunum verður skilað fullbúnum án gólfefna, innréttingar eru frá HTH. Bílastæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðunum.

**Íbúðirnar verða afhentar í janúar 2018.**

---

2ja herbergja íbúðir - verð frá 31,9 millj.
3ja herbergja íbúðir - verð frá 34,7 millj.
4ra herbergja íbúðir - verð frá 39,8 millj.
5 herbergja íbúðir - verð frá 47,5 millj.

---








## Opið til kl. 19.00 í dag, miðvikudag, á Eignamiðlun, Grensásvegi 11.

## Líttu við og fáðu kynningargögn.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
*Löggiltur fasteignasali og sölustjóri*
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882



**Brynjar Þór Sumarliðason**
*Viðskiptafræðingur og aðstoðarmaður fasteingasala*
brynjar@eignamidlun.is
896 1168



**Daði Hafþórsson**
*Aðstoðarmaður fasteignasala*
dadi@eignamidlun.is
824 9096

EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



FORD FOCUS ST-LINE 1.5T ECOBOOST. Árg.2016,ek.aðeins 12.þ km, bensín,6 gírar.Verð 3.980.000. Rnr.128826,á staðnum. S:562 1717



**DÍSEL- EKINN AÐEINS 93 Þ**

VOLVO XC90 D5. Árg.2008,ek.aðeins 93.þ km, dísel,sjálfskiptur,einn eigandi, Verð 3.990.000. Rnr.128841. Á staðnum.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgerð 2004, ekinn 177 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur .Toppeintak Verð 2.690.000. Rnr.211226. Höfðabilar s 5774747

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Dragháls megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

### Bílar til sölu



Toyota Prius Hybrid 2009. Sjálfsk. Verð: 999þ. kr. S. 6162597



**ÚRVALS PAJERO**

Ryðlaus, frábært viðhald, nýtt hedd, nýr rafgeymir, ný dekk + góður dekkjagangur á felgum. Árg 1998, ekinn 189 þús, mest á Akureyri. Verð 450 þús, engin skipti. S. 897 3015

Toyota Corolla árg. "95 ek. 168 þús sjálfs. þarf að skipta um tímareim, verð. 200-220 þús. Upp. s. 783 0968

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352

### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Málarameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkfar ehf

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com


AÐEINS KR.
~~1.990~~
1.890
ÞÚSUND

KAUPAUKI
AÐ VERÐMÆTI KR.
200.000
√ NÝJAR ÁLFELGUR
√ NÝ VETRARDEKK
√ FILMUR Í AFTURGLUGGUM

# FRÁBÆR BÍLL
# MIKLU BETRI DÍLL
## SÍÐUSTU BÍLARNIR Á LÆGRA VERÐI

TOYOTA YARIS
ÁRGERÐ 2016

√ ALLIR BÍLAR YFIRFARNIR OG Í ÁBYRGÐ
√ ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN
√ TIL Í ÝMSUM LITUM
√ HANDFRJÁLS BÚNAÐUR (BLUETOOTH)
√ GÓÐ ENDURSALA
√ TÖKUM BÍLA UPPÍ
√ ALLIR BÍLAR MEÐ USB OG AUX

25 ÞÚS. Á MÁNUÐI*




* Miðað við 20% útborgun
Yaris 1,0 bensín eknir á bilinu 25-29 þúsund km
Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi í mars 2016

Aukahlutir á mynd samlitir speglar og húnar fylgja ekki. Meðfylgjandi álfelgur eru sambærilegar.

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

## Húsaviðhald



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

Nudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. s. 789 5452 555 0939



Thailenskt Heilsunudd hjá Joomjan Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 8923899.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug



**LÆRÐU FLUGVIRKJUN!**
Nýr flugvirkjabekkur í haust. Innritun er hafin. Námið kennt hér á landi. Nánari upplýsingar á flugskóli.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. Sukhothai.sukhothai@yahoo.com

Atvinna í boði. Óska eftir aðstoðarmanni í múr og sprunguviðgerðir. Uppl. í síma 618 5286 Þórður




Fjörukráin auglýsir eftir söng- og hljóðfæraleikara í Víkingasveitina sína. Hann þarf að geta gengið á milli borða og skemmt matargestum. Upplýsingar gefnar í síma 893-6435 eða í tölvupósti á netfangið birna@fjorukrain.is. Um er að ræða líflegt og skemmtilegt starf á kvöldin og um helgar tvo til þrjá tíma í senn.

**VÉLSTJÓRI**
Vantar á Sæfara ÁR 170. Vélastærð 465 kw. Uppl. í s. 846 4889 og hsver@simnet.is

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð í febrúar**

**Nudd í 30 mín og fótsnyrting á aðeins 10.000.- kr.**

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

---

# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!



**RENAULT** Captur dynamic.
Verð:2.990.000
Árgerð: 2016 : Dísel
Ekinn: 27þ. : Sjálfskiptur
Rnr.270151.



**RENAULT** Clio expression
Verð:1.990.000
Árgerð: 2014 : Dísel
Ekinn: 52þ. : Sjálfskiptur
Rnr.197593.



**HOBBY** 560 ul .
Verð:4.390.000
Árgerð: 2016 : Bensín
Ekinn: 1þ. :
Rnr.107970.



**DODGE** Stratus es 100% lán í boði
Verð: 420.000
Árgerð: 2003 : Bensín
Ekinn: 156þ. : Sjálfskiptur
Rnr.270008.



**CADILLAC** Escalade awd
Verð:3.890.000
Árgerð: 2007 : Bensín
Ekinn: 149þ. : Sjálfskiptur
Rnr.107709.



**BMW** 330e luxury line plug-in hybrid
Verð:5.790.000
Árgerð: 2016 : Bensín
Ekinn: 11þ. : Sjálfskiptur
Rnr.250174.

**bill.is**
Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is

## til leigu

# Til leigu

Skrifstofuhúsnæði 343,4 m2 hæð á höfuðborgarsv.
Gæti hentað t.d. tannlæknum, sálfræðingum eða annari starfsemi.
Nóg af gjaldfrjálsum bílastæðum. Sanngjörn leiga.
Einnig lager/geymslu-húsnæði ca. 100m2 (ekki bílaviðg.) Innkeyrsluhurð.
**Nánari upplýsingar í s. 898 4900**

## húsnæði óskast

### Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir
**einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,**
Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Skúlagata 40A
**- 3ja herbergja – 60 ára og eldri**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 87,3 fm. íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi ásamt sér stæði í lokaðri bílageymslu við Skúlagötu. Íbúðin er í húsi fyrir 60 ára og eldri sem eru í félagi eldri borgara. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, þvottahergi, sjónvarpshol, eldhús, tvö herbergi og baðherbergi. Snyrtileg sameign. **Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 40,9 millj.**

### Vesturgata 44. Einbýlishús

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Fallegt 150,5 fm. einbýlishús sem er hæð og ris auk séríbúðar í kjallara. Húsið er byggt árið 1882 og stendur á 498,0 fm. eignarlóð. Upprunlegir bitar í loftum og fallegar innihurðir. Gluggasetning, loftlistar og panel klæddir veggir gefa húsinu mikinn sjarma. Tvær rúmgóðar stofur með gluggum til suðurs og er möguleiki að nýta aðra sem þriðja svefnherbergið. Frábær staðseting miðsvæðis í borginni. **Verð 67,9 millj.**

## atvinna




# sumarstörf við landvörslu

Umhverfisstofnun auglýsir eftir landvörðum sumarið 2017 á eftirtalin svæði: Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Vesturland, Mývatnssveit, Teigarhorn, sunnanverða Vestfirði og Suðurland (m.a. Friðland að Fjallabaki, Gullfoss og Geysi, Dyrhólaey og fleiri svæði).

**STARFSTÍMABIL**
Um er að ræða tímabundin 100% störf en starfstími er breytilegur eftir svæðum. Þeir fyrstu hefja störf í byrjun maí og síðustu ljúka störfum í september. Sjá nánari upplýsingar um hvert svæði og starfstímabilin hér að neðan.

**HELSTU VERKEFNI**
Störf landvarða felast m.a. í að fylgjast með að hvorki séu brotin ákvæði friðlýsingar svæðis né lög um náttúruvernd. Landverðir hafa eftirlit með umgengni á svæðunum, umsjón með vöktun umhverfisþátta, móttöku gesta, veita upplýsingar og fræða gesti, halda við merktum gönguleiðum, sjá um gönguferðir og fræðslustundir.

**ÍTARLEGRI UPPLÝSINGAR**
Ítarlegri upplýsingar um störfin, svæðin, starfstímabil og hæfniskröfur er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi. Sótt er um störfin með því að fylla út rafrænt eyðublað sem er að finna í auglýsingunni á vef Umhverfisstofnunar.

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars 2017. Í umsókn þarf að koma fram hvaða svæði er verið að sækja um eða forgangsröðun umsækjanda.

FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING

## tilkynningar

VESTURBYGGÐ

### Deiliskipulag íbúðabyggðar og ofanflóðavarnargarða Urðir, Mýrar

Á fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar þann 15. febrúar 2017 var lögð fram skipulags- og matslýsing fyrir deiliskipulag snjóflóðavarnagarðs og íbúðabyggðar við Urðir/Mýrar, dagsett í október 2016. Um er að ræða skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulags fyrir íbúðahverfi við Urðir/Mýrar sem innifelur flóðavarnir fyrir ofan byggðina sem verja eiga byggingar sem standa við Urðir og Mýrar á Patreksfirði.

Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsingunni verður vísað til umsagnar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Veðurstofu Íslands.

Skipulags- og matslýsingin sem er sett fram í greinargerð verður til sýnis í Ráðhúsi Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði og á heimasíðu sveitarfélagsins **www.vesturbyggd.is**

Íbúum og hagsmunaaðilum er gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar við lýsinguna og skal þeim skilað skriflega á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði eða á netfangið vesturbyggd@vesturbyggd.is fyrir **16. mars n.k.**

***Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar***

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

ráðum
ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



banka í lokuðu útboði, sem ekki var útlit fyrir í lok síðasta árs, þýðir jafnframt að fyrirhugað almennt hlutafjárútboð bankans fer fram seinna en áður var áætlað. Í upphafi árs var stefnt að því að slíkt hlutafjárútboð, þar sem Kaupþing myndi bjóða til sölu eignarhlut sinn, myndi fara fram um miðjan apríl næstkomandi. Í kjölfar útboðsins yrði bankinn síðan skráður á markað í Kauphöll Íslands og í Kauphöllinni í Svíþjóð.

Ekkert hefur breyst varðandi áform Kaupþings um að skrá bankann á hlutabréfamarkað en samkvæmt þeirri tímalínu sem félagið vinnur núna eftir verður útboðið aftur á móti haldið í fyrsta lagi í maí eða júní á þessu ári. Þá er ljóst að sá hlutur sem býðst til sölu í hlutafjárútboðinu verður talsvert minni – mögulega á bilinu 30 til 40 prósent – en ella vegna fyrirhugaðra kaupa bandarísku sjóðanna og lífeyrissjóðanna. Þeir bankar sem hafa verið ráðnir umsjónaraðilar með útboðinu eru Morgan Stanley, Citi og sænski fjárfestingabankinn Carnegie. Þá mun Deutsche Bank vera í hlutverki söluráðgjafa auk þess sem búist er við að gerður verði ráðgjafasamningur við íslensk fjármálafyrirtæki.

**Löng fæðing**

Viðræður um möguleg kaup lífeyrissjóða á hlut Kaupþings í Arion banka hafa staðið yfir – með mislöngum hléum – í um fimmtán mánuði. Þannig hóf hópur lífeyrissjóða fyrst slíkar óformlegar viðræður við slitastjórn Kaupþings í árslok 2015. Þær þreifingar náðu aldrei lengra en að vera aðeins kurteisisviðræður enda var það afstaða stærstu kröfuhafa Kaupþings á þeim tíma að slitastjórnin hefði í reynd ekkert umboð til að eiga í viðræðum við hugsanlega kaupendur að bankanum – það væri verkefni sem hlyti að vera á forræði stjórnar hins nýja eignarhaldsfélags sem tók skömmu síðar til starfa. Eftir að sú stjórn var kjörin til að stýra Kaupþingi um miðjan mars 2016 voru viðræðurnar settar á ís.

Lífeyrissjóðum var í september í fyrra boðið að ganga til viðræðna við Kaupþing um að kaupa á bilinu 20 til 40 prósenta hlut í Arion banka áður en almennt hlutafjárútboð og skráning á bankanum færi fram. Þá gerði upplegg Kaupþings á þeim tíma jafnframt ráð fyrir því að kröfuhafar félagsins, sem eru einkum ýmsir alþjóðlegir fjárfestingasjóðir, myndu í lokuðu útboði kaupa samtímis 10 til 20 prósenta hlut í Arion banka á sama sölugengi og lífeyrissjóðirnir. Það slitnaði að mestu upp úr viðræðum ráðgjafa sjóðanna og Kaupþings í desember þar sem of mikið bar í milli varðandi hugmyndir um mögulegt kaupverð á hlut í bankanum. Viðræðurnar hófust hins vegar að nýju í byrjun þessa árs og hafa staðið yfir á undanförnum vikum.

Í forsíðufrétt Fréttablaðsins í lok janúar var einnig upplýst að ýmsir erlendir fjárfestingasjóðir hefðu á undanförnum vikum og mánuðum átt fundi hér á landi með yfirstjórnendum Fjármálaeftirlitsins (FME) í tengslum við möguleg kaup þeirra á hlut í Arion banka. FME hefur leitað eftir því á fundunum að fá upplýsingar um eignarhald viðkomandi sjóða og önnur atriði sem kunna að varða hugsanlegt hæfi þeirra til að fara með eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Ekki hafa fengist upplýsingar um nöfn þeirra sjóða sem hafa fundað með FME en ljóst er að þar er um að ræða bandaríska fjárfestingasjóði í kröfuhafahópi Kaupþings sem standa núna að baki kaupum á Arion banka.

**Miklir hagsmunir ríkisins**

Auk þess að eiga gríðarlegra hagsmuna að gæta við sölu Kaupþings á hlut sínum í Arion banka, vegna afkomuskiptasamnings sem var gerður við kröfuhafa í árslok 2015, þá á ríkið 13 prósent í bankanum sem Bankasýslan heldur utan um. Sá hlutur gæti verið metinn á um á 27 milljarða ef tekið er mið af bókfærðu eigin fé Arion banka. Í nýlega birtum drögum að uppfærðri eigendastefnu fyrir fjármálafyrirtæki kemur fram að sala á hlutnum muni að öllum líkindum eiga sér stað í tengslum við sölu Kaupþings og skráningu Arion banka á markað síðar á þessu ári.

Þrátt fyrir að hafa skilað metafkomu 2015, þegar Arion banki hagnaðist um 50 milljarða, þá hefur arðsemi af undirliggjandi rekstri bankans farið minnkandi sem skýrist meðal annars af háu eiginfjárhlutfalli. Bankinn hagnaðist um 22 milljarða eftir skatta 2016 en arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var aðeins 4,7 prósent borið saman við 8,7 prósent á árinu 2015.

**25%**

**er sá hlutur sem bandarískir sjóðir stefna á að kaupa í Arion banka.**

**0,8**

**er gengið miðað við eigið fé Arion banka sem virkjar forkaupsrétt ríkisins.**

## Einkafjárfestar vildu 1,5 prósent í Arion banka

Hópur íslenskra einkafjárfesta, sem var settur saman að frumkvæði Kviku fjárfestingabanka, gerði Kaupþingi fyrr í þessum mánuði tilboð í 1,46 prósenta eignarhlut í Arion banka. Stjórn Kaupþings tók tilboðið til umfjöllunar um þar síðustu helgi, eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu, en svaraði því ekki áður en tilboðsfrestur rann út um miðnætti sunnudaginn 12. febrúar. Samkvæmt heimildum hljóðaði tilboðið í hlutinn upp á um 2,5 milljarða króna, eða sem jafngildir genginu rúmlega 0,8 miðað við bókfært eigið fé Arion banka í lok þriðja ársfjórðungs 2016.

Í stuttum tölvupósti sem Kvika sendi til fjárfestahópsins daginn eftir að fyrrnefndur tilboðsfrestur rann út, og Markaðurinn hefur undir höndum, kom fram að bankinn hafi haft „[vissu] fyrir því að [stjórn Kaupþings] hafði áhuga á því að fá tilboð og fagnaði hún frumkvæði Kviku“.

Hópurinn sem hafði skuldbundið sig til að taka þátt í að setja fram tilboð í hlut í Arion banka samanstóð af um tuttugu einkafjárfestum sem eru í viðskiptum við eignastýringu í Kviku banka. Af hálfu Kaupþings var meðal annars horft til þess að pólitískt viðkvæmt gæti mögulega verið að selja útvöldum einkafjárfestum hlut í bankanum í aðdraganda fyrirhugaðs hlutafjárútboðs Arion banka. Sömu sjónarmiða gætti hjá fulltrúum lífeyrissjóða sem töldu óheppilegt ef einkafjárfestum yrði heimilað að fjárfesta í bankanum í samfloti með sjóðunum í lokuðu útboði.

**2,5**

**milljarðar var tilboð hóps einkafjárfesta í tæplega 1,5 prósenta hlut í Arion banka.**


DOMUSNOVA Fasteignasala

# Erum að leita að samstarfsaðila

Uppbygging og rekstur hótels og hótelíbúða.





**Haukur Halldórsson**
Hdl., Löggiltur fasteignasali
Ábyrgðarmaður Domusnova
S: 789-5560
domusnova@domusnova.is



**Agnar Agnarsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala/
Lauk lög.námi 2003.
S: 820-1002
agnar@domusnova.is

**Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir við 150-200 herbergja hótel ásamt hótelíbúðum við Skeljabrekku í Kópavogi.**

Byggingarlóðin er tilbúin til byggingar
Byggingarmagn á lóð allt að 12.700 fm
Rekstraraðili getur komið að hönnun og skipulagi hótelsins frá byrjun
Glæsilegt útsýni m.a. yfir Fossvog og Öskjuhlíð
Mikil uppbygging er að hefjast á svæðinu

Nýbýlavegur 8 - 200 Kópavogur - Austurvegur 4 - 800 Selfoss - www.domusnova.is - S: 527 1717

# Afjúpa álbíl í HÍ

Samtök álframleiðenda, Samál, standa á fimmtudag fyrir Nýsköpunarmóti Álklasans. Tilgangur þess er að kynna árangur af rannsóknar- og þróunarverkefnum og ræða hugmyndir að nýjum samstarfsverkefnum í áliðnaði. Grind og undirvagn fyrsta fjöldaframleidda íslenska bílsins sem eru úr áli verða þar einnig afhjúpuð í aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Guðbjörg Óskarsdóttir, klasastjóri Álklasans, mun hleypa af stokkunum hugmyndagátt fyrir nemendur.

**» Fyrsti fjöldaframleiddi íslenski bíllinn verður kynntur á Nýsköpunarmóti Álklasans í Háskóla Íslands.**



**Bíllinn hefur verið þróaður af Ísar.**








Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöriss og formaður Samtaka iðnaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Formann SI langar að lyfta fleiri kílóum í clean og jerk

## Svipmynd

**Guðrún Hafsteinsdóttir**

Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöriss og formaður Samtaka iðnaðarins (SI), lærði mannfræði í Háskóla Íslands og hefur stýrt markaðssetningu fjölskyldufyrirtækisins frá árinu 2008. Hún býr í Hveragerði, finnst gaman að elda góðan mat og hefur setið sem formaður SI í þrjú ár. Guðrún situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvaða app notarðu mest?*

Ég er með alls konar öpp en líklega nota ég mest Facebook og Messenger en einnig Leggja, Veðrið, Keldan, Púlsinn og Snapchat. Ég nota einnig Sarpinn mikið þar sem ég eyði miklum tíma í bíl og þá er gott að geta hlustað á góða þætti eins og Í ljósi sögunnar og annað gott af RÚV. Leggja-appið er samt það sem hefur gert hvað mest fyrir mig enda hef ég sloppið við margar stöðumælasektir eftir að ég fór að nota það.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?*

Það fer nú drjúgur tími í heimilisstörfin, heimilið þrífur sig ekki sjálft því miður! En þess utan reyni ég að rækta fjölskyldu- og vinatengslin. Ég fer mikið í leikhús og svo hljóta það nú að vera ellimerki en mér finnst orðið óskaplega gaman að dútla í garðinum mínum þegar fer að vora og á sumrin. Mér finnst gaman að elda mat og finnst fátt betra en að dunda mér í eldhúsinu. Ég get verið allan daginn í einhverju matarstússi og svoleiðis daga er dásamlegt að enda í góðra vina hópi við borðstofuborðið.

*Hvernig heldur þú þér í formi?*

Ég bý á svo dásamlegum stað sem býður upp á ótal gönguleiðir stutt frá mínu heimili. Ég reyni að fara út að ganga á hverjum degi. Mér finnst einnig gott að fara í sund. Nýjasta uppátækið er þó Crossfit en ég fór að stunda það í haust. Það er ótrúlega skemmtilegt en einnig svakalega krefjandi fyrir konu sem hefur aldrei haldið á neinu um ævina nema börnum og Bónuspokum! En ég er í hvetjandi umhverfi og markmiðið er að geta gert upphífingar skammlaust einn góðan veðurdag og einhver kíló í clean and jerk.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?*

Ég hlusta mikið á tónlist og hlusta nánast á allar tegundir tónlistar, fer allt eftir dagsforminu. Ég hlusta þó ekki á þungarokk og ekki á kántrí. En öll tónlist með góðum takti og góðum texta höfðar til mín því mér þykir bæði gaman að dansa og svo syng ég heilmikið í bílnum þegar enginn heyrir til.

*Ertu í þínu draumastarfi?*

Já, ég er í draumastarfinu. Ég starfa í Kjörís sem er óskaplega skemmtileg vinna og frábærir vinnufélagar. Síðan er ég svo heppin að hafa fengið að taka að mér margvísleg verkefni, mjög fjölbreytt sem öll eru gefandi hvert á sinn hátt.

# Star Wars voru frábær kaup



**Björn Berg Gunnarsson,**
fræðslustjóri VÍB

George Lucas fékk hátt í 500 milljarða króna í vasann þegar hann seldi Lucasfilm til Disney. Ríflega fjórum árum síðar er komin ágætis reynsla á yfirtökuna og virðist Disney hafa gert afar góð kaup.




Disney ætlar að framleiða Star Wars-myndir fram á næsta áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Marvel og Pixar settu tóninn

Star Wars smellpassar í viðskiptalíkan Disney. Þar á bæ er leitað að vörumerkjum sem hægt er að nýta í hinum fjölmörgu dreifileiðum fyrirtækisins, svo sem í kvikmyndahúsum, skemmtigörðum, sjónvarpsstöðvunum ABC og Disney Channel, leikfanga- og fataverslunum og tölvuleikjum. Þar liggja tækifærin og reynslan af slíkum viðskiptum er góð. Myndasöguframleiðandinn Marvel er endalaus uppspretta efnis sem og Pixar, sem var einmitt upphaflega stofnað af Lucas.

Disney getur gert meira úr Star Wars en Lucas gat gert sjálfur, nóg er að bera saman umfang kynningar Star Wars Episode I, II og III í kringum aldamótin og tveggja síðustu mynda. En þetta er bara rétt að byrja. Talað er um að ný kvikmynd verði gefin út árlega og brátt munum við geta lifað okkur enn betur inn í hugarheim Lucas því tveir Star Wars Land skemmtigarðar verða opnaðir við garða Disney í Kaliforníu og Flórída eftir tvö ár.

### Hluthafarnir kætast

Þegar George Lucas tók við 500 milljörðunum sínum árið 2012 virtist hann hafa dottið í lukkupottinn en segja má að hluthafar Disney svamli þar með honum þar sem hlutabréfaverðið hefur frá þeim tíma ríflega tvöfaldast.

Fimm söluhæstu kvikmyndir síðasta árs voru allar í nafni Disney og þar sem Rogue One: A Star Wars Story skilaði framleiðslukostnaði fimmfalt til baka í bíóhúsum lítur út fyrir að nýjar kynslóðir fái að kynnast Han Solo og Boba Fett um ókomna tíð og reyndar bláa fílnum og Jar Jar Binks líka.



GÓÐ VERÐ
Í FEBRÚAR
Iceland
RAUÐUR PLÚS
Blóðappelsínubragð
129 KR
258 kr.l
KRISTALL
Mexican Lime
1356 KR
6x 2 L
113 kr.l
6 fyrir 4
Haust
Hafra- og heilhveitikex
199 KR
225g
884 kr/kg
Lambi
Eldhúsrúllur
399 KR
100 kr.stk.
Lambi
WC pappír
699 KR
58 kr.stk.
Cult
Raw energy
149
250ml
569 kr/l
Cult
Raw energy
199 KR
500ml
398 kr/l
Coldpress
Smoothie - Allar tegundir
VERÐ FRÁ 249 KR
250 ml
996/1196 kr.l
Sport lunch
Stórt
149 KR
80g
1863 kr/kg
St. Dalfour
Sultur - Allar tegundir
369
284 L
1299 kr/l
Pop Corners
Allar tegundir
299 KR
142/170g
1759/2106 kr/kg
Toppur
Epla
199 KR
2 l
100 kr.l
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ICELAND,
ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

## Skotsilfur

### Náði fyrsta prófinu



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir,** framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), þykir hafa komist vel frá sinni fyrstu alvöru prófraun í starfi eða sjómannaverkfallinu. Útgerðin hafi náð í gegn flestu af því sem lagt var upp með. Óánægja sjómanna með niðurstöðuna hafi birst í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana þar sem mjótt var á mununum. Sigur útgerðarinnar hafi kristallast í léttum Þorsteini Má Baldvinssyni, forstjóra Samherja, sem aðstoðaði við að leysa landfestar á skipum fyrirtækisins daginn eftir að samið var og rétt áður en hann brá sér í viðtal á RÚV.

### Vill taka við af Björgólfi



Búist er við því að nýr formaður Samtaka atvinnulífsins (SA) verði kjörinn á aðalfundi samtakanna í lok næsta mánaðar. Björgólfur Jóhannsson, sem hefur gegnt því embætti í fjögur ár, hefur sjálfur sagt að hann sé enn undir feldi en flestir reikna engu að síður með að hann muni stíga til hliðar og einbeita sér að störfum sínum sem forstjóri Icelandair Group. Sagt er að **Ari Edwald,** forstjóri Mjólkursamsölunnar og fyrrverandi framkvæmdastjóri SA, hafi mikinn hug á því að verða eftirmaður Björgólfs sem formaður samtakanna.

### Krefjandi stjórnarseta



**Sigrún Ragna Ólafsdóttir,** fyrrverandi forstjóri VÍS, og Jakob Bjarnason, starfsmaður LBI eignarhaldsfélags (gamla Landsbankans), settust bæði í stjórn kísilvers United Silicon í Helguvík í síðasta mánuði. Þar hittu þau fyrir meðal annars Auðun Helgason, fyrrverandi knattspyrnumann, og Magnús Garðarsson, stærsta eiganda kísilversins. Ljóst er að stjórnarmennirnir nýju koma inn í félagið við krefjandi aðstæður en starfsemin hefur verið plöguð af mengunaróhöppum og vandræðagangi síðan verksmiðjan var gangsett í nóvember.

## Hagkaup lokaði eftir 30 ár




Verslun Hagkaups á 2. hæð Kringlunnar var lokað á mánudag. Rýmingarsölu þar sem vörur voru seldar með 50 prósenta afslætti lauk daginn áður og búðin þá gott sem tæmd. Verslunin var opnuð sama dag og Kringlan eða 13. ágúst 1987. Sænski fataverslanarisinn H&M hefur nú tryggt sér verslunarplássið og rekstur Hagkaups á 2. hæð mun sameinast matvöruverslun fyrirtækisins á jarðhæð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenska hagsveiflan



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Það er erfitt að finna nokkurt hagkerfi í heiminum sem er óstöðugra en það íslenska – jafnvel þótt það sé borið saman við önnur mjög lítil hagkerfi. Allir á Íslandi þekkja söguna – við förum úr gríðarlegri (ósjálfbærri) uppsveiflu yfir í meiriháttar hrun 2008 og nú er efnahagslífið aftur á uppleið.

Verg landsframleiðsla óx að raunvirði um 10,3% á síðasta ársfjórðungi 2016 miðað við sama tímabil árið áður, og íslenska hagkerfið er það sem vex hvað hraðast á Vesturlöndum. En það er mjög auðvelt að verða áhyggjufullur vegna sögu hagsveiflunnar á Íslandi.

Það er líka hætt við að menn hafi áhyggjur af að enn á ný endi þetta í meiriháttar hruni. Ég tel hins vegar að við ættum ekki að álykta í fljótfærni að þetta endi jafnilla og 2008. Ég held ekki að það sé endilega tilfellið.

**Fáar atvinnugreinar**

Íslenska hagkerfið er í eðli sínu óstöðugt og að miklu leyti er ógerningur að gera neitt við því. Þar sem íslenska hagkerfið reiðir sig á aðeins fáar atvinnugreinar – orku/ál, fiskveiðar og nú undanfarið ferðaþjónustu – sjáum við miklar sveiflur bæði í framboði og eftirspurn og þar af leiðandi í vergri landsframleiðslu. Íslendingar eru að miklu leyti vanir þessu en fáir myndu segja að þetta væri gott og þess vegna ættu stjórnvöld að hugleiða hvernig hægt væri að draga úr fjármálasveiflunum í íslenska hagkerfinu.

Þannig er það ekki aðeins atvinnuuppbygging íslenska hagkerfisins sem veldur því að efnahagsstarfsemin er óstöðug heldur einnig bæði peningamálastefnan, stefnan í ríkisfjármálum og heildarregluumhverfið í íslenska hagkerfinu.

> **Ég tel hins vegar að við ættum ekki að álykta í fljótfærni að þetta endi jafnilla og 2008. Ég held ekki að það sé endilega tilfellið.**

Ég hef áður bent á það í Fréttablaðinu að íslenska húsnæðislánakerfið auki óstöðugleikann með því að tengja afborganir húsnæðislána við verðbólgu, sem aftur er nátengd óstöðugleika gengisins. Leið til að draga úr þessu vandamáli væri að tengja afborganir húsnæðislána við nafnvirði launahækkana í stað verðbólgunnar.

**Ýtir undir sveiflurnar**

Að sama skapi tel ég að það væri heillavænlegt ef Seðlabankinn tæki, í stað verðbólgumarkmiðs, upp markmið um nafnvirði launahækkana (til dæmis 5%). Vandamálið núna er að lítil verðbólga samkvæmt neysluverðsvísitölu er að miklu leyti vegna gengisstyrkingar krónunnar, sem er aftur drifin áfram af viðskiptakjörum (útflutningsverð á móti innflutningsverði). Þannig að ef til dæmis álverð hækkar (og hagkerfið eflist) hefur krónan tilhneigingu til að styrkjast og þrýsta verðbólgu niður, sem aftur veldur því að Seðlabankinn losar um peningamálastefnu sína. Það er því tilhneiging til að peningamálastefnan styðji sveiflurnar í stað þess að vinna gegn þeim. Nýleg þróun lýsir þessu afar vel – hagkerfið er í uppsveiflu og Seðlabankinn lækkaði nýlega stýrivexti. Ef eitthvað, þá ætti Seðlabankinn að herða peningamálastefnuna.

Að lokum: Hinn mikli óstöðugleiki í íslenska hagkerfinu er að mörgu leyti „náttúrulegur“. En stjórnvöld gætu og ættu, að mínu viti, að grípa til aðgerða til að breyta hinum efnahagslega og pólitíska ramma svo hægt verði að draga úr „mögnurunum“ í kerfinu, sem eiga það til að auka óstöðugleikann í hagkerfinu.

# Frumkvöðull í leit að núvitund



**Hin hliðin**

**Hrönn Margrét Magnúsdóttir,** stofnandi Ankra-Feel Iceland, og FKA-félagskona.

Áður upplifði ég sjálfa mig sem nokkuð yfirvegaða manneskju, ekki mikið að stressa mig fyrir próf eða yfir einhverju öðru, en í dag eru aðrir tímar. Oftar en ekki finn ég mig í aðstæðum þar sem ég er ansi stressuð og á erfitt með að komast yfir verkefni dagsins. Ég viðurkenni að þessum streitufullu aðstæðum fjölgaði mikið þegar ég stofnaði eigið fyrirtæki og ábyrgðin jókst.

Þegar virt viðskiptatímarit eru farin að fjalla um hversu miklu máli rétt öndun stjórnenda í streitufullum aðstæðum og núvitund skiptir, þá hlýtur þetta að vera vaxandi vandamál í heiminum. Enda engin furða með allri þessari nýju tækni þar sem allstaðar er hægt að ná í fólk og tilkynningabjöllur hringja í vösunum þegar ný skilaboð berast á mismunandi miðlum, hvort sem það er um dag eða dimmar nætur.

Flestir eru farnir að átta sig á því að þessi ógnarhraði í samfélaginu og aukið álag hefur ekki aðeins áhrif á andlega líðan heldur einnig líkamlega. Til þess að toppa þetta þá eiga frumkvöðlar eins og ég víst að vera 30% líklegri til að verða þunglyndir en aðrir. Þetta var nóg til þess að ég skellti mér á hugleiðslunámskeið sem var hverrar krónu virði.

Í leit minni að núvitund og hugarró hef ég reynt að tileinka mér betri venjur og mig langar að deila þremur þeirra sem hafa reynst mér vel og ég fann í viðskiptatímaritum fyrir stjórnendur.

Taka frá 10 mínútur á dag í einhvers konar hugleiðslu – það er auðvelt að byrja á því að hlaða niður smáforriti sem leiðir fólk í gegnum hugleiðsluna.

Ekki byrja morguninn á því að fara yfir tölvupóstinn – við eigum að vera mest skapandi á morgnana og eigum auðveldara með að fókusera og því er synd að skemma flæðið með því að fylla hugann af ósvöruðum tölvupósti.

Slökkvið á öllum tilkynningabjöllum á tölvunni og í símanum – við erum í sífellu að bregðast við áreiti og erum farin að vinna í mörgum verkefnum á sama tíma sem eykur álag og minnkar skilvirkni.

Það er ekki að ástæðulausu að jóga, hugleiðsla og heilbrigður lífsstíll er á margra vörum. Hugum að heilsunni, verum hress og ekkert stress.


40 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
MEZZOFORTE
LAU. 16. SEPT. Í HÁSKÓLABÍÓI
MEZZOFORTE
MIÐASALA HEFST MIÐ. 1. MARS KL. 12.00 Á MIDI.IS
Fram koma allir stofnmeðlimirnir EYÞÓR GUNNARSSON, JÓHANN ÁSMUNDSSON, GULLI BRIEM, FRIÐRIK KARLSSON ásamt blásarasveit, söngsveit, slagverkssveit og fríðum flokki valinna gesta, þ.m.t. saxófónleikurunum JONAS WALL, ÓSKARI GUÐJÓNSSYNI og KRISTNI SVAVARSSYNI, blásara Garden Party. Sérstakur gestur frá Bretlandi er hinn góðkunni, NOEL MCCALLA, söngvari This is the Night!
MISSIÐ EKKI AF EINSTÆÐU TÆKIFÆRI TIL AÐ SJÁ EINA MERKUSTU HLJÓMSVEIT ÍSLANDSSÖGUNNAR Á EINSTÖKUM TÍMAMÓTAVIÐBURÐI!

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 22. febrúar 2017

vísir www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Með betlistafinn

**Áhugavert** hefur verið að fylgjast með væringum á fjölmiðlamarkaði þar sem hinir flekklausu keppast við að slá sjálfa sig til riddara.

**Varla hefur** landssöfnun Frjálsrar fjölmiðlunar farið fram hjá nokkrum manni, en þar biðlar reynsluboltinn Gunnar Smári Egilsson til almennings um stuðning í baráttunni gegn ofríki auðjöfra á fjölmiðlamarkaðnum. Ekki virðast þó allir auðjöfrar jafnir í augum Gunnars Smára því hann treystir sjálfum sér, óskeikulum, til að halda í hlutleysið þrátt fyrir aðkomu þekktra efnamanna að blaðinu hans.

**Frá Kjarnanum** heyrist svo gamalkunnugt stef um að þar á bæ hafi landi og þjóð verið unnið mikið gagn með merkri umfjöllun. Þá er upplýst að hluthafar séu frábært fólk. Öðru gegni hins vegar um eigendur annarra miðla sem ýmist séu í höndum samfélagslegra útlaga eða sjálfrar útgerðarinnar. Svo er klykkt út með því að allur almenningur eigi að taka sér stöðu með þeim góðu og óskeikulu gegn hinum vondu – með fjárframlögum, líkt og um góðgerðarfélag sé að ræða.

**Merkilegt er** hvernig þessum miklu blaðamönnum tekst að starfa í tómarúmi án afskipta eigenda. Aðra telja þeir ekki þrífast án slíkra afskipta. Hvernig má skýra það? Eru bakhjarlar Fréttatímans og Kjarnans góðgjarnir englar sem lúta öðrum lögmálum en fúlmennin sem halda allri umfjöllun á spori hagsmunanna – berja marga tugi blaðamanna til hlýðni?

**Engu er líkara** en þetta fólk ætli að byggja framtíð sína á því að ata aðra miðla auri. Þeir taka sér stöðu sem handhafar sannleikans í krossferð gegn þeim sem þeir segja afbaka og ljúga. Þeir búa til heimsmynd sem þeim hentar og hika ekki við að sverta æru kollega sinna.

**Hvað getur** það annars talist annað en atvinnurógur að saka fólk sínkt og heilagt um að vera viljalaust verkfæri eigenda og auðjöfra?

**Kannski væri** vænlegra til árangurs að beina sjónum að hvíta fílnum í herberginu – hlut Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Þar eru miklar tekjur sem annars rynnu í vasa annarra fjölmiðla og gætu styrkt rekstrargrundvöll þeirra. Þeir gætu þá sótt á þau mið á jafnréttisgrundvelli.

**Nei,** þau velja að ata kollega sína auri um leið og þau upphefja sjálf sig og biðla til auðtrúa fólks um ölmusu. Það er óheiðarlegt viðskiptamódel og ekki vænlegt til árangurs.

UMHVERFIÐ ÁSTRÍÐA ÞJÓNUSTA HREINT
GuðjónÓ VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

## Ómar vill í stjórn Icelandair

Ómar Benediktsson, forstjóri Farice, leitar nú samkvæmt heimildum Markaðarins stuðnings hluthafa Icelandair Group til stjórnarsetu í flugfélaginu. Ný stjórn verður kjörin á aðalfundi félagsins 3. mars. Ómar var aðal- og varamaður í stjórn Icelandair Group á árunum fyrir hrun og um tíma varaformaður. Þar áður gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra Air Atlanta og Íslandsflugs og síðar sömu stöðu hjá Smartlynx Airlines í Lettlandi. Ekki náðist í Ómar við vinnslu fréttarinnar. – hae



Ómar Benediktsson, forstjóri Farice

**16.02.2017**

**Ég tel verulegar líkur á því að við verðum með fleiri farþega en Icelandair strax á næsta ári. Það er hins vegar ekkert markmið í sjálfu sér að verða stærri en Icelandair.**

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air





Hvar á fyrirtækið þitt að vera?

**HEILD** fasteignafélag hefur yfir að ráða fjölda af vel staðsettum atvinnulóðum á höfuðborgarsvæðinu.

**Hafðu samband ef þig vantar framtíðarstað fyrir fyrirtækið þitt.**

Heild er meðal stærstu fasteignafélaga landsins og sérhæfir sig í atvinnuhúsnæði, lóðum og þróunarverkefnum.

Heild hefur yfir að ráða fjölbreyttu úrvali eigna á höfuðborgarsvæðinu og leitast við að mæta þörfum viðskiptavina sinna – hvort sem laga þarf húsnæði að þörfum þeirra eða byggja hús frá grunni.

fyrirspurn@heild.is

www.heild.is

HEILD fasteignafélag




TENGI
SUBWAY
Pústþjónusta BJB Aukin þjónusta
enterprise rent-a-car



✝

Elskuleg móðir mín,

**Aldís Eyjólfsdóttir**

lést þann 6. febrúar síðastliðinn.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.

**Þórhildur Pálsdóttir**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar
hjartkærrar móður okkar,

**Eddu Kristjánsdóttur**

fyrrverandi
framhaldsskólakennara.

**Kristján, Helga, Anna, Jón, Friðrik, Einar og fjölskyldur.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Alexía Margrét Gísladóttir**

Miðvangi 159, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
mánudaginn 13. febrúar. Útför hennar
fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði
föstudaginn 24. febrúar kl 13.

**Haukur Þór Haraldsson** **Bylgja Birgisdóttir**
**Katrín Haraldsdóttir**
**Bjarki Þór Hauksson**
**Birgir Hauksson**
**Haraldur Orri Hauksson**
**Alexía Margrét Jakobsdóttir**
**Finnbogi Jakobsson**



✝

Móðir okkar,

**Guðný Ágústsdóttir,**

Háleitisbraut 36,
Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum 11. febrúar. Útförin
fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn
24. febrúar kl. 11. Blóm og kransar eru vinsamlega
afþakkaðir en þeim er vildu minnast hennar er bent á
Hollvinasamtök Droplaugarstaða.

**Dætur hinnar látnu.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Kristín Halldóra Halldórsdóttir**

áður til heimilis að Flókagötu 51,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu í
Kópavogi þann 18. febrúar. Útför hennar fer
fram frá Háteigskirkju föstudaginn 3. mars
kl. 13.00.

**Ragnhildur Þórarinsdóttir** **Bergur Benediktsson**
**Guttormur B. Þórarinsson** **Ástríður V. Traustadóttir**
**Margrét H. Þórarinsdóttir** **Magnús Þ. Karlsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Elsku systir okkar og mágkona,

**Kristín Þórarinsdóttir**

Lindargötu 27,

lést á líknardeild Landspítalans
9. febrúar. Útför hennar fer fram frá
Fossvogskirkju fimmtudaginn
23. febrúar kl 15.00.

**Edda Þórarinsdóttir** **Gísli Gestsson**
**Freyr Þórarinsson** **Kristín Geirsdóttir**
**Bjarki Þórarinsson** **Helga Þórarinsdóttir**
**Nanna Þórarinsdóttir**



✝

Elsku móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Rebekka Margrét Ágústsdóttir,**

Bebba eða Magga,

lést á líknardeild Landspítalans
síðastliðið laugardagskvöld. Hún verður
jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði
föstudaginn 24. febrúar klukkan 15.

**Dúddi, Hanna, Heddi og Nanna,**
**makar og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðbjörg Egilsdóttir**

dvalarheimilinu Grund,
Hringbraut 50,
Reykjavík,

lést mánudaginn 13. febrúar. Útför hennar
fer fram frá Garðakirkju, Garðabæ, föstudaginn
24. febrúar kl. 13.

**Egill Grétar Björnsson** **Woranidchiya Chaiyo**
**Kolbrún Herbertsdóttir** **Reynir Hermannsson**
**Sveinn Haukur Herbertsson** **Anna Maria Dolores De Jesus**
**Chairat Chaiyo**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, mágur, afi og langafi,

**Guðmundur Hólm**

Langanesvegi 29, Þórshöfn,

lést í Reykjavík síðastliðinn sunnudag.
Minningarathöfn verður í Bústaðarkirkju
föstudaginn 24. febrúar kl. 13.00 og útför
verður síðan frá Þórshafnarkirkju 4. mars næstkomandi.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem
vilja minnast hans er bent á SEM samtökin (samtök
endurhæfðra mænuskaddaðra).

**Ragnhildur Karlsdóttir**
**Vilborg Guðmundsdóttir** **Ólafur Ingi Þórðarson**
**Aðalbjörg Guðmundsdóttir** **Stefán Pálmason**
**Þórhildur Guðmundsdóttir** **Katla Hreiðarsdóttir**
**Arnþór Karlsson**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Sigmundur Kristjánsson**

Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 8. febrúar á
hjúkrunarheimilinu Mörk. Útförin hefur
farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sólrún Gestsdóttir**
**Guðjón Einarsson** **Karólína Pétursdóttir**
**Sonja Einarsdóttir**
**Símon Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Ketilsdóttir**

fyrrv. húsmóðir, Torfum,
Eyjafjarðarsveit,

lést laugardaginn 18. febrúar síðastliðinn
að Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Smári Helgason** **Anna Jóhannesdóttir**
**Ketill Helgason** **Anna Gunnbjörnsdóttir**
**Sigurjón Helgason** **Sólrún Sveinbergsdóttir**
**Níels Helgason** **Sveinbjörg Helgadóttir**
**Jónína Helgadóttir** **Kristján Gunnþórsson**
**Guðjón Þór Helgason** **Erla Halls**
**Regína Helgadóttir**
**Gunnhildur Helgadóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

## Merkisatburðir



**1819** Spánn gefur Bandaríkjunum Flórída eftir.
**1865** Þrælahald verður ólöglegt í Tennessee í Bandaríkjunum.
**1903** Fríkirkjan í Reykjavík er vígð.
**1935** Fært er í lög að flugvélar megi ekki fljúga yfir Hvíta húsið í Bandaríkjunum.
**1956** Elvis Presley kemur lagi í fyrsta sinn á vinsældalista – Heartbreak Hotel.
**1979** Menningarverðlaun Dagblaðsins eru veitt í fyrsta sinn.
**1987** Popplistamaðurinn Andy Warhol deyr í New York, 58 ára.
**1991** Sigríður Snævarr afhendir trúnaðarbréf sitt sem sendiherra í Svíþjóð og er þar með fyrst íslenskra kvenna til að gegna slíku embætti.
**1997** Kind að nafninu Dollý er klónuð af genasérfræðingum í Edinborg.
**2005** Jarðskjálfti, 6,4 á Richter-skala, ríður yfir suðurhluta Írans. Rúmlega 500 manns láta lífið og 1.000 slasast.



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar
móður okkar,

**Maríu I. Jóhannsdóttur**

frá Viðfirði,
Hraunbæ 103, Reykjavík.

**Guðrún María Jóhannsdóttir**
**Kristín Ingibjörg Jóhannsdóttir** **Jón Rafn Sigurðsson**
**Jens Pétur Jóhannsson** **Matthildur Róbertsdóttir**
**Hólmgeir Þór Jóhannsson** **Helga Georgsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Unnur Jóhannsdóttir**

frá Laxárdal í Hrútafirði,
Hólabergi 84,

lést þann 20. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

**Aðalheiður Gunnarsdóttir** **Kristján Örn Frederiksen**
**Elísabet Ragnarsdóttir**
**Elísa Guðrún Ragnarsdóttir**
**Sigrún Rut Ragnarsdóttir** **Snorri Gústafsson**
**Jóhann Ragnarsson** **Jóna Guðrún Ármannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðbjörg A. Finsen**

Vesturgötu 50a,
Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum þriðjudaginn
14. febrúar. Útför hennar fer fram frá
Dómkirkjunni föstudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Guðrún Finsen** **Bjarne Wessel Jensen**
**Aðalsteinn Finsen** **Hulda Hrönn Finsen**
**Sigríður Finsen** **Magnús Soffaníasson**
**barnabörn og fjölskyldur.**



✝

Eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Gunnar Zoëga**

lögg. endurskoðandi,
Þorragötu 7, Reykjavík,

lést 17. febrúar. Útför hans fer fram
frá Neskirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 13.

**Hebba Herbertsdóttir**
**Gylfi Zoëga** **Marta Guðrún Skúladóttir**
**Gunnar Már Zoëga** **Inga Sif Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**



# 40% AFSLÁTTUR AF 100% HEILSÁRS DEKKJUM

## OG  30% AF HEILSÁRS JEPPADEKKJUM

***Dekk eru kannski ekki ofarlega í huga okkar daginn út og inn. En þegar þau fást með svona frábærum afslætti er erfitt að hugsa um annað. Nú færðu heilsársdekk með 30% afslætti undir jeppann eða jepplinginn og 40% afslátt af heilsárs fólksbíladekkjum. Komdu og gerðu kaup ársins!***

*Sími 544 5000 • Kópavogur, Hafnarfjörður, Njarðvík, Selfoss og* **BARÐINN** *Skútuvogi*

**SÓLNING**

*Meira til skiptanna*

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Ákveðin austanátt og fremur kalt í dag. Snjókoma eða él, einkum á suð-austanverðu landinu.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -4° | -4° |
| ↖ 7 | ← 18 | ← 10 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | -2° | -7° |
| ← 13 | ← 16 | ← 17 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -4° | -5° |
| ↖ 8 | ← 17 | ← 15 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -0° | -6° |
| ← 10 | ← 18 | ↖ 18 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. áfall
6. frá
8. kúgun
9. stal
11. belti
12. stólpi
14. dáð
16. strit
17. fjallaskarð
18. draup
20. leyfist
21. sáðjörð

**LÓÐRÉTT**
1. álits
3. tveir eins
4. þvengur
5. að
7. skóhljóð
10. kóf
13. ískur
15. flink
16. fæða
19. mun




**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. lost, 6. af, 8. oki, 9. tók, 11. ól, 12. staur, 14. afrek, 16. at, 17. gil, 18. lak, 20. má, 21. akur.
**LÓÐRÉTT:** 1. mats, 3. oo, 4. skóreim, 5. til, 7. fótatak, 10. kaf, 13. urg, 15. klár, 16. ala, 19. ku.

### Skák Gunnar Björnsson

Richter átti leik gegn Casper í Benshausen 1975

**Hvítur á leik**

**1. Rf6+! gxf6 2. Hc7+ Kg6 3. Dd1! 1-0.** Tvöföldun hótun. Svartur getur ekki bæði varið hrókinn á a4 og mátið á g4. Skákmót öðlinga (40+) hefst í kvöld. Hægt er að nálgast upplýsingar og skrá sig á skak.is.

**www.skak.is:** Íslendingar tefla í Moskvu.



### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 8 | | | | 1 | |
| | 8 | 3 | | | 6 | | 5 | 9 |
| | | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | 4 | | 1 | | |
| | 4 | | 9 | 7 | | 5 | | |
| 3 | 5 | | 6 | 2 | | 8 | | 4 |
| | 9 | 4 | | | 7 | | | 5 |
| 1 | 7 | | 3 | | | | | 6 |
| 2 | | | 4 | | 9 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 4 | | 1 | 2 | | 3 |
| 8 | | 2 | | | | | 5 | |
| | 6 | | 5 | | | | 9 | |
| | | | | 3 | 5 | | | |
| | 8 | 1 | | 9 | | 5 | 3 | |
| | | | 7 | 8 | | | | 1 |
| 6 | | 7 | | | 9 | | | |
| 3 | | | | | | | 6 | |
| | 1 | | 2 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 5 | 6 | | | |
| | | 6 | 7 | 8 | | 2 | | |
| | | 5 | | | | | | |
| | | | | 2 | | 6 | | |
| 2 | | 4 | | | 3 | | 8 | |
| | | | 5 | 4 | | 9 | | 1 |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | 6 | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | | 6 | | | | 9 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman
















**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| GAMLINGINN 2 | KL. 8 - 10:20 | L |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL VIP | KL. 5:40 - 8 | VIP |
| RINGS | KL. 10:40 | |
| LA LA LAND | KL. 5:40 - 8:20 | L |
| XXX 3 | KL. 8 - 10:20 | |
| XXX 3 VIP | KL. 10:20 | VIP |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:40 | |
| ROGUE ONE 2D | KL. 8 | |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 - 10:20 | L |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| RINGS | KL. 8 - 10:40 | |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 | L |
| XXX 3 | KL. 5:40 - 10:20 | |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GAMLINGINN 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 - 10:30 | |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| GAMLINGINN 2 | KL. 8 | L |
| GOLD | KL. 10:30 | |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 | |
| JOHN WICK: CHAPTER 2 | KL. 10:30 | |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| GAMLINGINN 2 | KL. 8 | L |
| GOLD | KL. 10:20 | |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 5:40 | L |
| RINGS | KL. 10:40 | |
| LA LA LAND | KL. 8 | L |





# Hvað? Hvenær? Hvar?

Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



Hiroe Terada ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við uppeldis- og menntunarfræðideild í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 22. FEBRÚAR 2017

### Tónlist

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur – Una Stef og Bey-Jazz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Söngkonan og lagasmiðurinn Una Stef kemur fram ásamt hljómsveit sinni og mun leika fjölbreytta efnisskrá með tónlist bandarísku tónlistarkonunnar Beyoncé í nýjum djassútsetningum.

**Hvað?** Kvöld í París – tónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Einar Bjartur Egilsson píanóleikari og Nadia Monczak fiðluleikari flytja rómantísk verk eftir tónskáldin César Franck, Jules Massenet, Ernest Chausson og Frédéric Chopin. Á undan verður í boði dásamleg kjúklingasúpa og heimabakað brauð á 2.450 krónur. Húsið opnað kl.18.30. Athugið að panta kvöldverð fyrir hádegi samdægurs.

**Hvað?** Sjóðheitir tangó-tónleikar í Fella- og Hólakirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fella og Hólakirkja
Sjóðheitir tangó-tónleikar verða í Fella-og Hólakirkju í kvöld, viðburðurinn er partur af tónleikaröðinni „Frjáls eins og fuglinn", sem Arnhildur Valgarðsdóttir, organisti kirkjunnar, stendur fyrir. Fram kemur með Arnhildi , að þessu sinni, Svanlaug Jóhannsdóttir söngkona. Þær flytja fjöruga og seiðandi argentínska tangóa og fleira. Aðgangseyrir er kr 2.500, en aðeins kr. 1.500 fyrir eldri borgara og öryrkja. Athugið að ekki er posi á staðnum. Bjóðum upp á kaffisopa í lok tónleikanna, sem standa í um eina klukkustund.

### Uppákomur

**Hvað?** Hvað? Söngvaskáld FTT
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið
Söngvaskáld FTT koma fram á þrennum tónleikum í Græna herberginu dagana 22. feb., 22. mars og 19. apríl. Innan vébanda Félags tónskálda og textahöfunda eru velflestir okkar afkastamestu tón- og textahöfunda og fá áhorfendur að sjá 12 þeirra í návígi á þessum þremur kvöldum. Fjórir koma fram í hvert sinn og í kvöld mæta á sviðið þau Jón Jónsson, Elín Ey, Teitur og Unnur Sara Eldjárn.

### Fundir

**Hvað?** Andúð gegn múslimum á Írlandi á tímum nýfrjálshyggju
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Stakkahlíð H-201
James Carr, kennari og rannsakandi við félagsfræðideild Háskólans í Limerick heldur fyrirlestur um múslimaandúð og greinir frá niðurstöðum rannsóknar sem byggir m.a. á viðtölum við 400 múslima sem búsettir eru á Írlandi.

**Hvað?** Doktorsvörn Hiroe Terada á menntavísindasviði
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Hátíðarsalur.
Hiroe Terada ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við uppeldis- og menntunarfræðideild, menntavísindasviði Háskóla Íslands.











**BIO ★ PARADIS** HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Moonlight | 17:30, 22:30 |
| Besti Dagur Í Lífi Olli Maki | 17:30 |
| Toni Erdmann | 20:00 |
| Paterson | 20:00 |
| Elle | 20:00 |
| Hjartasteinn ENG SUB | 22:30 |






# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur



**HEIMSÓKN**

Í þessum þætti bankar Sindri upp á hjá Ölmu Sigurðardóttur sem keypti, ásamt eiginmanni sínum, tveggja hæða íbúð á Laugarásveginum í Reykjavík og tók hana algerlega í gegn.


MAGNAÐ

**MIÐVIKUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365


**MEISTARAMÁNUÐUR**

Skemmtilegur og hvetjandi þáttur í umsjón Pálmars Ragnarssonar þar sem við fáum hugmyndir frá sérfræðingunum um hvernig við setjum okkur skammtíma- og langtímamarkmið.




**THE HEART GUY**

Stórskemmtilegir þættir um rísandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi. Þar til óskópin dynja yfir og hann þarf að sætta sig við líf úti á landi á litlu sjúkrahúsi.



**GREY´S ANATOMY**

Drama, spenna og óvæntar uppákomur! Það er aldrei lognmolla á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum.



**WENTWORTH**

Dramatískir spennuþættir um Bea Smith sem situr inni fyrir tilraun til manndráps og bíður dóms í hættulegasta fangelsi Ástralíu.



**NASHVILLE**

Skemmtilegur lokaþáttur um kántrísöngkonurnar Raynu James og Juliettu Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu í bransanum.




BÍÓ

**THE LADY IN THE VAN**

Sönn saga um kynni Alans Bennet af hinni heimilislausu Mary Shepherd sem í fimmtán ár bjó í sendibíl í innkeyrslunni við hús hans og átti hún sér merka sögu.





Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.20** Um land allt
**11.45** Fókus
**12.10** Matargleði Evu
**12.35** Nágrannar
**13.00** Spilakvöld
**13.45** Feðgar á ferð
**14.10** Á uppleið
**14.40** Major Crimes
**15.25** Glee
**16.10** One Big Happy
**16.30** Simpson-fjölskyldan
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Meistaramánuður
**19.35** Mom
**20.00** Heimsókn
**20.25** The Heart Guy Ástralskir þættir sem fjalla um rísandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi. Þar til óskópin dynja yfir og hann þarf að söðla um og sætta sig við líf úti á landi á litlu sjúkrahúsi með enga framtíð í skurðlækningum. Fljótlega kemur þó í ljós að staðurinn er uppfullur af freistingum sem erfitt getur verið að standast.
**21.15** Grey's Anatomy
**22.00** Wentworth
**22.45** Nashville
**23.30** Real Time With Bill Maher
**00.30** The Blacklist
**01.15** Homeland
**02.05** Lethal Weapon
**02.50** The Pyramid
**04.20** Ellen
**05.00** Spurningabomban Stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Logi egnir saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvort, sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir og þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.
**05.45** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** UEFA Champions
**08.40** UEFA Champions
**10.20** Meistaradeildarmörkin
**10.50** Dominos deild karla
**12.30** MD 2017 - Samantekt
**13.05** UEFA Champions
**14.45** UEFA Champions
**16.25** Meistaradeildarmörkin
**16.55** UEFA Europa League
**19.00** Meistaradeildarmörkin
**19.30** UEFA Champions
**21.45** Meistaradeildarmörkin
**22.15** UEFA Champions
**00.05** Meistaradeildarmörkin
**00.35** Spænski boltinn

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.20** Spænski boltinn
**10.00** Spænski boltinn
**11.40** Spænsku mörkin
**12.10** Þýski boltinn
**13.50** Þýsku mörkin
**14.20** FA Cup
**16.00** Lengjubikarinn
**17.50** Dominos deild karla
**19.30** UEFA Champions League
**21.45** UEFA Champions League
**23.35** Dominos deild kvenna
**01.15** UFC Unleashed
**06.55** Spænski boltinn

## STÖÐ 3

**17.30** 2 Broke Girls
**17.55** Raising Hope
**18.20** The Big Bang Theory
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Heimsendir
**20.25** Margra barna mæður
**20.55** Flash
**21.40** Rome
**22.40** Klovn
**23.05** The Knick
**00.05** Supergirl
**00.50** Gotham
**01.35** Arrow
**02.20** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Grettir
**09.11** Zigby
**09.25** Blíða og Blær
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.22** Hvellur keppnisbíll
**12.34** Ævintýraferðin
**12.46** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Grettir
**13.11** Zigby
**13.25** Blíða og Blær
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.22** Hvellur keppnisbíll
**16.34** Ævintýraferðin
**16.46** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Grettir
**17.11** Zigby
**17.25** Blíða og Blær
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Litla stóra Pandan



**11.24** Svampur Sveinsson

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Genesis Open
**13.30** Golfing World
**14.20** ISPS Handa Women's Australian Open
**19.20** Golfing World 2017
**20.10** Champions Tour Highlights
**21.05** PGA Highlights 2017
**22.00** Golfing World 2017
**22.50** Champions Tour Highlights

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00** Teenage Mutant Ninja Turtles
**12.40** The Class of '92
**14.40** The Lady in the Van
**16.25** Teenage Mutant Ninja Turtles
**18.10** The Class of '92
**20.15** The Lady in the Van
**22.00** Let's Be Cops
**23.45** Dracula Untold Allir þekkja hrollvekjuna um Dracula greifa. Núna fáum við loksins að sjá hvernig Dracula varð til og hvers vegna. Vlad Tepes er hugrakkur og öflugur stríðsmaður sem berst fyrir heimaland sitt Rúmeníu gegn innrás Tyrkja. Þegar hann finnur að kraftur hans og hugrekki nægir ekki til að vernda fjölskyldu hans né þjóð fyrir grimmum óvinum ákveður hann að leita á forboðnar slóðir eftir styrk sem dugar. Með aðalhlutverk fara Luke Evans, Charles Danes og Sarah Gordon og með aukahlutverk fer okkar ástsæli Þorvaldur Davíð.
**01.20** August. Osage County
**03.20** Let's Be Cops

## RÚV

**16.55** Úr gullkistu RÚV: Út og suður
**17.15** Eldað með Ebbu
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Ævar vísindamaður
**20.30** Kiljan
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Finndið
**23.20** Paradísarheimt
**23.50** Kastljós
**00.15** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Life Unexpected
**09.50** Judging Amy
**10.35** Síminn + Spotify
**13.05** Dr. Phil
**13.45** Black-ish
**14.10** Jane the Virgin
**14.55** Speechless
**15.20** The Mick
**15.45** Það er kominn matur
**16.20** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.00** The Late Late Show with James Corden
**17.40** Dr. Phil
**18.20** Everybody Loves Raymond
**18.45** King of Queens
**19.10** How I Met Your Mother
**19.35** American Housewife
**20.00** Your Home in Their Hands
**21.00** Chicago Med
**21.50** Bull
**22.35** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.15** The Late Late Show with James Corden
**23.55** Californication
**00.25** Jericho
**01.10** This is Us
**01.55** Scandal
**02.40** Chicago Med
**03.25** Bull
**04.10** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**04.50** The Late Late Show with James Corden
**05.30** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


SKÍÐAÚTSALA
30-50% AFSLÁTTUR
AF SKÍÐUM, BRETTUM, SKÍÐABÚNAÐI OG SKÍÐAFATNAÐI
SKÍÐADEILDIN ER Í SMÁRALIND
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is

# Lord Pusswhip er dauður




**Þórður Ingi Jónsson** gaf út aðra plötu sína nú síðasta föstudag og ber hún titilinn Lord Pusswhip is dead. Um er að ræða eins konar safnplötu en það má túlka titilinn hennar svo að hér sé ákveðnum kafla í lífi hans lokið og að nú taki við endurfæðing hjá honum.

Lord Pusswhip er listamannsnafn Þórðar Inga Jónssonar, rappara og pródúsers, sem hefur verið ansi öflugur í „underground“ senunni á Íslandi en einnig líka erlendis. Hann býr og starfar í Berlín um þessar mundir þar sem hann hefur verið duglegur við að koma fram og einnig hefur hann ljáð erlendum listamönnum tónsmíðar sínar, til að mynda Antwon, Metro Zu og fleirum.

Síðasta föstudag gaf hann út plötuna eða mixteipið Lord Pusswhip is dead en það er eins konar samansafn af efni sem hann hefur verið að dunda sér við síðustu fimm árin. Lífinu fannst við hæfi að setjast niður með Þórði og fá söguna bak við nokkur af lögunum á plötunni en á henni kennir ýmissa grasa – þarna má finna gestainnkomur frá mörgum af færustu röppurum landsins og helling af framúrstefnulegum taktsmíðum. **stefanthor@frettabladid.is**

**1. Lil' Gottskálk (co-prod. Vrong)**

„Annað rapplagið sem ég tók upp. Ég man að ég og Vrong sömpluðum The Breakfast Club og plötur sem ég hafði keypt í Tékklandi. Þarna var ég nýbúinn að lesa Galdra-Loft í MR og mér fannst Gottskálk svo nettur.“

**2. Mane I'm Fuked Up**

**3. Áreiti**

**4. La Segunda Violencia**

**5. Seljandi Krakk Sleitulaust**

**6. Maggasýn** (prod. Johnny & Luther)

**7. Sveisí**



**Þórður, eða Lord Pusswhip hefur komið víða við á þessum fimm árum sem ferill hans spannar hingað til.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**VIÐ TÖKUM UPP TRÚBOÐASLEIKJUN ÞEGAR ÉG BJÓ UNDIR EYJAFJÖLLUM ÞARSEINASTA SUMAR. ÞAÐ ER MJÖG SPES STAÐUR, ÞAÐ TRÚA ALLIR Á DRAUGA ÞAR.**

**8. Pjé Á Ell Ess Dé** (feat. Kött Grá Pjé)

„Kött Grá Pjé kom niðrí stúdíó á sínum tíma, það var í fyrsta skipti sem við hittumst og voru góðar okkar samfarir. Ég vil samt taka fram að við tökum hvorki LSD né PCP, þetta var meira „studio gangster“ dæmi.“

**9. Á nornasveim**

**10. Heimsendaspitt** ft. Svarti Laxness (prod. Alfreð Drexler)

**11. Keyrandi Fast** ft. BLVCKPOX (prod. VNUS808)

**12. Trúboðasleikjun** ft. CountessMalaise (prod. VNUS808)

„Við tökum upp Trúboðasleikjun þegar ég bjó undir Eyjafjöllum þarseinasta sumar. Það er mjög spes staður, það trúa allir á drauga þar. Ég var kominn með allsvakalegt „cabin fever“ eftir sumarið og það heyrist vel í þessu lagi.“

**13. Siggi Sýra** ft. Svarti Laxness

**14. Hvarerdópiðmitt** ft. TY

„TY úr Geimförum er með betri röppurum og taktsmiðum á landinu þannig að það var heiður að gera þetta lag með honum. Ég var nýfluttur til Berlínar þá. „Ctrl+Alt+Delete – ég þarf nýtt allt“ finnst mér ein besta lína sem ég hef heyrt í íslensku rappi.“

**15. Rólan** (prod. Krabba Mane)

**16. Róland-Nóta** ft. Mælginn

**17. Hvað er að Frétta** ft. Countess Malaise & Svarti Laxness

**18. Vatnaskógur** ft. BLVCK POX (prod. Marteinn)

„BLVCK POX er rappari úr Vesturbænum, við vorum saman í Hagaskóla en ég þekkti hann ekki neitt og hafði raunar ekki hugmynd um að hann rappaði. Hann er illa vanmetinn, jafnvígur á að rappa á ensku og íslensku. Þetta var annað samstarfið okkar.“

**19. OCB** (co-prod. Pazz Cherofoot)

**20. Á Móti Streymi** ft. Svarti Laxness (prod. MVNTRA)

**AÐALFUNDUR REGINS HF.**
**VERÐUR HALDINN 15. MARS 2017**

Stjórn Regins hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, miðvikudaginn 15. mars 2017 og hefst stundvíslega kl. 16.00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi sbr. 15. gr. samþykkta félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild stjórnar um kaup á eigin bréfum.
6. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
10. Önnur mál.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en tvær vikur eru til aðalfundarins. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til samþykkta félagsins sem finna má á heimasíðu þess, *www.reginn.is/fjarfestar*.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal um. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins.

Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt samþykktum félagsins ber að tilkynna um **framboð til stjórnar skriflega með minnst sjö sólarhringa fyrirvara fyrir aðalfund**, eða fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 8. mars 2017. Framboðum skal skila á skrifstofu Regins hf. í Smáralind, 1. hæð, Hagasmára 1, Kópavogi. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann sbr. 14. gr. samþykkta félagsins.

Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á heimasíðu félagsins, *www.reginn.is/fjarfestar*, a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund, sbr. 18. gr. samþykkta félagsins. Einnig verða skjölin hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins í Smáralind, 1. hæð, Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir aðalfund.

Önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardegi.

Kópavogur, 21. febrúar 2017
Stjórn Regins hf.

reginn.is
reginn@reginn.is
sími 512 8900

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

ORIGAMI SUSHI

# VEISLUBAKKAR



40 bitar, ekkert hrátt
**5.499**



50 bitar, grænmetis
**4.999**



50 bitar, maki
**5.899**



50 bitar, maki, nigiri og sashimi
**5.899**



50 bitar, maki og nigiri
**5.899**

Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara í síma **563-5203** eða senda tölvupóst á *origamisushi@origamisushi.is*

# Amiina gæðir 100 ára glæpamynd lífi

**Amiina gaf út plötuna Fantomas í lok síðasta árs. Platan kom til eftir að sveitinni var boðið að semja tónlist fyrir 100 ára gamla glæpamynd og hefur sveitin bókstaflega verið sveitt að spila verkið um allan heim.**



Hljómsveitin Amiina heldur meðal annars til Kína í apríl þar sem hún spilar í sex borgum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við vorum beðin um að spila tónlist við hundrað ára svarthvíta mynd, Fantomas, árið 2013, til að flytja í París á Halloween í tilefni afmælis myndarinnar. Þetta er glæpamynd í fimm hlutum frá 1913 sem var brjálæðislega vinsæl í Frakklandi. Í tilefni 100 ára afmælisins var ákveðið að endurgera myndirnar í 4k upplausn og biðja fimm hljómsveitir og tónlistarmenn að gera nýja tónlist og flytja í Théâtre du Châtelet í París. Við gerðum það og það var alveg frábært – þetta var sex klukkutíma löng bíósýning með öllum þessum listamönnum. Þetta voru til dæmis Tim Hecker og Yann Tiersen sem gerði tónlistina í Amelie var að kjúreita þetta, þannig að þetta var rosa stórt og mjög mikið lagt í að gera tónlist í heila bíómynd,“ segir María Huld Markan Sigfúsdóttir meðlimur hljómsveitarinnar Amiinu, sem hefur verið að gera það gott um allan heim með plötuna Fantomas. Þau gáfu í lok síðasta árs út samnefnda plötu með tónlistinni sem Amiina samdi fyrir myndina og hafa í framhaldinu verið að túra heilmikið og spila yfir myndina.

*En hvernig kom það til að þau ákváðu að taka upp plötu með tónlistinni?*

„Þegar frá leið langaði okkur að gera eitthvað meira úr þessu og prufuðum að taka upp og sjá hvernig þetta yrði. Við ákváðum að aðlaga þetta þannig að þetta yrði bara plata og það gekk vel, við förum í stúdíó svona ári síðar og kláruðum plötuna þarna um daginn. Þetta er bara eins og alveg sjálfstæð plata – maður þarf ekki endilega að vita að þetta sé við mynd. En við höfum spilað þetta með myndinni ansi oft síðan.

Fantomas er ansi mögnuð innsýn í Frakkland fyrir hundrað árum; götustemmingin, hestvagnar, bílar og lestir... það er ansi súrrealísk framvinda í myndinni og allt í ótrúlega hárri upplausn þannig að manni líður eins og maður bara sé staddur í París fyrir hundrað árum. Við spilum tónsporið mjög nákvæmt; við höldum spennunni í spennuköflum, stundum vitnum við í umhverfishljóð og fleira, þannig að þetta mjög nákvæmt.“




Fantomas var þögul mynd í fimm hlutum sem kom út 1913.

> VENJULEGA SPILUM VIÐ BARA MYNDINA OG ÞAÐ TEKUR LÍKAMLEGA Á – ÞAÐ ERU TIL DÆMIS HRAÐIR TROMMUKAFLAR OG MAÐUR ER ALGJÖRLEGA BÚINN Á ÞVÍ. ÞETTA ER SMÁ EINS OG AÐ FARA Í RÆKTINA...

*Hvað er svo fram undan hjá ykkur?*

„Tónleikarnir á Húrra eru upphitun því að við erum að fara að spila í Belgíu núna eftir viku og síðan í apríl spilum við bæði í Bandaríkjunum og Kína. Það verður forvitnilegt að sjá hvernig þetta leggst í öðruvísi menningarheim eins og Kína. Við komumst í gegnum ritskoðun í Kína, það þurfti að athuga hvernig myndin væri þar en það slapp.

Við leggjum þetta þannig upp að við flytjum alla myndina, hún er sjötíu mínútur og mjög snörp, þannig að þetta er í rauninni eins og góður kafli fyrir hlé. Í Kína spilum við aðeins meira í kringum þetta – bæði gamalt efni og nýrra. Það var sérstaklega beðið um prógramm fyrir Kína – fyrst að við erum komin svona langt. Venjulega spilum við bara myndina og það tekur líkamlega á – það eru til dæmis hraðir trommukaflar og maður er algjörlega búinn á því. Þetta er smá eins og að fara í ræktina – yfirleitt er það bara meira en nóg fyrir okkur. Þannig að við erum í rosa góðu formi og maður þarf líka alveg að passa sig að taka nokkrar armbeygjur á dag til að vera í nógu góðu formi til að halda þetta út.“

Amiina spilar Fantomas á Húrra í kvöld og annað kvöld. Plötuna Fantomas, sem hefur verið að fá glimrandi dóma hjá gagnrýnendum, er hægt að kaupa meðal annars á vefsíðu sveitarinnar amiina.com.

**stefanthor@frettabladid.is**

Félagsráðgjafafélag Íslands
HÁSKÓLI ÍSLANDS FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD
RBF
FORSA Ís-Forsa

FÉLAGSRÁÐGJAFAÞING

Nýsköpun í félagsráðgjöf

Hilton Reykjavik Nordica
Föstudag 24. febrúar 2017
KL.12:30-17:00

BARNAVERND
AÐ LIFA MEÐ HIV
BÖRN EINSTÆÐRA FORELDRA
BÖRN AF ERLENDUM UPPRUNA
BÖRN Í ÁBYRGÐARHLUTVERKUM
FÉLAGSÞJÓNUSTA OG HAMFARIR
SKÓLASÓKN GRUNNSKÓLABARNA
SAMKYNHNEIGÐIR FÓSTURFORELDRAR
SKAÐAMINNKANDI NÁLGUN Í ÞJÓNUSTU
BJARKARHLÍÐ- MIÐSTÖÐ BROTAÞOLA OFBELDIS
ÞJÓNUSTA Á HEIMILUM ALDRAÐRA OG FATLAÐRA

Við minnum á að þingið er öllum opið!
Dagskrá og skráning á www.felagsradgjof.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Vélsleðar
Varahlutir og aukahlutir
Gates
Vélsleðareimar
G-Force
CVT Reimar
Vision X
Global Lighting Systems
YUASA
Original rafgeymar í vélsleða
Rafgeymar í vélsleða
VisionX ljóskastarar á vélsleða
ARCTIC CAT
SEA-DOO
SKI-DOO
ROTAX
Kawasaki
POLARIS
SEA-DOO
HONDA
SUZUKI
ski-doo
YAMAHA
Yuasa rafgeymar eru original rafgeymar í alla vélsleða og mótorhjól.
Yuasa rafgeymar hafa meiri orku, þurfa minna viðhald og endast lengur.
Yuasa rafgeymar hafa orkuna þegar á reynir.
Stilling
Allt fyrir vélsleðann
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**Bakþankar**



Jónu Hrannar Bolladóttur

# Hún undirbjó dauða sinn

Í síðustu viku jarðsöng ég Hólmfríði Sigurðardóttur frá Hlíð í Garðahverfi. Hólmfríður var fædd árið 1925 og skildi eftir sig mikið ævistarf. Hún var bóndi og húsmóðir sem eignaðist tvo syni með eiginmanni sínum Kristni Gíslasyni.

Hólmfríður hlúði að öllu sem henni var trúað fyrir, hún þekkti allar sínar kindur með nafni og ræddi við þær þegar hún gaf á garðann, hundarnir á bænum, Perla og Tása, fylgdu henni hvert fótmál og aldraðir tengdaforeldrar bjuggu á heimili hennar í sinni elli. Hólmfríður var líka ein af þeim sterku konum sem gengu fram í Garðahreppi og komu í veg fyrir að rústir Garðakirkju yrðu nýttar í uppfyllingu og tók virkan þátt í að reisa kirkjuna að nýju. Árum saman sinnti hún svo kirkjuvörslu af mikilli umhyggju.

Þegar þessi merkilega ættmóðir lést fundu afkomendur þykkt bréf í herberginu hennar þar sem hún hafði skrifað æviágripið sitt, valið prest til útfararþjónustu, raðað allri tónlist og sálmum á blað, sett niður líkmenn og kveðið skýrt á um skoðanir sínar á erfidrykkjum um leið og hún minnti á frátekið grafarstæði í Garðakirkjugarði. Hólmfríður hafði margoft undirbúið Garðakirkju undir útfarir og tekið á móti syrgjandi ástvinum sem komu til kveðjustundar og fyrir henni var það hluti af lífinu að undirbúa dauðann af sömu fyrirhyggju og alúð og hún umvafði öll önnur verkefni lífsins.

Memento mori – var sagt í Rómaveldi til forna; Mundu að þú munt deyja. Ég fékk leyfi ástvina til að deila sögu Hólmfríðar Sigurðardóttur því í mínum huga ber hún vitni um visku genginna kynslóða sem við höfum ekki efni á að glata: Sá sem telur daga sína öðlast viturt hjarta.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland






*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.
BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS